



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. október 2006 – 277. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Börn í Suður-Kóreu

Leikstjórinn Ragnar Bragason ferðast víða um heim með nýjustu mynd sína.

FÓLK 38



Óhreint andrúmsloft

„Sjálftæðisflokkurinn þarf að leggja spilin á borðið til að hreinsa andrúmsloftið sem þögn hans skapar,” segir Össur Skarphéðinsson.

Í DAG 20

Vasi Gheorghe þenur nikkuna

Segir rúmensku harmónikumafíuna hvergi nærri á Íslandi.

TILVERAN 16




Akureyri náði jafntefli

Haukar og Akureyri skildu jöfn í DHL-deild karla í handbolta í gær, 34-34, í hörkuleik.

ÍPRÓTTIR 72



VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL VESTAN TIL - Í dag verður yfirleitt stíf norðaustanátt, 8-15 m/s, hvassast vestan til og á Suðausturlandi. Léttskýjað á landinu vestanverðu eftir hádegi og rofar smám saman til syðra. El norðaustan til. Hiti 0-7 stig, svalast nyrðra.

VEDUR 4

Ráðherra gagnrýnir Samkeppniseftirlitið

Landbúnaðarráðherra ætlar ekki að beita sér fyrir breytingum á búvörulögum. Hann segir Samkeppniseftirlitið hafa sett upp pólitísk gleraugu. Framkvæmdastjóri Mjólkú segir að verið sé að lögleiða refsiverða háttsemi.

LANDBÚNAÐUR Mjólkuriðnaðurinn verður áfram undanþeginn samkeppnislögum, þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið hafi hvatt til þess að búvörulögum yrði breytt þannig að svo yrði ekki. Í úrskurði eftirlitsins segir að það sé á engan hátt eðlilegt að veita fyrirtækjum mjólkuriðnaðarins óskilyrta undanþágu sem öllu jöfnu hafi alvarlegar samkeppnishömlur í för með sér.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segir að það hafi verið niðurstaða Alþingis að hafa kerfið svona og að hana beri að virða. „Ég hygg að Samkeppniseftirlitið hafi sett upp pólitísk gleraugu. Þessi löggjöf hefur staðið mjög lengi og reynst vel. Þar má nefna opinbera verðlagningu sem mjólkuriðnaðurinn býr við þar sem ASÍ og BSRB koma að málum við að verðleggja vörurnar. Svo er það hitt sem mér finnst skipta miklu máli og snýr að jafnræði í smásluverslun milli stórra og lítilla

„Ég hygg að samkeppniseftirlitið hafi sett upp pólitísk gleraugu.

GUÐNI ÁGÚSTSSON
LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA

aðila. Svo er auðvitað hagræðing í verkaskiptingu milli mjólkurbúanna.“ Guðni segir að mjólkuriðnaðurinn hafi hækkað verð á vörum sínum minna en aðrir geirar á undanförunum árum og að einsýnt sé að verðstöðvun sem hann ætli að taka á sig sem hluta af aðgerðum til að lækka matvælavæðingunni.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir eftirlitið ekki hafa farið út fyrir verksvið sitt með úrskurðinum. „Samkvæmt 18. grein samkeppnislaga ber eftirlitinu að vekja athygli á því þegar lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eru andstæð markmiðum samkeppnislaganna

eða til þess fallin að hindra samkeppni.“

Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólkú, segist gáttáður á viðbrögðum landbúnaðarráðherra. „Ég skil ekki af hverju það þarf að vernda mjólkuriðnaðinn umfram önnur matvælafyrirtæki. Móum og Reykjagarði, kjúklingafyrirtækjum sem keppa á markaði, var ekki heimilt að sameinast vegna þess að menn töldu það brjóta gegn hagsmunum neytenda. Þess vegna skýtur þetta skökku við og maður skilur ekki hvaða hagsmunir liggja að baki.“ Ólafur segir það hafa sýnt sig í öllum hinum vestræna heimi að samkeppni skili neytendum langbestum árangri. „Það getur ekki verið eðlilegt að lögleiða refsiverða háttsemi í einni grein á meðan aðrir menn eru dregnir fyrir dómstóla og jafnvel settir í fangelsi fyrir athæfi eins og verðsamráð og markaðsskiptingu.“



SPRENGJAN AFTENGD Sprengjunum var varpað á Hannover árið 1943.

Miðborg Hannover rýmd:

Fundu sprengjur úr heimsstyrjöld

ÞÝSKALAND, AP Tuttugu og tvö þúsund íbúar Hannover-borgar í Þýskalandi voru látnir rýma heimili sín í gær á meðan þrjár sprengjur síðan úr seinni heimsstyrjöldinni voru aftengdar og fjarlægðar. Sprengjurnar, sem hafði verið varpað á borgina í október árið 1943, fundust með hjálp loftmynda.

Ein þeirra var óvirk fyrir en hinar tvær voru gerðar óvirkar. Sprengjur úr seinni heimsstyrjöldinni finnast reglulega í Þýskalandi.

- sps

Var úrskurðaður látinn:

Finni reis upp frá dauðum

FINNLAND Maður sem hafði verið úrskurðaður látinn og átti að fara í líkhúsið vaknaði aftur til lífsins í borginni Tampere í Finnlandi fyrir nokkrum vikum. Þetta kemur fram í finnska dagblaðinu Helsingin Sanomat.

Maðurinn, sem var tæplega fimmtugur, fannst meðvitundarlaus á aðaltorginu í Tampere. Sjúkrabíll var kallaður á staðinn og hófust tilraunir til að blása lífi í hann. Eftir hálf tíma hafði hjartað stöðvast og björgunarliðið gafst upp að læknisráði.

Þegar flytja átti manninn í líkhúsið opnaði lögreglumaður líkpokann fyrir tilviljun og komst þá að því að maðurinn var farinn að anda. Hann var þegar í stað sendur á sjúkrahús.

- ghs



HEILL Á HÚFI Agatha Agnarsdóttir kyssir páfagaukinn Sesselju eftir að slökkvilið bjargaði honum úr sjálfheldu uppi í tré. „Það eru allir velkomnir í okkar hús, jafnt menn sem málleysingjar,” sagði talsmaður slökkviliðsins eftir björgunina. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sóttu páfagauk með körfubíl

BJÖRGUN Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bjargaði páfagauki úr tré í gærkvöldi. Fuglinn sat fastur uppi í trénu þegar slökkvilið kom á vettvang og náði honum niður með körfubíl. Björgunin heppnaðist vel í alla staði.


Sesselja, sem er páfagaukur af tegundinni Ara Macao, flógraði burt frá eiganda sínum, Agóthu Agnarsdóttur, þegar Agatha var á leið með fuglinn út í búrið hans. Flögrinu lauk í tré við næstu götu og sat fuglinn þar í sjálfheldu, enda gróðurinn of þéttur fyrir vænghaf fuglsins. Að endingu þurfti að hringja á slökkviliðið, sem brást skjótt við og

kom á staðinn með fjörutíu tonna körfubíl.

„Hún var orðin rennblaut og skelfingu lostin þegar við náðum henni úr trénu,” segir Agatha. „Hún hefði getað fengið lungnabólgu í þessari rigningu. Þetta gerir hún örugglega ekki aftur í bráð. Ég er afskaplega þakklát slökkviliðinu, þetta hefði ekki verið hægt án þess.“ Agatha segir að þó að fugl á borð við Sesselju kosti sitt sé tilfinningalegt virði hans mun meira.

„Það eru allir velkomnir í okkar hús, jafnt menn sem málleysingjar,” sagði talsmaður Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eftir björgunina.

- sps



TÍSKU TEYMI
fagmennska í tísku
- lausnir fyrir alla

Tískuteymi Samtaka iðnaðarins
taka þátt í sýningunni KONAN
í Laugardalshöll 20. - 22. okt. nk.
Kynntu þér málið á
www.meistarinn.is



Sigurjón, á þá að bólusetja ungmenni með veikari útgáfu af vímuefnum?

„Nei, það á að bólusetja þau með skilaboðunum að þau verði ekki hörð og rík af vímuefnum, heldur blönd og slöpp.“

Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sagði í ræðu sinni á Alþingi að mikilvægt væri að bólusetja ungmenni gegn lögungun í vímuefni.

Hlutafélag um framtíðarþróun varnarsvæðisins í undirbúningi:

Fyrirtæki sýna svæðinu áhuga

VARNARLIÐSSVÆÐIÐ Hlutafélag um framtíðarþróun varnarsvæðisins á Reykjanesi verður stofnað á næstu dögum og hafa sveitarfélögin tilnefnt sinn fulltrúa í stjórn félagsins að ósk ríkisins.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, hefur verið skipaður einn af þremur fulltrúum í stjórn félagsins og er Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri í Sandgerði, varamaður hans. Óánægja er meðal sveitarstjórnarmanna á Reykjanesi með að fá aðeins einn aðalfulltrúa í stjórnina.

„Sveitarfélögin höfðu talið æskilegt að eiga fleiri fulltrúar í

stjórninni en það er kannski erfitt þegar þetta er bara þriggja manna stjórn,“ segir Árni.

Verið er að ganga frá stofnun hlutafélagsins á næstu dögum og skipa í stjórnina en Árni segir ekki vitað hvert nafn félagsins verður.

Hlutverk hlutafélagsins er að sinna hreinsun svæðisins, viðhaldi mannvirkja og undirbúningi að leigu eða sölu fasteigna á svæðinu.

Árni segir að fjöldi manna hafi sýnt verkefni áhuga, til dæmis fyrirtæki sem velti fyrir sér að flytja starfsemi sína á þetta svæði. „Það eru margir að velta vöngum,“ segir hann.

- ghs



SINNIR FRAMTÍÐARÞRÓUN Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, verður í stjórn hlutafélags um framtíðarþróun varnarsvæðisins. „Það eru margir að velta vöngum,“ segir hann.

Landvernd:

Mótmælir hálandishóтели

UMHVERFISMÁL Landvernd telur að í breytingartillögu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands sem samvinnunefnd um framtíð svæðisins hefur sett fram sé gert ráð fyrir því að reist verði afþreyingarhótel í nágrenni Langjökuls. Samtökin segja slíka breytingu á skipulaginu afar óheppilega nú þegar að allt útliit sé fyrir að samvinnunefndin verði lögð niður og stefnumörkun miðhálandisins færð undir umhverfisráðherra. Landvernd vill að hálandið verði gert að gríðasvæði og telur að áform um hóteli á miðhálandinu yrðu afar umdeild.

- þsj



SÁ 200 MILLJÓNASTI Robert K. Woo er tvö hundruð milljónasti Bandaríkjamadurinn. Hann er fæddur árið 1967.

Mannfjöldaáfangi vestra:

Íbúarnir orðnir 300 milljónir

BANDARÍKIN, AP Bandaríkjamenn verða orðnir þrjú hundruð milljón talsins á morgun. Samkvæmt spá manntalsskrifstofunnar þar í landi, sem gerir ráð fyrir einum nýjum Bandaríkjamanni á ellefu sekúnda fresti, mun sá þrjú hundruð milljónasti birtast um hádegi á morgun að íslenskum tíma.

Áfanganum hefur verið misvel tekið. Umhverfissinnar segja enga ástæðu til að fagna honum því auðlindir landsins séu takmarkaðar og með aukinni fjölgun fái hver landsmaður minni skerf af kökunni. Til samanburðar má geta að íbúar Evrópu eru rúmar sjö hundruð milljónir.

- sps

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tekinn á 160 km hraða

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði öku mann á þritugsaldri á 160 kílómetra hraða á laugardagskvöld. Hann má búast við sviptingu ökuréttinda og fær auk þess háa fjáreftir fyrir athæfið.

ÍSRAEL

Mæla með ákæru

Ísraelska lögreglan hefur lagt til að Moshe Katsav, forseti Ísraels, verði ákærður fyrir nauðgun. Katsav er sagður hafa þvingað fyrrum starfsmann sinn til samræðis fyrr á árinu.

Segir símann sinn hafa verið hleraðan

Árni Páll Arnason, fyrrverandi starfsmaður utanríkisráðuneytisins, var varaður við því að sími hans væri hleraður vorið 1995 og tók hann tillit til þess. Þegar hann talaði „aðeins ógætlega“ nokkru síðar var hann aftur varaður við.


VARNARMÁL Árni Páll Arnason, fyrrverandi starfsmaður varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sagði í Silfri Egils í gær að hann hefði orðið þess áskynja á vormánuðum 1995 og honum gert viðvart um að það væri fylgst með honum og þá væntanlega með símlerunum.

„Ég get sagt að mér var gert viðvart á vormánuðum 1995 um að það væri fylgst með mér. Það kom mér ekkert sérstaklega á óvart. Ég hafði alltaf gert ráð fyrir því að fylgst væri með mönnum eins og mér sem var starfandi á varnarmálaskrifstofunni og var að fara til starfa hjá Atlantshafsbandalaginu,“ segir Árni Páll.

Árni Páll segir að sér hafi tvívegis verið gert viðvart. Fyrsta viðvörðunin hafi orðið til þess að hann hafi gætt orða sinna en síðan hafi komið að því að hann hafi talað „aðeins ógætlega um þetta mál í síma og þá var aftur haft samband við mig og ítrekað við mig að ég ætti að taka þetta alvarlega. Þetta get ég sagt og meira get ég ekki sagt,“ segir hann.

Árni Páll segir að það hafi verið Íslendingur sem hafi tilkynnt honum að fylgst væri með honum en vill ekki segja neitt meira um það. „Ég veit ekki hver var að hlera mig, mér var aldrei sagt það,“ sagði hann og bætti jafnframt við að mönnum væri hér hegnt fyrir það eitt að skrifa smásögur.

Árni Páll segir að auðvitað sé öryggiseftirlit í landinu og ýmis rök séu fyrir því „sem Björn Bjarnason hefur sagt, að við eigum



KOM EKKI Á ÓVART Fyrrverandi starfsmaður varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Árni Páll Arnason hdl., segir hafa orðið þess áskynja og verið varaður við því árið 1995 að fylgst væri með honum og sími hans hugsanlega hleraður. Hann segir að það hafi ekki komið sér á óvart.

að byggja upp leynipjónustustarfsemi í landinu til lengri tíma litið.“ Árni Páll hvetur til hreinskiptni og heidarleika gagnvart fortíðinni.

Fulltrúar Íslendinga hafa verið í Bandaríkjunum að undanförunu að ganga frá ýmsum óhnýttum endum í tengslum við varnarmál þjóðanna. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, segir að í Washington-viðræðunum hafi verið tryggt snurðulaus samskipti

milli lögregluþyrvalda Íslendinga og Bandaríkjamanna og Landhelgisgæslunnar og bandarísku strandgæslunnar.

„Að því er hana varðar lítum við sérstaklega til stöðvar gæslunnar í Boston vegna aðgerða á Norður-Atlantshafi og einnig til samstarfs við Kanadamenn og Breta,“ segir hann og bætir við að tengsl Íslendinga við herstjórnina í Stuttgart yrðu á vegum utanríkisráðuneytisins. ghs@frettabladid.is

Mannrán í Afganistan:

Ítölskum ljósmyndara rænt

AFGANISTAN, AP Ítölskum fréttaljósmyndara og aðstoðarmanni hans var rænt í Afganistan á laugardag.



GABRIELLO TORSELLO Að sögn vitna var maðurinn, Gabiello Torsello, á leið til borgarinnar Kandahar ásamt afgangskum túlki þegar fimm vopnaðir menn réðust á bil þeirra og tóku þá höndum. Talsmaður talibana í Suður-Afganistan segir hermenn hreyfingarinnar ekki tengjast mannráningu.

Fyrir viku voru tveir þýskir blaðamenn myrtir í norðurhluta Afganistan. Þeir eru fyrstu erlendu blaðamennirnir sem eru myrtir í landinu síðan 2001.

- sps

Skemmdarverk á Spáni:

Mörg þúsund minkar á flóttu

SPÁNN, AP Skemmdarvargar brutust inn í þrjú minkabú í norðausturhluta Spánar á laugardag og létu yfir fimmtán þúsund minka lausa úr búrum sínum. Lögregla telur líklegt að þrjátarnir séu herskáir dýravernundunarsinnar.

Eigandi eins minkabúsins segir flesta þeirra minka sem sluppu munu drepast úr hungri á næstu dögum þar sem þeir kunni ekki að veiða sér til matar. Því hafi dýrunum enginn greiði verið gerður með því að sleppa þeim.

- sps

PAKISTAN

Skrá Afgana

Yfirvöld í Pakistan eru í fyrsta sinn byrjuð að skrá alla Afgana sem búa í landinu. Tilgangur herferðarinnar er að hafa auga með þeim mikla fjölda afganska flóttamanna sem býr í Pakistan.

Hvalstöðin í Hvalfirði er orðin starfhæf og vélar Hvals 9 verða prófaðar í vikunni:

Að mestu búíð að manna skipið

SJÁVARÚTVEGUR Hvalveiðiskipið Hvalur 9 er tilbúið og í startholunum, að sögn Kristjáns Loftssonar, forstjóra Hvals hf. Hann segir að ekki sé búíð að taka ákvörðun um það hvort eða hvenær skipið færi til veiða.

„Við ætlum að prófa vélarnar í vikunni. En svo verðum við bara að sjá til eftir helgina hvernig þetta verður.“

Kristján segir að búíð sé að manna skipið að mestu og því sé hægt að fara út til veiða með skömmum fyrirvara. „Við erum með nógu marga menn tilbúna til að hlaupa inn ef eitthvað gerist á næstunni.“

Kristján segir Hvalstöðina í Hvalfirði vera komna í starfhæft ástand þó hún sé ekki orðin alveg hundrað prósent.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að ákvörðun um heimild til hvalveiða liggja enn ekki fyrir.

„Það eina sem ég get sagt er að þessi helgi hefur liðið án nokkurra ákvarðana. En maður veit aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér. Hvalveiðar eru auðvitað á dagskránni eins og ég hef alltaf sagt. En ákvörðunin er ekki komin.“



HVALUR 9 Til stendur að prófa vélar skipsins í vikunni en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær veiðar hefjast að nýju. Einar vildi ekki segja til um hvenær niðurstöðu í málinu væri að vænta.

- þsj

KANADÍSK MENNINGAR-HÁTÍÐ

14.-22. OKTÓBER 2006

RED SKY OG BARKASÖNGVARARNIR TRACY BROWN OG KENDRA TAGOONA Í SALNUM

Dansævintýrið Söngur hreindýranna eftir Tomson Highway og Rick Sacks í flutningi Red Sky. Barkasöngur, trommudans, ayaya-söngur og ýmsir aldagamlir leikir forfeðranna í flutningi barkasöngvaranna Tracy Brown og Kendra Tagoona. Lifandi og skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna!

Miðvikudaginn 18. október kl. 20
Fimmtudaginn 19. október kl. 20

Miðasala og nánari upplýsingar á www.salurinn.is og í síma 5 700 400

AP Almannatengill / HZ Hönnun

GLITNIR

VÆG
LIG
NÁ ÁRANGRI...

... Í SPARNAÐI

Prískiptur sparnaður Glitnis

VARASPARNAÐUR (0-3 ár)

– til að mæta óvæntum fjárútlátum, t.d. ef bíllinn bilar eða húsnæðið þarfnast viðgerðar. Og já, líka ef börnin þurfa tannréttingar.

NEYSLUSPARNAÐUR (1-5 ár)

– til að safna fyrir öllu því sem hugurinn girnist, t.d. húsgögnum, heimilistækjum og utanlandsferðum. Eða bara fyrir því sem þú vilt!

LANGTÍMASPARNAÐUR (5 ár+)

– til að byggja upp fjárhagslega velgengi í framtíðinni, t.d. kaupa betra húsnæði eða sumarhús, fara í heimsreiðu eða eiga fyrir menntun barnanna.

Ný aðferð til að ná betri árangri í sparnaði.
Farðu á www.glitnir.is og kláraðu málið!

FJÁRHAGSLEG VELGENNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

| GJALDMÍÐLAR | KAUP SALA |
|-----------------|---------------|
| Bandaríkjadalur | 68,07 68,39 |
| Sterlingspund | 126,71 127,33 |
| Evra | 85,40 85,88 |
| Dönsk króna | 11,455 11,523 |
| Norsk króna | 10,119 10,179 |
| Sænsk króna | 9,225 9,279 |
| Japanskt jen | 0,5699 0,5733 |

| | |
|-----|--------------|
| SDR | 99,92 100,52 |
|-----|--------------|

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,2062
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný stjórn Kjördæmissambands Framsóknarflokksins var kjörin um helgina:

Átök urðu í formannskjöri

STJÓRNMÁL Átök urðu á Kjördæmissambands Framsóknarflokksins um helgina þegar kosið var um formann Kjördæmissambandsins í Suðurkjördæmi. Nýr formaður var kjörinn með aðeins fjögurra atkvæða mun.

Hildur Helga Gísladóttir, Hafnarfirði, fékk 71 atkvæði en Guðrún Helga Brynleifsdóttir, Seltjarnarnesi, fékk 67 atkvæði.

Starfsnefnd þingsins lagði til að þær yrðu báðar í stjórn og að Hildur Helga yrði formaður. Guðrún Helga hafði lýst yfir fyrr um daginn að hún vildi formennskuna og bauð sig því fram.

Sumir telja að í kjörinu hafi

kristallast átök milli fylkinga Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra, vinkonu Hildar Helgu, og Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra, vinkonu Guðrúnar Helgu. Hildur Helga segir það rangt.

Guðmundur Einarsson, formaður kjörnefndar, staðfestir að hann hafi verið gagnrýndur fyrir framkvæmd atkvæðagreiðslunnar en segir það á misskilningi byggt. „Þessir menn misskilja fundarskóp ef þeir halda að það sé hlutverk þeirra sem leggja fram tillögu“ segir hann.

Guðrún Helga vildi ekki tjá sig um málið og heldur ekki Jónínu. Ekki náðist í Siv.

- ghs



FÖR GEGN TILLÖGU KJÖRNEFNDAR Guðrún Helga Brynleifsdóttir, Seltjarnarnesi, gaf kost á sér til formennsku Kjördæmissambands Framsóknarflokksins á laugardag. Kjörnefnd hafði stungið upp á Hildi Helgu Gísladóttur, Hafnarfirði.

Harður jarðskjálfti á Hawaii:

Fannst um allan eyjaklasann

HAWAII, AP Jarðskjálfti sem bráðabirgðamæling sýndi að væri 6,3 á Richter-kvarða að styrkleika varð í gær við Hawaii. Skjálftinn fannst um allan eyjaklasann og olli jarðskriðu sem lokaði þjóðvegi.

Rafmagnslaust varð víða á Hawaii af sömu sökum, en engar fregnir höfðu borist af meiðslum á fólki, að sögn talsmanna almanna- varna. Trufanir á fjarskiptum gerðu hins vegar erfitt að fá staðfest hvort engan hefði sakað.

Jarðskjálftavakt bandarísku jarðvísindastofnunarinnar kvað bráðabirgðamælingu benda til að skjálftinn hefði verið 6,3 á Richter, og sterkasti eftirskjálftinn 5,8. - aa



BENEDIKT XVI PÁFI Nýju dýrlingarnir voru kynntir í Vatikaninu í gær.

Breytingar í Páfagarði: Fjórir teknir í dýrlingatölu

VATIKANÍÐ, AP Benedikt XVI páfi tók fjóra heilaga menn í dýrlingatölu í gær. Dýrlingarnir nýju eru frönsk kona sem stofnaði kvenna-háskóla í Bandaríkjunum, mexíkóskur biskup sem kenndi guðfræði þrátt fyrir hættu á ofsóknum, nanna sem studdi almenningskennslu fyrir ítalskar stúlkur og ítalskur prestur sem hjálpaði heyrnarlausum.

Dýrlingar kaþólsku kirkjunnar eru um tíu þúsund talsins en nákvæm tala þeirra er ekki þekkt. Eini íslenski dýrlingurinn er Þorlákur helgi Þórhallsson, sem Þorláksmessa er kennd við. - sps

Kartöflur í Bónus: Sumar blautar og gjörónýtar

VERSLUN Hluti þeirra kartafna sem Bónus-verslanirnar selja nú á tilboði var tekinn upp í bleytu og er ónýttur. Fréttablaðinu hafa borist kvartanir frá viðskiptavinum verslunarinnar sem keypt höfðu kartöflupoka en komist að því seinna að kartöflurnar væru óætar.

„Það er búið að fjarlægja flesta skemmdu pokana en því miður lentu sumir þeirra í búðunum,“ segir Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri Bónuss. „Þegar hundrað tonn af kartöflum komu á þessu verði geta alltaf slæðst með einhverjar skemmdar.“ - sps



Á VAKTINI Norður-kóreskir hermenn á vaktinni í gær við landamærin að Kína, nærri borgunum Sinuiju í N-Kóreu og Dandong í Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeining um framkvæmd refsiaðgerða gagn N-Kóreu

Prýst er á Kínverja að beita sér með virkari hætti í deilunni um kjarnorkuvopnatilraunir Norður-Kóreu. Aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands kveður N-Kóreustjórn segjast vilja að Kóreuskaginn verði kjarnorkuvopnalaus.

KÓREA, AP Alexander Alexejev, aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, fullyrti í gær að fulltrúar Norður-Kóreustjórnar segðust vilja að Kóreuskaginn yrði kjarnorkuvopnalaus svæði.

„Mér var ítrekað tjáð í Pyongyang að þeir styddu áframhald (sex hliða) viðræðnanna. Þeir styðja að Kóreuskaginn verði kjarnorkuvopnalaus,“ sagði Alexejev eftir fund með suður-kóreskum kollega sínum, Chun Yung-woo, í gær. Alexejev var í Pjongjang í síðustu viku og varð þar með fyrsti erlendi erindrekinn sem heimsótti norður-kóresku höfuðborgina eftir að meint kjarnorkuvopnatilraun var gerð þar fyrir viku.

Þótt öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafi samþykkt einróma um helgina að Norður-Kórea skuli sæta ströngum refsiaðgerðum fyrir að hafa gert meinta tilraunasprengingu með kjarnorkuvopn eru uppi mjög skiptar

skoðanir á því hvernig þeim skuli framfylgt.

Eitt af því sem mestur ágreiningur stendur um er hvort skora skuli á öll ríki heims að hafa eftirlit með öllum varningi sem fluttur er til og frá Norður-Kóreu, til að tryggja að engin óhefðbundin vopn eða íhlutir í langdrægar eldflaugar berist kommúnistastjórninni í Pjongjang.

Í lokayfirlýsingunni sem samstaða náðist um í öryggisráðinu var strikuð út setning sem heimilaði að leit væri gerð í varningi sem fluttur væri til og frá Norður-Kóreu. Það var gert



BOLTON OG WANG John Bolton, sendiherra Bandaríkjanna hjá SP, og kínverskur starfsbróðir hans Wang Guangya.

ad kröfu Kínverja, en langmest af þeim viðskiptum sem á annað borð eiga sér stað yfir norður-kóresku landamærin eru við Kína.

Japanir og Ástralal lýstu því yfir í gær að þeir myndu tafarlaust hefjast handa við að hrinda refsiaðgerðunum í framkvæmd, og ráðamenn beggja landa sögðust vera að íhuga að beita Norður-Kóreu enn harðari eigin aðgerðum. Suður-Kóreustjórn sagðist líka mundu koma refsiaðgerðunum til framkvæmda en sagði ekki hvernig hún hygðist gera það.

Bandaríski sendiherrann hjá Sameinuðu þjóðunum, John Bolton, skoraði í gær á Kínverja að grípa til harðari aðgerða. Stjórnvöld í Peking bæru „mikla ábyrgð“ á því að hafa áhrif á hegðun bandamanna sinna í Pjongjang. Bolton sagði kjarnorkuvopnatilraun Norður-Kóreumanna hafa verið „opinbera niðurlægingu“ fyrir Kínverja, eina bandamanninn sem Norður-Kóreumann ættu. auunn@frettabladid.is

BÍLL DAGSINS
ISUZU TROOPER 3.0 33"
Nýskr. 12.99 - Beinskiptur - Ekinn 110 þús. - Allt að 100% lán.

Verð 1.440.000.-

Ingvar Helgason **NOTAÐIR BÍLAR**
Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

KÖLNANDI VEDUR
Þá skellur það á, fyrsta alvöru haustfrostið. Það byrjar á Norurlandi í dag og í nótt verður víðast frost. Á morgun verður frost að deginum á norðanverðu landinu og aðra nótt talsvert næturfrost. Svona verður þetta þessa vinnuviku og verður einna kaldast seinnipartinn í vikunni ef ekki berst hlýtt loft að landinu, en ekki eru miklar líkur á því eins og horfumur eru þennan daginn.

VEDURHORFUR Í BORGinni Í DAG
Fremur stífl norðaustan átt. Léttir smám saman til. Hiti 0-4 stíg, svalast í kvöld.

um hádegi

| | | | | | |
|---------------|-----------------|-----------------|-----------------|------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 14°C heiðskirt | London | 18°C hálfskýjað | Alicante | 25°C skúr |
| Þórshöfn | 12°C alskýjað | Paris | 20°C heiðskirt | Mallorca | 22°C heiðskirt |
| Ósló | 14°C hálfskýjað | Frankfurt | 19°C heiðskirt | Algarve | 24°C alskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 19°C heiðskirt | Krit | 24°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 14°C heiðskirt | Berlín | 16°C heiðskirt | Las Palmas | 28°C hálfskýjað |

um hádegi

5-10 m/s en hvassara við suðausturströndina.

» á morgun

5-10 m/s, stífastur austan til.

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Hollt og gott á mánudegi

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur í kókóssósu
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Blandaðir ávextir í jarðaberjaskyri
- Romain salat
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Spelt pasta
- Ítalskt salat
- Heilhveiti pasta
- Salami salsa
- Kryddfeti í olíu
- Sólpurkaðir tómatar
- Ætíþistill
- Hýðishrísgrjón

...og margt fleira


Hollt & Gott



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
0.5 ltr. t2 með í kaupbæti.*

*Tilboðið gildir til 31. október.



Rúnar Gíslason
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur
kokkarnir.is



Kjöt & fisktorgið

Steinbítur

í kryddjurta- og sítrónulegi
með fersku grænmeti

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b.
10-15 mínútur við um 200°C eða steikt
á pönnu í um 20 mín.

TILBOÐ

989 kr/kg

Verð áður 1.355,-

Gildir 16. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



Spilar þú tölvuleiki?

| | |
|-----|-----|
| Já | 44% |
| Nei | 56% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Leikur þú á hljóðfæri?

Segðu skoðun þína á visir.is



Fredrik Reinfeldt ver orðstír ungrar ríkisstjórnar sinnar:

Verðum dæmd af verkunum

SVÍPJÓÐ Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra nýrrar ríkisstjórnar borgaraflokkanna í Svíþjóð, vildi sem minnst úr þeim hneykslismálum gera sem leiddu til afsagnar viðskiptaráðherrans í hinna rúmlega vikugömlu ríkisstjórn um helgina, er hann tjáði sig um málið í Helsinki í Finnlandi í fyrstu erlendu heimsókn sinni því hann tók við embætti.

„Árangursrík ríkisstjórn byggist á réttri stjórnarstefnu ... og í fyllingu tímans mun það einnig verða það sem kjósendur dæma hana út frá,“ tjáði Reinfeldt fréttamönnum eftir fundi með Törju Halonen Finnlandsforseta og Matti Vanhanen forsætisráðherra.

Stéttarfélag flutningaverkamanna, Transport, hefur ákveðið að kæra sænska menningarmálaráðherrann Stegö Chilo fyrir að hafa ráðið fólk í vinnu svart. Þetta ákvað stjórn félagsins í gær, að sögn Aftonbladet.



REINFELDT Einn ráðherra hættur og hart sótt að öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Chilo hefur ekki svarað gagnrýni í fjölmiðlum, ólíkt viðskiptaráðherra Maríu Borelius, sem sagði af sér á laugardag. Sú síðarnefnda viðurkenndi að hafa ráðið fólk til hringninga heima hjá sér svart á tímabilinu 1990-2000, en hún hefði aldrei farið leynt með það á sínum pólitíska ferli. Chilo er líka gagnrýnd fyrir að hafa trassað að greiða afnotagjöld sænska ríkisútvarpsins.

- aa/ghs

Kosið um reykingabann:

Barátta tóbaksfyrirtækja dýr

BANDARÍKIN, AP Tvö stærstu tóbaksfyrirtækin í Bandaríkjunum eyða nú ógrynni fjár til þess að berjast gegn því að kjósendur í fimm ríkjum Bandaríkjanna samþykki reykingabann í kosningum sem haldnar verða jafnhliða þingkosningum 7. nóvember næstkomandi.

Fyrirtækin tvö, sem eru Philip Morris USA og RJ Reynolds Tobacco, hafa í Kaliforníu einni nú þegar varið meira en 54 milljónum dala í þessa kosningabaráttu sína.

Auk Kaliforníu kjósa íbúar í Missouri, Suður-Dakóta, Arizona og Ohio um einhvers konar útfærslu á reykingabanni.

- gb

Málþing:

SKIPULAG OG BÚSETUÞRÓUN Í DREIFBÝLI

- Er íslensku bújörðinni ógnað?
- Jákvæð þróun eða ógnun?
- Hver eru áhrif frístundabyggðar og annarrar búsetu í dreifbýli?

Miðvikudagur 18. október kl. 13:00-16:30

Landbúnaðarháskóli Íslands, Ásgarði, Hvanneyri

Gríðarlegar breytingar virðast nú eiga sér stað á búsetu og eignarhaldi jarða í dreifbýli. Landnotkun breytist ört og verð á jarðnaði hækkar víða mjög mikið. Bújörðum er núna víða skipt upp í smærri skika til annarra landnota en áður. Þessi þróun hefur áhrif á möguleika til áframhaldandi notkunar á landi til landbúnaðar og það vakna margar spurningar. Þar má nefna hvort ríkið eigi að láta sig varða hvort land sé tekið úr landbúnaðarnotum? Jafnframt hefur hagur margra landeigenda og seljenda batnað mikið á sama tíma og erfiðara er að festa kaup á jarðnaði til búskapar. Mikilvægt er að þjóðfélagið hafi yfirsýn yfir þessar breytingar og meti áhrif þeirra gildi fyrir búsetu í landinu til framtíðar.

Ráðstefnunni er ætlað að beina athyglinni að þessum málaflokki þannig að staða hans skýrist.

Dagskrá

- 13:00** Setning og stutt yfirlit um þróun. *Ágúst Sigurðsson*, rektor Lbhí.
- 13:10** Kaup og sala landbúnaðareigna í Noregi. *Solve Bærug*, Universitetet for miljø- og biovitenskap (UMB), Ási, Noregi.
- 13:40** Landbúnaður, byggðapróun og jarðalög. *Atli Már Ingólfsson*, lögfræðingur, landbúnaðarráðuneytinu.
- 14:00** Skipulagsáætlanir og breytingar á búsetu. *Stefán Thors*, skipulagsstjóri.
- 14:20** Kaffihlé
- 14:50** Byggðir Borgarfjarðar. *Torfi Jóhannesson*, formaður skipulags- og Byggingarnefndar.
- 15:10** Fasteignamarkaður í dreifbýli: Jákvæðar eða neikvæðar breytingar. *Magnús Leóoldsson*, fasteignasali.
- 15:30** Pallborðsumræður. Frummælendur og fleiri fulltrúar sitja fyrir svörum.
- 16:25** Ráðstefnuslit – samantekt. *Ólafur Arnalds*.

Ráðstefnustjórar: Hafdís Hafliðadóttir (Skipulagsstofnun) og Margrét Hauksdóttir (Fasteignamat ríkisins).

Ráðstefnuna halda Landbúnaðarháskóli Íslands, Skipulagsstofnun og Fasteignamat ríkisins í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, landbúnaðarráðuneytið o.fl. aðila.

Þeir sem áhuga hafa geta keypt súpu og brauð í hádeginu á Hvanneyri. Vinsamlega látið vita fyrir kl. 13 þriðjudaginn 17. október til Margrétar Jónsdóttur á netfang margretj@lbi.is ef óskað er eftir mat.



allt matur

Alla föstudaga



VERSUN KRÓNUNNAR Skoðanir eru skiptar um áhrifin af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til lækkunar matvælaferðs. Forstjóri Haga, Finnur Árnason, telur ljóst að áhrifin lækki verð um tæp tíu prósent en hagfræðingur hjá ASÍ telur verðlækkunina verða tólf til fimmtán prósent.

Telur matarverðið lækka um tíu prósent

Aðgerðir stjórnvalda lækka matarverð um níu til tíu prósent, að mati Haga, og lægri kjöttollar hafa ekki mikil áhrif til lækkunar. Forsætisráðuneytið vill engar nánari upplýsingar gefa fyrir en stjórnarfrumvarp verður lagt fram.

MATVÆLAVERÐ Finnur Árnason, forstjóri Haga, telur að það hafi ekki mikil áhrif þó að tollar á kjöti séu lækkaðir um allt að fjórutíu prósent þar sem innflutningsverndin sé mikil fyrir og breytist ekki mikið. Hann óskar eftir upplýsingum um það hvernig lækkunin á tollum á almennum kjötvörum sé hugsuð. „Nánari skýring á henni er ekki komin fram,“ segir hann.

Finnur hefur reiknað út að raunlækkun matvælaferðs verði 9,45 prósent, sé tekið tillit til niðurfellingar virðisaukaskatts og vörugjalda en segir óljóst hvernig kjöttollarnir komi út. Ekki sé búið að upplýsa að fullu um aðgerðina og þá eyðu þurfi að fylla upp í sem fyrst.

„Fyrsta mat okkar er að jafnvel þó að tollar í þessum flokki séu lækkaðir um fjórutíu prósent hafi það ekki mikil áhrif þar sem verndin er mjög mikil fyrir,“ segir hann.

„Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir alla að vita skiptinguna á þessum sextán prósentum. Það vantar meiri upplýsingar.“



FINNUR ÁRNASON, FORSTJÓRI HAGA

STEFÁN ÚLFARSSON, HAGFRÆÐINGUR HJÁ ASÍ

Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá ASÍ, segir að stjórnvöld þurfi að gefa nákvæma kortlagningu á því hvar aðgerðirnar eigi að hafa áhrif þannig að þeir aðilar sem eigi að hafa eftirlit með aðgerðunum fái formlegt hlutverk og nái að samræma sig til að aðgerðirnar skili tilætluðum árangri. ASÍ telur að aðgerðir ríkisstjórnarinnar geti lækkað verð um tólf til fimmtán prósent. Niður-

felling virðisaukaskatts gefi átta til níu prósent og niðurfelling vörugjalda tvö til þrjú prósent. Samtals gefi þetta ellefu prósent og þá sé spurning hvað lækkun kjöttolla gefi.

„Það er á mörkunum að aðgerðirnar dugi til að koma okkur niður í meðaltalsverðlag á Norðurlöndunum. Okkur sýnist óraunhæft að gera ráð fyrir meira en þriggja prósentu verðlækkun út úr tollalækkunum. Þetta hangir á bláþræði og stendur og fellur algjörlega með framkvæmdinni,“ segir Stefán.

Halldór Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, getur ekki gefið upplýsingar um það hvernig niðurfelling tolla á almennum kjötvörum er hugsuð og segir útreikningana flókna og aðeins til í fjármálaráðuneytinu. „Þessir útreikningar verða kynntir um leið og frumvarp ríkisstjórnarinnar til lækkunar matvælaferðs verður lagt fram,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

Samtök atvinnulífsins telja að matarverð lækki um tólf prósent:

Telja víst að allir tollar lækki

Samtök atvinnulífsins, SA, telja óljóst hvaða áhrif fyrirhuguð tollalækkun á matvæli hafi þar sem mikilvægar ákvarðanir um útfærslu hennar hafi ekki verið teknar. Ef allir tollar verði lækkaðir um fjórutíu prósent verði áhrifin mest á verði svínakjöts og kjúklinga.

Áhrif fyrirhugaðrar tollalækkunar á matvæli eru óljós þar sem mikilvægar ákvarðanir um útfærslu hennar hafa ekki verið teknar, að því að segir á vefsíðu samtakanna. Kynning málsins gefur þó ótvírátt til kynna að lækkunin eigi að hafa raunveruleg og marktæk áhrif á verðlag.

„Ef gengið er út frá því að allir tollar verði lækkaðir um 40 prósent má ætla að áhrifin verði mest á verð frá

framleiðendum svínakjöts og kjúklinga hér innan lands. Lauslega áætlað gætu áhrifin til lækkunar verðlags orðið 1,5 prósent og á vísitölu neysluverðs um 0,3 prósent. Svo virðist sem forsætisráðuneytið ætli að áhrif tollalækkunarinnar á vísitölu neysluverðs verði allt að 0,4 prósent, þannig að ganga verður út frá að 40 prósentu tollalækkun taki til allra vöruflokka,“ segir á vefsíðu SA.

Samtökin ætla að heildaráhrif aðgerða ríkisstjórnarinnar verði um tólf prósent og vísitala neysluverðs lækki um 2,2-2,3 prósent ef allar lækkanir skila sér í lækkun verðlags.

- ghs

BÍLALEIGUBÍLARNIR ERU LOKSINS KOMNIR!



* m.v. Bítasamning Glitnis í 84 mánuði með 10% útborgun.

ÚRVALSBÍLAR MEÐ 12 MÁNAÐA VIÐBÓTARÁBYRGÐ

Bíla­leigubí­larnir Yaris og Corolla, ásamt úrvali annarra bíla, eru loksins komnir í sölu hjá Toyota Betri Notuðum Bílum. Þeir hafa allir staðist strangt skoðunarferli okkar með glæsibrag og fara því í flokk Úrvalsbíla, með 12 mánaða viðbótarábyrgð.

Við bjóðum einnig sérkjör á fjármögnun, í samvinnu við Glitni, með lengri lánstíma og hærra lánshlutfalli.

Hafðu hraðann á því bíla­leigubí­larnir staldra jafnan stutt við.

Opið virka daga frá kl. 9 til 18 og laugardaga frá kl. 12 til 16.

BNB-sölugreining

Bí­larnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og við­haldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfur­nar lenda annað hvort í floknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTUÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
200 Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
700 Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL

Forsetakosningar fóru fram í Ekvador um helgina:


Vinstri maður sigurstranglekastur

EKVADOR, AP Íbúar Ekvador gengu til forsetakosninga í gær. Þrettán eru í framboði og segja skoðakannanir Rafael Correa, vinstri maður og fyrrum viðskiptaráðherra landsins, líklegastan til sigurs. Fulltrúi hægri manna í kosningunum er ríkasti maður Ekvadors, Alvaro Noboa. Ekvadorar hafa hrakið þrjá seinustu forseta sína frá völdum.

Til þess að hljóta afdráttarlausan sigur í kosningunum þarf frambjóðandi að fá yfir fjórutíu prósent atkvæða. Nái því enginn verður kosið á milli tveggja efstu manna úr kosningunum í gær þann 26. nóvember.

- sps

KJÓSENDUM VEIÐAF
Rafael Correa veifar stuðningsmönnum sínum áður en hann greiðir atkvæði sitt.



Erlendar konur ekki með félagslegt net

Hátt í helmingur kvenna sem komu til dvalar í Kvænnaathvarfinu í fyrra voru af erlendum uppruna. Erlendar konur sem verða fórnarlömb ofbeldis hafa færri staði til að snúa sér á, segir framkvæmdastjóri Kvænnaathvarfsins.

OFBELDI Um 40 prósent kvenna sem komu til dvalar í Kvænnaathvarfið í fyrra voru af erlendum uppruna að sögn Sigbrúðar Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvænnaathvarfsins. „Þetta er gífurlega hátt hlutfall. Ástæðuna fyrir því má sennilega rekja til þess að þær hafa í minna mæli félagslegt net í kringum sig sem þær geta leitað í. Íslenskar konur geta frekar farið til foreldra, systkina eða vina.“

Í fyrra voru 6.162 konur með erlent ríkisfang hérlendis sem eru um fjögur prósent af öllum konum á Íslandi.

Maður var í vikunni dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir hrottalegt ofbeldi gagnvart tveimur fyrrverandi sambýliskonum sínum sem eru af erlendum uppruna. Í dómsniðurstöðu segir að brotin hafi verið sérlega hrottafengin. Maðurinn hafi misnotað sér aðstöðu sína gagnvart konunum og að þær voru honum háðar. Þá sérstaklega önnur þeirra þar sem vandamenn hennar voru erlendis og hún ekki mælandi á íslensku. Teljast árástir ákærða á hana vera sérstaklega svívirðilegar þar sem þær voru liður í því að kúga hana og undiroka.

Sigbrúður segir allan gang á því úr hvernig aðstöðum erlendu konurnar séu að koma sem leita sér aðstoðar í Kvænnaathvarfinu. „Sumar konur flytjast hingað til

ERLENDAR KONUR SEM KOMA TIL DVALAR Í KVÆNNAATHVARFINU

| | |
|------|-----|
| 2002 | 22% |
| 2003 | 38% |
| 2004 | 30% |
| 2005 | 39% |

HLUTFALL OFBELDISMANNA AF ERLENDUM UPPRUNA

| | |
|------|-----|
| 2002 | 9% |
| 2003 | 8% |
| 2004 | 9% |
| 2005 | 11% |



HEIMILISOFBELDI Konur og börn geta leitað í Kvænnaathvarfið þegar dvöl í heimahúsum er óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis. Athvarfið er einnig fyrir konur sem hafa orðið fyrir nauðgun.

lands með eiginmönnum af sama þjóðerni sem beita þær ofbeldi. Sumar koma á eigin vegum og kynnast mönnum hérlendis sem beita þær ofbeldi. Við sjáum líka að konur koma hingað gagngert til þess að giftast mönnum sem reynast síðan vera ofbeldismenn.“

Sigbrúður segir almennt lítið um að konur kæri ofbeldi en ekki eru til tölur um hlutfall kæra frá erlendum konum.

„Af öllum þeim konum sem komu hingað í fyrra kærðu aðeins 13 prósent þeirra ofbeldismennina sem er ofsalega lág prósent.“ En fjölgun hefur þó átt sér stað þar

sem árið 2003 kærðu einungis sjö prósent þeirra kvenna sem komu í athvarfið.

Sigbrúður segir aðsóknina í Kvænnaathvarfið mjög sveiflukennda. „Einu skýranlegu sveiflurnar sem við sjáum fylgja í rauninni umræðunni í samfélaginu. Ef hún er mikil, til dæmis í kjölfar einhverrar herferðar, er gjarnan mikið um að konur komi til okkar.“

Af þeim konum sem koma í Kvænnaathvarfið fara um 28 prósent þeirra aftur til manna sinna í óbreytt ástand ofbeldis.

sdg@frettabladid.is

Skelltu þér með í freyðandi stuð í Dublin 19. október

Verð frá **39.900 kr.**
Bókaðu strax á www.plusferdir.is

Dublin



plús
FERDIR

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 3 nætur og íslensk fararstjórn.

Plusferdir · Lág múla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100

www.plusferdir.is

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIDVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Stækkaðu við þig fyrir aðeins
1.990.000 kr.



HAUST TILBOÐ Á VECTRA ELEGANCE

Þýska tímaritið Auto Bild valdi Opel bestu þýsku bílategundina í Þýskalandi árið 2006



Reynsla bíleiganda er að pláss sé dýrt. Nýr Opel Vectra hefur hámarksrými fyrir alla farþega en er í verðflokki með mun, smærri bílum. Í akstri gefur hann dýrari bílum ekkert eftir og öll hönnun er gjörbreytt með gæði og þægindi að leiðarljósi. Nú bjóðum við þennan frábæra bíl á hausttilboði. Komdu, keyrðu hann og kollvarpaðu fyrri hugmyndum þínum um Opel.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 S. 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00

Aukahlutir á mynd: áfrelgur

Hjá Hive kostar
8 Mb nettenging það
sama og 1 Mb
tenging hjá Símanum
eða Og Vodafone.

HiveLite 3.990 kr. á mánuði

Með Hive Lite færðu 8Mb nettengingu og 4 GB af erlendu niðrhali fyrir aðeins 3.990 krónur á mánuði. Fyrir sama pening færðu 1Mb tengingu hjá Símanum eða Og Vodafone. Það er óneitanlega ekkert gaman að borga sama verð fyrir átta sinnum hægari tengingu. Enda er það algjör óþarfi – sérstaklega þegar það er ekkert mál að skipta. **Hringdu í 414-1616 og fáðu meira fyrir peninginn.**

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is

Hive





FAGNA SIGRI Spænski ökuþórinni Toni Elias fagnar sigri á öxlum liðsstjóra síns, Cechinni, í MotoGP-kappakstrinum á Estoril-brautinni í Portúgal í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verið er að standsetja flugvél sem var nýtt í varahluti fyrir Pál Sveinsson:

Þristavinafélagið gerir upp gamla DC-3

FLUG Þristavinafélagið hyggst leita leiða til þess að gera upp DC-3 Dakota vél sem félagið á. Vélin var notuð í áætlunarflug hjá Flugfélagi Íslands fram til ársins 1974 en var þá lagt og hefur síðan verið nýtt í varahluti fyrir flugvél Landgræðslunnar, Pál Sveinsson, sem er af sömu gerð. Tómas Dagur Helgason, formaður Þristavina, segir ýmsa möguleika vera með nýtingu á TF-ISB ef hún verður gerð upp. „Ef við komum henni í flughæft ástand þá verða sett í hana farþegasæti og hún notuð í útsýnisflug. Við erum að skoða það núna hvort við förum í það eða gerum hana upp sem sýningargrip. Það veltur alfarið á því



TF-ISB Vélin var notuð í áætlunarflug hjá Flugfélagi Íslands fram til ársins 1974. Þristavinir vilja nú gera hana upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

hvernig okkur gengur að fjármagna viðgerðina.“ Þristavinir héldu opið hús um helgina þar sem gestum og gangandi gafst meðal annars kostur á að skoða vélarnar tvær jafnt að innan sem að utan.

Tómas segir að mikið verk sé fyrir höndum enda sé viðgerðin mjög kostnaðarsöm aðgerð. „Það er ekki komið alveg á hreint hvernig það verður fjármagnað. Við erum svoltítið að einbeita okkur að Páli Sveinssyni núna því að flugið á honum var minna í sumar en til stóð. Mörg fyrirtæki ætluðu að ganga til liðs við okkur við að græða landið en svo varð minna um efndir þegar á hólminn var komið.“ - þsj



GARMIN KEMUR ÞÉR Á SPOR RJÚPUNNAR

www.rs.is

Garmin GPSmap 60Cx

Eitt öflugasta staðsetningartækið fyrir veiði- og úti-vistarfólk. SIRF GPS móttakari, 64Mb Micro SD minnskubbur fyrir kort, mikið vegpunkta og ferilminni ásamt vegleiðisögutölvu. Fjólhæft tæki í bílinn, veiðina eða á fjallið.

eTrex Venture Cx

Minnsta kortatækið frá Garmin. Litaskjárinn í þessu fyrirferðalítla tæki er ótrúlega skýr og staðsetning takka er hönnuð til að auðvelda notkun í annarri hendi.



GPS kort, útgáfa 3.0. Íslandskort í Garmin tæki, 20 metra hæðarlínur, 40.000 örnefni, mikið magn hálandisslóða og margt fleira.



R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

Umboðsmenn | Akureyri: Haftækni · Blönduós: Krákur · Egilsstaðir: Bilanaust · Grundarfjörður: Mareind · Ísafjörður: Bensinstöðin
Reyðarfjörður: Veiðiflugan · Selfoss: Hársnyrtstofa Leifs · Vestmannaeyjar: Geisli · Reykjavík: Arctic Trucks, Bilanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útílf, Vesturrósti, Yamaha · Frihöfnin

550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



RÚSTIR EINAR Íraskur lögreglumaður stendur við leifar bifreiðar sem sprengd var í loft upp í gær. Októbermánuður hefur verið sérstaklega blóðugur í Írak, en hundruð Íraka og 54 bandarískir hermenn hafa látið lífið það sem af er mánuðinum.

Áttatíu og fjórir liggja í valnum eftir átök í Írak um helgina:

Sáttafundi frestað vegna trúarátaka

ÍRAK. AP Hörð átök milli trúarhópa urðu til þess að íraska ríkisstjórnin lét fresta fyrirhugaðri sáttafundi milli helstu stjórnmalaleiðtoga landsins um óákveðinn tíma. Að minnsta kosti áttatíu og fjórir létu lífið í hefndarárásum trúarhópa og sprengjuárásam uppreisnarmanna um helgina. Á meðal þeirra sem létust voru fimm bandarískir hermenn.

Í tilkynningu frá ráðuneyti innanlandssátta í Írak segir að ráðstefnunni hafi verið frestað „af óviðráðanlegum ástæðum“. Líklegt er talið að frestun ráðstefnunnar, sem átti að koma aðskildum stjórnmalamönnum að samninga-

borði, muni auka enn á tilraunir Nouri al-Maliki forsætisráðherra til þess að styrkja pólitískt samkomulag í landinu.

Hefndarárásir á milli sjáa og súnnía urðu að minnsta kosti sextíu og þremur að bana í borg norðan við Bagdad um helgina. Þar að auki létu ellefu lífið í sprengjuárásam á stúlknskóla og önnur skotmörk í borginni Kirkuk.

Októbermánuður hefur verið sérstaklega blóðugur í Írak, jafnvel á íraskan mælikvarða. Hundruð íraskra borgara og 54 bandarískir hermenn hafa beðið bana í árásum það sem af er mánuðinum.

- sþs

Ísland, Færeyjar og Grænland: Vilja skiptast á ræðismönnum

STJÓRNMÁL Þingmenn allra flokka vilja að Íslendingar, Færeyingar og Grænlandingar skiptist á ræðismönnum. Tillaga þingmannanna þar að lútandi er í samræmi við ályktun Vestnorræna ráðsins frá því í ágúst.

Í henni er mælt til að ríkisstjórnin vinni að málinu í samráði við landsstjórnir Færeyja og Grænlands.

Um leið eru löndin hvött til að koma sér upp sameiginlegum ræðismannaskrifstofum.

Halldór Blöndal Sjálfstæðisflokki er fyrsti flutningsmaður tillögunnar. - bps



FORSETI ÍSLANDS Fulltrúi Kanadastjórnar færði forseta Íslands og bæjarstjóra Kópavogs bók að gjöf við setninguna.

Listasafn Kópavogs:

Kanadísk menning- ingarhátíð

MENNINGARMÁL Kanadísk menning-
arhátíð hófst í Listasafni Kópavogs á laugardaginn. Gunnar I.

Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, setti hátíðina og í kjölfarið opnaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, þrjár myndlistasýningar í safninu þar sem list kanadískra frumbyggja er teft saman við vestrænar hefðir. Hátíðin stendur til 22. október og verða fjölmargir viðburðir haldnir á hennar vegum víðs vegar um Kópavog á næstu dögum. Bærinn stendur að hátíðinni í samvinnu við sendiráð Kanada á Íslandi. - þsj

Eitt fegursta hús borgarinnar:

Fríkirkjuvegur 11 settur á sölu

BORGARRÁÐ Ákvörðun hefur verið tekin um að selja Fríkirkjuveg 11. Þetta var samþykkt af borgarráði fyrir helgi. Húsið þykir eitt það fegursta í borginni og er kaup-sýslumaðurinn Björgólfur Thor Björgólfsson einn þeirra sem hafa lýst yfir áhuga á að kaupa það.

Vinstri græn gagnrýna áformin. Í bókun flokksins segir að húsið sé í Hallargarðinum, í miðju útivistarsvæði borgarbúa við Tjörnina. Mikilvægt sé að það þjóni almenningi áfram en sé ekki falbóðið auðstéttinni. Þar er einnig lagt til að starfsemi Íþrótt- og tómsundaráðs verði fremur flutt í húsið. - kdk



BREYTTUR JEPPI BREYTT VERÐ!

Það hefur aldrei verið hagstæðara að kaupa sér alvöru jeppa. Nú geturðu fengið sjálfskiptan Nissan Pathfinder Se með 35" breytingu frá Arctic Trucks* á frábæru verði og fylgir Garmin Nuvi 310 leiðsögutæki frítt með!

Nissan Pathfinder hefur slegið eftirminnilega í gegn og blandar hann skemmtilega saman krafti fjallajappa eins og þeir gerast albestir og lipurð flottustu götubíla. Með 35" sérhönnuðum breytingum eru gæði þessa afburða jeppa einfaldlega orðin enn meiri: Hann er áfram jafn þægilegur í akstri, bara skemmtilegri!

Nissan Pathfinder SE

Verð nú **5.350.000 kr.**

Verð áður ~~5.660.000 kr.~~

VERÐLÆKKUN!

NISSAN PATHFINDER



Pathfinder, alvöru jeppi á almennilegu verði!

*Kromgrind að framan ekki innifalin í verði.

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn
um land allt

Akranesi
431 1376

Akureyri
464 7940

Höfn í Hornafirði
478 1990

Njarðvík
421 8808

Reyðarfirði
474 1453

HALTU ÞÍNU STRIKI MED KB TEKJUVERND



STÆRSTI SÖFNUNARBAUKURINN
Samtökin Beit Al Khair í Sameinuðu arabísku furstadæmunum hafa sett upp þennan söfnunarbauk, sem þau segja að sé sá stærsti í heimi, í verslunarmiðstöð í Dubai. Söfnunin er fyrir hið stríðshrjáða land Líbanon. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Félag járníðnaðarmanna og Vélstjóraráfélag Íslands mynda eitt stærsta stéttarfélag landsins:

Vélstjórar og járníðnaðarmenn sameinast

VINNUMARKAÐUR Félag járníðnaðarmanna og Vélstjóraráfélag Íslands hafa sameinast í Félag vélstjóra og málmteknimanna. Nýja félagið verður eitt stærsta verkálfélag landsins.

Helgi Laxdal, fyrrverandi formaður Vélstjóraráfélagsins, verður formaður félagsins fyrstu níu mánuðina og Örn Friðriksson, fyrrum formaður Félags járníðnaðarmanna, tekur þá við og verður formaður í níu mánuði. Ekki verður kjörin ný stjórn fyrr en eftir eitt og hálf ár.

Kristín Hjálmarsdóttir, útgáfu- og kynningarfulltrúi VSFÍ, segir að þetta sé gert til að nýta reynslu

forystumanna féluginu til hagsbóta meðan sameiningin gengur yfir.

Haldin var samkeppni um nafn nýja félagsins. Vinningshafinn, sem átti hugmyndina að nafninu Félag vélstjóra og málmteknimanna, óskaði nafnleynar og gaf vinninginn, 150 þúsund krónur, í byggingu brunns í Afríku.

Kristín segir að svo skemmtilega vilji til að upphæðin dugi til þess að byggja brunn fyrir þorp með þrjú til fimm þúsund íbúum en það sé einmitt svipaður fjöldi og eru félagar í nýja félaginu.

- ghs



Í STAFNI Helgi Laxdal, fyrrverandi formaður Vélstjóraráfélags Íslands, verður formaður sameinaðs félags vélstjóra og málmteknimanna fyrstu níu mánuðina og þá tekur Örn Friðriksson, sem hefur verið formaður Félags járníðnaðarmanna við.

Réttindalaus ökumaður:

Lét sér ekki segjast

LÖGREGLUMÁL Þrír piltar voru stöðvaðir í Hörgárdal fyrir helgi við venjubundið eftirlit lögreglunnar á Akureyri. Í ljós kom að ökuréttindi bílstjórans voru útrunnin. Við leit í bifreiðinni fundust einnig fíkniefni sem og tæki og tól til neyslu þeirra. Piltarnir voru færðir á lögreglustöð. Þar kom í ljós að sá sem bílnum ók hafði verið stöðvaður af lögreglunni á Sauðárkróki klukkustund áður á ferð sinni um Skagafjörð.

Lögreglan hafði greint honum frá því að hann hefði ekki leyfi til að aka bíl en hann lét sér ekki segjast fyrr en á Akureyri. - kdk

Hannar tölvubúnað þar sem hægt er að stýra þeim tíma sem varið er á netinu:

Netfíklavörð væntanleg á markað

TÖLVUFÍKN Björn Harðarson sálfræðingur segir tölvufíkn mikið vandamál hér á landi en tölvufíkn er skilgreind ef 28 tímum eða meira er varið í tölvu á viku, og er þá miðað við tímann sem fer í tölvunotkun utan hefðbundis vinnu- eða skólatíma.

Björn er nú að þróa forrit með öryggisbúnaði sem getur virkað sem forvörn við netfíkn. „Í forritinu er hægt að setja inn hámarks tíma sem hægt er að vera á netinu og þannig geta foreldrar stýrt þeim tíma sem börnin verja í tölvunni.“

Björn segir mikilvægt að búa til greining-

arviðmið fyrir tölvufíkn en gott viðmið sé að börn og unglingar láti ekki aðra hluti sitja á hakanum eins og nám eða félagslíf vegna tölvunotkunar.

Björn segir aðkallandi verkefni að gera könnun í efri bekkjum grunnskóla um umfang vandans en það er sá aldursþópur sem ver mestum tíma í tölvuleiki.

„Þau börn og unglingar sem helst eiga á hættu að verða tölvufíklar eru þau sem í grunninn eru félagslega einangruð eða hafa lent í einelti.“

Besta meðferðin við tölvufíkn er að vinna í gegnum foreldra og að þeir aðstoði börn sín við að hætta og finni síðan aðrar leiðir til að drepa tímann.“ Björn segir þetta oft erfitt því mörg börn kunni ekki lengur að taka þátt í daglegu lífi eftir áralanga tölvunotkun. - hs



BJÖRN HARÐARSON



TÖLVULEIKUR Sífellt fleiri ungmenni eyða meiri og meiri tíma í tölvuleiki á netinu.



ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR
Hefur setið á þingi frá árinu 1995.

Ásta Ragnheiður: Býður sig fram í 4. sæti

STJÓRNMÁL Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir alþingismaður gefur kost á sér í 4. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, sem haldið verður 11. nóvember. Prófkjórið er sameiginlegt fyrir bæði Reykjavíkarkjördæmin og er þetta því sama sæti og hún fékk í prófkjöri flokksins fyrir síðustu þingkosningar þegar hún skipaði 2. sæti á listanum í Reykjavíkarkjördæmi suður. Ásta Ragnheiður hefur setið á þingi frá 1995 og lagt mikla áherslu á umbætur í félagsmálum, samgöngumálum og ferðamálum. - eð

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins: Ólöf gefur kost á sér í 2. sætið

STJÓRNMÁL Ólöf Nordal, framkvæmdastjóri Orkusölnunnar ehf. á Egilsstöðum, hefur ákveðið að gefa kost á sér í 2. sætið á framboðs-

lista Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi.

Ólöf er 39 ára lögfræðingur og hefur einnig lokið MBA-gráðu. Hún hefur gegnt ýmsum félags-

og trúnaðarstörfum og er nú formaður Sjálfstæðiskvænnafélagsins Auðar á Austurlandi.

Ólöf hefur meðal annars starfað hjá Landsvirkjum sem yfirmaður heildsöluviðskipta og síðar sem yfirmaður sölumála hjá RARIK. - hs



ÓLÖF NORDAL

Aðeins 1 króna fyrir börnin

www.flugfelag.is | 570 3030



1 kr. aðra leiðina + 739 kr.

(flugvallarskattur og tryggingargjald)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn 2 - 11 ára í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- gildir 16. okt. - 6. nóv.
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu www.flugfelag.is
- bókanlegt frá 13. október

Taktu flugið

CITROËN



**UPPSKERU-
TILBOÐ**

Frelsið er fætt. Allir fá að heyrja það sama úr geislaspilaranum. 3ja punkta belti fyrir alla. Sjálfskiptingin sér um sig. Engin eyðslufrekja. Komdu í Brimborg. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Jafnréttið er franskt. Veldu C3.

Barátta Frakka um nýjar hugmyndir, frelsi og betra líf varð að byltingu. Jafnrétti varð til. Líka í hönnun Citroën C3. Frelsið er fætt. Aldrei áður hefur verið smíðaður eins bíll og C3. Nóg nými fyrir alla farþega varð að veruleika. Allir urðu jafn réttsháir í sætum með betra útsýni yfir lífið og tilveruna. Skoðuðu búnaðinn í C3. Reynsluaktu. Komdu í nýjan sýningarsal Citroën, Brimborg Bildshöfða 8. Kynntu þér þjónustu Brimborgar. Spurðu um uppskerutilboð Citroën.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu söltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.



Citroën C3 SX
1,4i 5 dyra, 5 gir
Bilasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Verð án tilboðs 1.629.000 kr.

**UPPSKERU-
TILBOÐ**

1.599.000 kr.

Uppskerutilboð á sjálfskiptum Citroën C3, 1,6i 5 dyra
Til viðbótar aðeins 100.000 kr. og þú færð 16" álfelgur í kaupbæti

Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C3:

- Aksturstölva
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- 4 öryggisþúðar
- Loftþúði farþega
- aftengjanlegur með lykki
- Rafdrifnar rúður framan
- Rafdrifnir útspeglar
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- Upphitanleg sæti
- Armpúðar á framstólum
- Velti- og aðdráttarstýri
- Geislaspilari með fjarstýringu við stýri
- Fjarstýrð samlæsing
- Stílanleg hraðaðvörum

Mikið meira er betra. Skoðuðu aukabúnað C3 t.d.:

- Álfelgur 14", 15" og 16"
- Leðuráklæði
- Vindskæði
- Dráttarkrókur
- Silshlífar
- Pokuljós að framan
- Hraðastillir
- 5 diska geislaspilari
- Sölluğa
- Vindhlífar á glugga
- Bakkskynjari

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.citroen.is

Komdu núna. Uppskerutilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.

Skoðuðu Citroën á uppskerutilboði í nýjum sýningarsal

Skoðuðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bildshöfða 8.



Citroën C1 SX 1,0i
3 dyra 5 gir 68 hó*
Uppskerutilboð 1.355.000 kr.
Bilasamningur 16.669 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Verð án tilboðs 1.395.000 kr.




Citroën C3 SX 1,4i
5 dyra 5 gir 75 hó*
Uppskerutilboð 1.599.000 kr.
Bilasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Verð án tilboðs 1.629.000 kr.



Citroën C4 SALOON
1,6i 5 dyra 5 gir 110 hó*
Uppskerutilboð 1.869.000 kr.
Bilasamningur 22.928 kr.
Rekstrarleiga 34.900 kr.
Verð án tilboðs 1.949.000 kr.



Uppskeruhátíð
í Brimborg



Sífelld fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðuðu sulumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bilasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl.myntkarta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Aukabúnaður á mynd af C3 eru álfelgur, pokuljós, glerþak og samlitun. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



TÁRAGAS GEGN STEINKASTI Ísraelskur hermaður skýtur táragasi að palestínskum grjótkösturum í bænum Nablus á Vesturbakkanum í gær. Slík átök eru daglegt brauð á hernumdu svæðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skýrsla framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn börnum:

Ríkið axli mestu ábyrgðina

RÉTTINDAMÁL Ofbeldi er oft hulið og jafnvel félagslega samþykkt, samkvæmt nýrri skýrslu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn börnum, sem kynnt var á allsherjarþingi SP í vikunni. Er þetta í fyrsta sinn sem gerð er heildstæð greining á ofbeldi gegn börnum um allan heim.

UNICEF á Íslandi og Barnaheill - Save the children á Íslandi fagna útkomu skýrslunnar og hvetja þá sem koma að málefnum barna á Íslandi að taka skýrsluna til athugunar.

Aðalhöfundur skýrslunnar, Paulo Sérgio Pinheiro, segir ríkið verða að axla mestu ábyrgðina. Fólk verði að bera ábyrgð á gjörðum sínum en sterkari löggjöf um þetta málefni yrði ekki bara til að tryggja að brotamönnum verði refsað heldur væri einnig verið að senda skýr og ótvíræð skilaboð um að samfélagið líði ekki ofbeldi gegn börnum.

ÁÆTLAÐAR TÖLUR UM OFBELDI GEGN BÖRN-UM SEM KOMU FRAM Í SKÝRSLUNNI

- 53 þúsund börn á aldrinum 0 til 17 ára myrt árið 2002
- 5,7 milljón börn þvinguð til vinnu árið 2002
- 1,8 milljón börn þvinguð til vándis eða starfa í klámiðnaði árið 2000
- 1,2 milljón börn fórnarlömb mansals árið 2000

Í skýrslunni kemur fram að ofbeldi gegn börnum geti birst í hinum ýmsu myndum. Til dæmis í kynferðislegu ofbeldi, líkamlegum og niðurlægjandi refsingum, vanrækslu, pyndingum, vinnuþrælkun, misnotkun, skadlegum hefðum á borð við umskurð kvenna, þvinguðu hjónabandi á unga aldri, nauðgunum, mismunum og heiðursmorðum.

- sdg

Starfsmaður hjá Marel:

Rússar syrgja Politkovskaju

RÚSSLAND Elena Trufan, starfsmaður í rafeindasamsetningu hjá Marel, segir að öllum Rússum hafi brugðið við morðið á rússneska blaðamanninum Önnu Politkovskaju. „Það er erfitt að trúa þessu. Ég er með rússneska sjónvarpsstöð heima og maður sér fólk endalaust koma með blóm. Allt Rússland er í áfalli yfir þessu,“ segir hún.

Elena segir að sannleiksástin hafi skipt Önnu máli. „Henni var aldrei mútað til að þegja og mikil virðing var borin fyrir henni. Í hryðjuverkaárásinni í Moskvu fyrir nokkrum árum gat hún ein komið og rætt við hryðjuverkamennina.“

- ghs

Kristinn H. Gunnarsson:
Spyr um hleranir á sínum þingmanna

STJÓRNAMÁL Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokks, hefur lagt fram fyrirspurn til dómsmálaráðherra um hlerun á sínum alþingismanna.



KRISTINN H. GUNNARSSON

Kristinn spyr í fyrsta lagi hvort símar alþingismanna hafi verið hleraðir fyrir atbeina íslenskra stjórnvalda og ef svo er, hvenær og hjá hvaða alþingismönnum hverju sinni. Í öðru lagi spyr hann um ástæðu hlerana hverju sinni og hvenær hún tengdist rannsókn á sakamáli.

- bps

Bryndís Schram um hlerun heimasíma Jóns Baldvins:

Allir í fjölskyldunni vissu af hleruninni

HLERANIR Heimasíminn hjá Jóni Baldvini Hannibalsyni, fyrrverandi utanríkisráðherra og formanni Alþýðuflokksins, var hleraður að sögn Bryndísar Schram, eiginkonu Jóns.

„Allir í fjölskyldunni vissu að síminn væri hleraður því það heyrðust sífelld smellið þegar talað var í hann.“

Jón hefur greint frá því að sími hans í utanríkisráðuneytinu hafi verið hleraður á sínum tíma og fékk hann tæknimann til að ganga úr skugga um það. Sá tæknimaður var ekki fenginn til að yfirfara heimasímann, að sögn Bryndísar.



BRYNDÍS SCHRAM

Bryndís segir þau hafa verið öllu vön á þessum árum. „Ég held að við höfum orðið vör við hleranirnar fyrst eftir að Jón varð formaður Alþýðuflokksins. Ég var alltaf á verði gagnvart þessum síma og varaði fólk við sem ætlaði að fá að hringja um að hann væri hleraður. En maður var ekkert að velja þessu frekar fyrir sér.“ Bryndís segir.

ist telja að símahleranir séu notaðar í dag jafnt sem áður og gott sé að umræða um þessi mál sé hafin. „Þá fáum við kannski einhvern botn í máli.“

- sdg



SIGRÚN GUNNARSDÓTTIR Hjúkrunarfræðingar vilja hafa meiri áhrif á ákvarðanatöku innan spítalans en innan við helmingur þeirra telur sig hafa áhrif á skipulag LSH.

Vilja hafa meiri áhrif

Yfir 80 prósent hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum eru ánægð í starfi þrátt fyrir mikið vinnuálag.

RANNSÓKN Sigrún Gunnarsdóttir, þróunarráðgjafi á Landspítalanum, hefur nýverið lokið doktorsverkefni í lýðheilsu með áherslu á stjórnun og vinnuvernd. Í rannsókninni voru spurningalistar lagðir fyrir alla hjúkrunarfræðinga og ljósmæður á LSH, 930 talsins. Að auki tók Sigrún viðtöl við 30 hjúkrunarfræðinga, en rannsóknin var gerð á árunum 2002-2003.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að yfir 80 prósent hjúkrunarfræðinga eru ánægð í starfi á LSH og eru tveir grundvallarþættir sem skipta meginmáli í starfsánægju. „Nægjanleg mönnun og samskipti hjúkrunarfræðinga við sinn næsta yfirmann eru forsendur starfsánægju hjá þeim, en í rannsókninni kemur fram að þessi samskipti séu yfirleitt góð.“

Sigrún segir að skortur á upplýsingastreymi og útilokun frá ákvarðanatöku hafi hins vegar neikvæð áhrif á líðan hjúkrunarfræðinga. „Í rannsókninni kom fram að hjúkrunarfræðingar eru ósáttir við lítið samband við stjórnendur utan deildanna og þeim finnst framkvæmdastjórnar spítalans ekki nægilega sýnilegir. Þá fannst þeim hlutur almennra starfsmanna í stjórn sjúkrahússins ekki nægjanlegur.“

Í ljós kom að hjúkrunarfræðingar vildu hafa meiri áhrif á ákvarðanatöku, en innan við helm-

ingur þeirra telur sig hafa áhrif á skipulag LSH.“

Sigrún segir nýjar upplýsingar sýna að hjúkrunarfræðingar séu undir miklu álagi vegna manneldu. „Hjúkrunarfræðingar hafa unnið aukavinnu en það eru takmörk fyrir því hve langt er hægt að ganga í þeim efnun.“

Hjúkrunarfræðingum finnst framkvæmdastjórnar spítalans ekki nægilega sýnilegir.

SIGRÚN GUNNARSDÓTTIR
ÞRÓUNARRÁÐGJAFI Á LANDSPÍTALANUM

Samkvæmt nýjum upplýsingum frá LSH er starfsmannavelta hjúkrunarfræðinga á LSH lítil. Ástæðu þess telur Sigrún vera hollustu hjúkrunarfræðinga við fagið og það að þeir hafi gaman af því sem þeir eru að gera.

Sigrún segir umræðu um heilbrigðisþjónustu gjarnan snúast um rekstrarlega hagræðingu en að það vilji gleymast að heilbrigðiskerfið sé grundvallarstuðningur samfélagsins. „Til að þjónusta heilbrigðiskerfisins sé eins og best verður á kosið er mikilvægt að hjúkrunarfræðingar og annað heilbrigðisstarfsfólk nái að sinna starfi sínu sómasamlega og hafi nægan tíma fyrir hvern og einn.“

hugrun@frettabladid.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1. VERÐLAUN
í Þýskalandi
W2241WPS

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

Miele þvottavélar eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. Einkaleyfi Miele.

Miele þvottavélar eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Miele þvottavélar endast lengur en aðrar þvottavélar.

Íslenskt stjórnborð

ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR

| MIELE ÞVOTTAVÉL - fjárfesting sem borgar sig | | |
|---|-------------|-------------|
| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
| Þvottavél W2241 1400sn/mín/5 kg. | kr. 160.000 | kr. 114.800 |
| Þurrkari T223 útblástur/5 kg. | kr. 112.200 | kr. 78.540 |
| Þurrkari T233C rakapöttir/5 kg. | kr. 131.000 | kr. 91.700 |

Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

Maður tekinn með fíkniefni:

Með vopn á heimili sínu

LÖGREGLUMÁL Maður á þrítugsaldri var handtekinn á skemmtistað á Akureyri eftir að lögregla fann fíkniefni í fórum hans. Við leit á manninum fundust um átta grömm af hvítu dufti sem talið er vera amfetamín, auk tveggja e-taflna.

Lögregla framkvæmdi í kjölfarið leit á heimili mannsins og fundust þá tveir hnifar og ólögleg loftbyss.

Maðurinn gekkst greiðlega við brotum sínum og var sleppt úr haldi að loknum yfirheyrslum. Talið er að efnin hafi verið ætluð til einkaneyslu og telst málið að fullu upplýst. - þsj

Prófkjör Samfylkingarinnar:

Gefur kost á sér í 7. til 8. sæti

STJÓRNMÁL Bjarni Gaukur Þórmundsson, íþróttakennari í



Kópavogi, hefur ákveðið að gefa kost á sér í 7.-8. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningar næsta vor.

BJARNI GAUKUR ÞÓRMUNDSSON

Bjarni Gaukur hefur starfað mikið

innan íþróttahreyfingarinnar og fyrir tilstuðlan hans var komið af stað yngri flokkum í körfuknattleiksdeild Breiðabliks. Þá situr hann í stjórn Körfuknattleikssambands Íslands. Bjarni er ritari Samfylkingarinnar í Kópavogi og var í kosningastjórn fyrir sveitarstjórnarkosningarnar síðastliðað vor. - hs

Prófkjör Samfylkingarinnar:

Gefur kost á sér í 2. til 4. sæti

STJÓRNMÁL Júlíus Helgi Einarsson hefur ákveðið að gefa kost á sér í 2.-4. sæti á



framboðslista Samfylkingarinnar í Suðurlkjördæmi fyrir komandi alþingiskosningar.

JÚLÍUS HELGI EINARSSON

Júlíus býr í Sandgerði ásamt fjölskyldu sinni, hefur verið í

stjórn Samfylkingarinnar í bænum og situr nú í byggingarnefnd.

Júlíus er múrarmeistari að mennt en hefur einnig lokið námi frá Tölvuháskóla Íslands. Hann starfaði sem skrifstofustjóri hjá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis en rekur nú eigið fyrirtæki á sviði upplýsingatækni. - hs

Prófkjör Samfylkingarinnar:

Sækist eftir 3. til 4. sæti

STJÓRNMÁL Sandra Franks stjórn málafræðingur hefur ákveðið að gefa kost á sér í 3.-4. sæti í prófkjöri



Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

SANDRA FRANKS

Sandra hefur setið á þingi sem varþingmaður þar sem hún beitti sér einkum fyrir skattfrelsi líknarfélaga,

neytendamálum og aðgerðum gegn barnaklámi á netinu.

Sandra lauk BA-prófi í stjórn málafræði frá HÍ og stundar nú meistaranám í lögfræði við Háskólann í Reykjavík. Helstu baráttuefni Söndru eru neytendamál og málefni langveikra barna. - hs

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir er ósátt við ráðningu nýs sviðsstjóra velferðarsviðs:

Kvörtun til umboðsmanns Alþingis

RÁÐNING Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, einn umsækjenda um starf sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, hefur lagt fram kvörtun til umboðsmanns Alþingis. Þar er þess óskað að hann láti fara fram mat á því hvort borgarráð hafi farið að settum reglum þegar Stella K. Viðisdóttir var ráðin í starfið.

Dögg Pálsdóttir, lögmaður Sigurbjargar, segir umbjóðanda sinn hafa ákveðið að nota sér þann rétt sem hún hefur til að skjóta málinu til umboðsmanns. „Þar til niðurstaða hans liggur fyrir er málið í biðstöðu.“

Sigurbjörg var ein af fimm umsækjendum um starfið sem boðaðir voru í viðtal en hún telur að við

ráðningu Stellu hafi verið gengið framhjá sér sem hæfari umsækjanda. Í fréttatilkynningu frá Sigurbjörgu kemur fram að hún dragi í efa að hæfasti umsækjandinn hafi verið ráðinn í starfið þegar náms- og starfsferill Stellu og hennar sé borin saman.

Ráðning Stellu olli töluverðu fjadrafoki í síðasta mánuði og sendi Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa frá sér yfirlýsingu vegna ráðningarinnar. Stéttarfélagið telur óviðunandi að gengið sé framhjá sérfræðisþekkingu á sviði velferðarmála við ráðningu sviðsstjóra og skoraði á yfirmann velferðarmála í Reykjavík að endurskoða ráðninguna. - hs



VELFERÐARSVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR Einn umsækjenda um starf sviðsstjóra velferðarsviðs hefur lagt fram kvörtun til umboðsmanns Alþingis.



ICEWEAR

Fæst nú í Útilíf Smáralind

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN SINI.S ÚTÍ 4424 10/2006

„ORÐRÉTT“

Leikfangabolti

„Þetta er eins og bolti sem þú kaupir í leikfangabúð fyrir börnin þín. Sá sem ákvað þetta á skilið að vera rekinn.“

KÖRFUKNATTLEIKSMÁÐURINN SHAQUILLE O'NEAL ER ALLS EKKI SÁTTUR VIÐ NÝJA KEPPNISBOLTANN SEM NOTAÐUR VERÐUR Í NBA-DEILDINN.

Fréttablaðið, 15. október.

Milljón magaeðingar

„Þessir sjóliðar eru um það bil áratug yngri en við og hafa ekkert haft að gera síðustu þrjú mánuði annað en að gera magaeðingar úti á miðju Atlantshafi.“

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON ER EINN LIÐSMANNA RÖGNUNNAR SEM KEPTI VIÐ SJÓLIÐA AF HER-SKIPINU USS WASP Á LAUGARDAGINN. ÞRÁTT FYRIR AÐ VERA ELÐRI OG Í VERRA FORMI FÓR RAGNAN MEÐ SIGUR AF HÓLM.

Fréttablaðið, 15. október.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL
ICELAND AIRWAVES

Aldrei dauður punktur

„Þetta er ekkert annað en stórfenglegt,“ segir Snorri Sturluson um Iceland Airwaves, en sjöunda hátíðin hefst á miðvikudaginn og stendur fram á sunnudag.



SNORRI STURLUSON
Dagskrárstjóri
XFM

„Þetta er einstakur menningarviðburður og sumir gera sér ekki grein fyrir því hvers konar forréttindi þetta eru fyrir okkur. Við strákarnir á stöðinni ætlum að skipta tónleikunum á milli okkar og setjast svo niður og bera saman bækur okkar í útvarpinu daginn eftir. Það er margt mjög spennandi í boði en mín reynsla er sú að gera sér engar væntingar fyrir fram því það sem kemur manni mest á óvart er oftast en ekki það sem stendur upp úr. Í fyrria kíkta ég slatta á þetta og fór ekki varhluta af biðröðunum. Þeir segjast vera búnir að gera ráðstafanir í ár og maður verður bara að vera þolinmóður. Málið er að planta sér á einn stað og ekki vera á einhverjum flækingi. Í raun þarf maður ekki að vera á flækingi því það er aldrei dauður punktur.“

Vasi Gheorghe er mættur með nikkuna fyrir utan Bónus í Skútuvogi. Þenur hana af list og brosir til fólksins sem tínist þreytu-legt í búðina. Hressilegir tangóar og rúmbur berast út í loftið, sumir brosa á móti, aðrir strunsa áhugalausir framhjá. Gheorghe hefur komið nokkrum sinnum til Íslands og er búinn að vera hérna í tvo mánuði í þetta skiptið. Íslendingar hafa gott hjartalag, segir hann.

„Það borgar sig ekki að vera lengur en svona tvo tíma á sama stað,“ segir Gheorghe í þágu frá spilamennskunni. Það eru komnir nokkrir gullpeningar í körfuna hans. „Ég spila úti um allt en þegar von er á rigningu er gott að vera undir svona þakskýli eins og hérna í Bónus. Ég bý á Hjálpræðishernum, sem er frábær staður og ódýr. Dagurinn hjá mér byrjar kannski með því að ég tek strætó númer 19 klukkan sjö um morguninn og spila fyrir utan bakaríð í Norðlingaholti. Er svo til hádegis fyrir utan Bónus, fer þá fyrir utan Hagkaup og enda kannski fyrir utan Nóatún. Ég hef líka

spilað á Akranesi og í Hafnarfirði. Það gekk ekki nógu vel því mér var sagt að hypja mig á báðum stöðunum. Annars er fólk yfirleitt mjög vingjarnlegt. Mér finnst Íslendingar hafa gott hjartalag. Löggurnar brosa bara til mín og segja að allt sé ókei.“

Gheorghe er rúmenskur og á konu og tvær dætur heima. Önnur er astmaveik og Gheorghe segist fá góð lyf fyrir hana á Íslandi sem hann fær ekki í Rúmeníu. Hann hefur starfað sem bílstjóri og byggingaverkamaður en segir launin léleg í Rúmeníu. „Maður fær kannski ekki nema 100 evrur fyrir mánaðarvinnu, níu til fimm. Astandið er mjög skrítið í Rúmeníu, klikkuð ríkisstjórn og hálfgerð ringulreið. Það er lítið að gera í spilamennskunni hjá mér þar. Kannski eitt afmæli eða brúðkaup í mánuði og ekki mikið upp úr því að hafa.“

Gheorghe kemur úr tónlistarfjölskyldu. Hann segist spila það sem honum dettur í hug og á auðvelt með að pikka upp lög. „Einu sinni var ég að spila fyrir utan Ikea og fór inn til að hlýja mér. Þar var verið að spila eitthvað lag sem ég fór svo bara og spilaði þegar ég kom út. Kannski verð ég búinn að læra nokkur íslensk lög þegar ég kem næst,“ segir harmóníkuleikarinn. Hann fer aftur til síns heima á föstudaginn en segist stefna að því að koma aftur um jólin og þá kannski með konuna og astmaveiku dótturina. En hvernig datt honum eiginlega í hug að koma til Íslands?

„Mér fannst það bara upplagt því hér er ég einn á markaðinum. Hér er engin harmóníkumafia eins og í Noregi. Það eru kannski tvö hundruð Rúmenar að spila í Osló en mafían ræður öllu. Skipar mönnum hvar þeir eiga að spila og hirðir svo helminginn af innkomunni.“

Gheorghe segir Íslendinga nokkuð þakkláta hlustendur. „Að meðaltali fæ ég svona 2.500 krónur yfir daginn, en á góðum degi kannski 4.000 kr. Þetta eru



VASI GHEORGHE ÞENUR NIKKUNA Þenur svona 2.500 kr. á dag, en 4.000 kr. á góðum degi. Það eru miklir peningar í Rúmeníu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GLH

miklir peningar í Rúmeníu. Þú fyrir alla fjölskylduna sem trúir því kannski ekki en fyrir 2.500 krónur get ég keypt mat

gunnarh@frettabladid.is

Engin harmóníkumafia á Íslandi

HÚSNÆÐI: HVÆÐ KEMUR Í GAMLA IKEA?

■ Nú þegar Ikea er flutt í þrisvar sinnum stærra húsnæði í Garðabæ vaknar spurningin: Hvað kemur í gamla Ikea? Það er risa rými og hátt til lofts. Inga Rut hjá fasteignafélaginu Stoðum sem á húsnæðið segir að viðræður standi yfir við einn aðila um að hefja rekstur í plássinu, en vildi ekki nafngreina viðkomandi. Sumum hefur dottið í hug að Ríkið ætti að stækka við sig og breiða úr sér í Holtgöörðum. Væri þá líklega komin stærsta áfengisbúð Norðurlanda, sannkallaður stórmarkaður drykkjumannsins.



BOÐEINDIS

Í 19 ár - Þar sem verð og gæði fara saman
Fáðu faglega ráðgjöf og kauptu vandaða tölvu á góðu verði



Hljóðlát og vönduð tölva



Tilboð: Ef þú kaupir Viewsonic VA1912W 19" LCD breiðtjaldsskjá með tölvunni færðu skjáinn á kr. 24.900 stgr. í stað kr. 29.900 stgr.

Almennt verð kr. 75.521,-

Staðgreiðsluverð aðeins kr. 69.900,-

*Meðalafborgun kr. 2.698,- á mánuði í 36 mánuði

Turn: Svartur nettur og hljóðlátur tölvukassi
Örgjörvi: AMD Sempron 3000+ með hljóðlátri víftu
Skjákort: SIS 760GX allt að 128MB
Vinnsluminni: 1024 MB DDR
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16MB Buffer - 7200rpm
Hljóðkort: 6 rása hljóðkort - S/PDIF tengi
Netkort: 10/100 Mbps
Geisladrif: 16x DVD dual layer brennari/geislaskrifari/DVD
Lyklabor: Viewsonic Viewmate lyklabor með 48 flýtiþoppum
Mús: Viewsonic Viewmate USB optical mús m. skrun hjóli
Stýrikerfi: Windows XP Home

Með Heimilistölva l fylgir öflugur hugbúnaðarpakki:
Recovery PRO - Einstök tækni frá Asus (tekur afruit af harða diskunum)
eTraust antivirusvörn frá Computer Associates
Pest Patrol - tekur út njósnahugbúnað sem hægir á tölvunni
Nero 6 skrifarahugbúnaður
ASUS Power DVD XP
Power Director PRO
Media@show
ASUS Probe
Acrobat Reader
Outlook Express pósthóttur

Frábær tilboð á
www.bodeind.is

Bodeind ehf. - Mörkin 6 - 108 RVK - S: 588 2061 - Opíð alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00
sala@bodeind.is - Bodeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu - thjonusta@bodeind.is

Páll hnífasmíður er með vísi að efnabanka:

Viltu losna við hvaltennur?

Bændablaðið er um margt forvitnilegt blað með fullt af fréttum sem ekki rata annað. Auglýsingarnar í blaðinu eru ekki síður forvitnilegar. Í nýjasta tölublaðinu má sem dæmi sjá auglýstar haugdælar undir fyrirsögninni „Ertu í djúpum skít?“ og þar eru ekki auglýst opin hús heldur opin fjós. Innan um traktorsauglýsingar má nú í smáauglýsingunum sjá óskað eftir að kaupa hvaltennur, hrúts- og hreindýrshorn. Það er Páll Kristinsson í síma 899-6903 sem auglýsir.

„Jú, þetta hefur gengið sæmilega og ég er búinn að fá eitthvað,“ segir Páll. „Þeir sem voru að vinna í hvalnum í gamla daga luma oft á tönnum og stundum rekur hvali og þá liggja bændur á tönnum. Ég er að borga þetta þúsund kall upp í

fimm þúsund kall fyrir hvaltennurnar en það fer eftir stærð og gæðum.“

Páll segir framboð af hornum miklu meira en af tönnum. „Ég fæ nú hrútshornin yfirleitt bara gefins en er að borga þetta 800-1.000 kall fyrir kílóíð af hreindýrshornin.“

Páll er hnífasmíður og hefur aðsetur í Álafosshúsinu í Mosfellsbæ. Hann notar hornin og tennurnar í eigin framleiðslu auk þess að miðla til annars handverksfólks. „Ég er með sæmilegt pláss hérna svo það má segja að hér sé kominn upp vísir að efnabanka. Ég er í samstarfi við marga og fólk er oft á höttunum eftir þessu en veigar sér við að auglýsa ef það vantar bara eitthvað smotteri.“



PÁLL HNÍFASMIÐUR MEÐ EIGIN FRAMLEIÐSLU Er með vísi að efnabanka heima hjá sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BT

Panasonic VIERA

- nýtt tímabil í myndgæðum

Verð
hrun
60.000

8.746**

VIERA

Panasonic VIERA hágæðasjónvörpin setja myndgæðin í fyrsta sæti.

Panasonic VIERA hafa yfirburði þegar kemur að mikilli hreyfingu á mynd, t.d. Þegar horft er á knattspyrnuleiki, formúluna eða hasamyndir.

Panasonic VIERA eru með glerskjá sem gefur fallegri mynd og veitir panelnum vörn fyrir litlum fingrum.

Panasonic VIERA hafa hlotið ótal viðurkeiðar fyrir læslegt útlit. Veldu glæsileika.



**Aukahlutir á mynd er borðstandur og sjónvarpsborð

Panasonic

TH42PV60E
PANASONIC 42" PV60E Plasmasjónvarp
42" Plasmasjónvarp
1024x768
10.000:1
2000 síðna textavarpssmíni
3 SCART
2 HDMI
PC skjátengi
PAT mynd & texti

9. kynslóð plasmatækja.
29 milljarðar líta, hundraðfalt fleiri litir en í LCD sjónvörpum.

8.746

**Tölvu- og tækjalán 48 mán.

24.999

Vaxtalaust 12 mán.

299.988

Staðgreitt

DVD UPPTÖKUTÆKI



10.000 krónu afsláttur ef keypt með sjónvarpinu

5.499

Vaxtalaust 12 mán.

65.988

Staðgreitt

Þú þart aldrei að finna tóma spólu

Þú getur pásað beina útsendingu

Þú getur tekið upp á meðan þú horfir á upptökuna frá því í gær

200 GB

Panasonic

DMREH55
PANASONIC HDD 200GB M/HDMI
200 GB harður diskur
44 tíma upptaka í XP mode
355 tíma upptaka í EP mode
Spilar DivX af CD eða DVD.
Spilar MP3
Mpeg2 upptaka
SD kortalesari fyrir video og ljósmyndir
DVI inngangur
HDMI útgangur

Panasonic

DMREH65
PANASONIC HDD 250GB M/HDMI
250 GB harður diskur
55 tíma upptaka í XP mode
443 tíma upptaka í EP mode
Spilar DivX af CD eða DVD.
Spilar MP3
Mpeg2 upptaka
SD kortalesari fyrir video og ljósmyndir
DVI inngangur
HDMI útgangur

DVD UPPTÖKUTÆKI



10.000 krónu afsláttur ef keypt með sjónvarpinu

250 GB

Þú þart aldrei að finna tóma spólu

Þú getur pásað beina útsendingu

Þú getur tekið upp á meðan þú horfir á upptökuna frá því í gær

6.499


Vaxtalaust 12 mán.

77.988

Staðgreitt

Svona erum við

> Fjöldi veiddra rauðhöfðaanda.



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT & SVARAÐ
GIGTARSJÚKDÓMAR

Fimmti hver þjáist af gigt

Gigtarfélag Íslands hélt upp á þrjátíu ára afmæli sitt um helgina. Hrefna Indriðadóttir er yfirsjúkraþjálfari félagsins.



HRERNA INDRIÐADÓTTIR
Yfirsjúkraþjálfari

Hvað þjáist margir Íslendingar af gigt? Það eru einn af hverjum fimm eða um 60.000 Íslendingar sem þjáist af gigt. Hafa ber í huga að til eru um 200 gigtarsjúkdómar og áhrif þeirra eru mismunandi.

Er hægt að verja sig gegn gigt? Snemmgreining skiptir afskaplega miklu máli en þá er ekki sama um hvaða gigtarsjúkdóm er að ræða. Hreyfing skiptir líka mjög miklu máli.

Hver eru lífsgæði gigtarsjúklinga? Það skilur himinn og haf á milli þeirra sem eru veikastir og þeirra sem lítið finna fyrir áhrifum. Margir þurfa að hætta að vinna og eins eru mikil fjáruáhrif sem fylgja gigt vegna lyfja- og lækningakostnaðar.

Rússland Pútíns gerir sig gildandi

„Rússarnir koma hingað, ekki á skriðdrekum með Kalashnikov-hríðskotariffila í höndunum heldur peninga; þeir verðskulda að þeir séu boðnir velkomnir og gata þeirra greidd.“ Þetta sagði Vladimir Pútín Rússlandsforseti er hann ávarpaði þýzka kaupsváslumenn í München í síðustu viku. „Það er ekki Rauði herinn sem vill koma til Þýzkalands, það eru bara kapítalistar eins og þið.“

Þessar yfirlýsingar Pútíns endurspeglar það aukna sjálfstraust sem einkennir framgöngu Rússa á alþjóðavettvangi upp á síðkastið; sjálfstraust sem breytt fjárhagsstaða ríkisins ýtir undir. Hið háa verð á olíu, jarðgasi og öðrum náttúruauðlindum og „endurríkisvæðing“ fyrirtækjanna sem stýra þessum mikilvægustu útflutningsgreinum, hefur hjálpað til við að fylla fjárhirzslur rússneska ríkisins. Með þessu fé hefur Rússland getað lokið við að greiða upp skuldafjallið sem erlendir lánardrottnar, Parísarhópurinn svonefndi, átti inni eystra. Þetta skuldafjall hrannaðist

hratt upp í efnahags- og fjármálaóreiðunni í landinu á tíunda áratugnum, og það olli því að rússneskir ráðamenn þurftu sífellt að biðja um skuldaáflát er þeir sóttu ráðamenn á Vesturlöndum heim.

Í innkaupaferð

Nú er þetta breytt. Nú taka Pútín og aðrir ráðamenn í Kreml ekki lengur við fyrirmælum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þrýsta markvisst á um að fá að festa gróðann af orkuútflutningnum í arðbærum fyrirtækjum erlendis, einkum í Vestur-Evrópu.

Það var undir þessum formerkjum sem Pútín hélt í heimsókn sína til Þýzkalands í síðustu viku. Fyrst hitti hann Angelu Merkel, kanzlara Þýzkalands, í Dresden, en hélt síðan í opinbera heimsókn til Bæjaralands þar sem viðskipti voru efst á dagskrá. Ekki er nóg með að jarðgas-einokunarútflutningsfyrirtæki Gazprom og önnur rússnesk (ríkis-)fyrirtæki vilji eignast þýzka og önnur vestur-evrópsk orkufyrirtæki og dreifiveitur, heldur vilja rússneskir fjárfestar fá að kaupa hluti í vestur-evrópskum iðnfyrirtækjum af öllu tagi, sérstaklega þeim sem þykja fremst á sínu sviði. Með því vilja Rússar kaupa sér leið til að vinna upp samkeppnishæfniforskot evrópsku fyrirtækjanna.

Tortryggni

Þessi áhugi Rússa hefur vakið tortryggni meðal fyrirtækjastjórnenda og stjórnmalamanna víða á Vesturlöndum. Til dæmis hafa kaup rússneska ríkisbankans Vneshtorgbank á fimm prósentu hlut í EADS, móðurfélagi evrópsku Airbus-flugvélaframleiðinganna, kallað á kröfur um að strangar hömlur verði settar



GORBATSJOV Fyrirverandi Sovét-leiðtogi segir Pútín hafa komið á stöðugleika sem sé nauðsynleg forsenda frekari lýðræðisumbóta. Hann er sammála Pútín í gagnrýni á þau öfl á Vesturlöndum sem vilji ekki sjá Rússland öflugt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

við fjárfestingum slíkra utanaðkomandi aðila í slíkum „strategískum“ fyrirtækjum Vestur-Evrópu.

„Verið óhræddir við að verða háðir Rússlandi,“ sagði Pútín í München. „Rússland hefur aldrei brugðist viðskiptafélögum sínum og allra síð Þýzkalandi. Það eina sem við förum fram á er að okkur sé ekki mismunað,“ sagði Rússlandsforseti. „Við höfum rétt á að vænta þess að fyrirtækjum okkar sé ekki mismunað á Evrópumarkaðnum.“

Ráðherra skipaði ráðuneytisstjóra í stjórn

Ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, er jafnframt stjórnarformaður eins söfnunarsjóðsins sem ÖBÍ hefur kært. Lögfræðingur ÖBÍ telur óeðlilegt að starfsmenn fjármálaráðuneytisins telji sig hæfa til að falla um lífeyrissjóðina sem þeir stjórna að hluta. Hann telur ráðherrann vanhæfan þar sem hann skipaði ráðuneytisstjóra sem formann lífeyrissjóðsins. Aðrir starfsmenn ráðuneytisins séu svo vanhæfir samkvæmt stjórnsváslögum þar sem ráðuneytisstjóri hafi boðvald yfir þeim. Fjármálaráðuneytið hefur hafnað kröfunni. Segir ráðuneytisstjóra ekki eiga „sérstakra og verulega hagsmunna að gæta“ og fjármálaráðherra þurfi ekki að víkja þar sem stjórnsváslög kveði á um að verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls leiði það ekki til þess að næstu yfirmenn hans verði það einnig.

Hvað verður næst? Lögfræðingur ÖBÍ segir nú þrennt í stöðunni. ÖBÍ geti lagt málið fyrir umboðsmann Alþingis, farið í sjálfstætt mál til að hnekkja ákvörðun fjármálaráðherra en líklegast verði að látið reyna á hvort heimilt sé að svipta fólk eignum sem það hefur áunnið sér með reglubundnum greiðslum.



PÚTÍN OG MERKEL Rússlandsforseti leitast nánari viðskiptatengsla við Þýzkaland, umfram orkusölu þangað, en Merkel kanzlari vill stíga varlegar til jarðar í því sambandi en fyrirrennari hennar Schröder.

NORDICPHOTOS/AFP

Þjóðverjum boðið upp í gasdans

Á fundinum með Merkel í Dresden tilkynnti Pútín að Gazprom vildi nota jarðgasbirgðir þær sem er að finna á svonefndu Shtokman-svæði í rússneskri lögsögu í Barentshafi til að tvöfalda það magn gass sem það selur til Þýzkalands. Rússnesk-þýzkt fyrirtæki, sem Gazprom er stærsti hluthafinn í, vinnur nú að því að leggja jarðgasleiðslu um Eystrasalt beint frá Rússlandi til Þýzkalands og Pútín segir að ein leiðsla til viðbótar kunni að verða lögð fyrir árið 2013 til að flytja allt þetta aukamagn af gasi. Rússar selja nú um 40 milljarða rúmmetra af gasi til Þýzkalands árlega, en viðbótin gæti numið 50-55 milljörum rúmmetra.

Þessi tilkynning Pútíns er vonbrigði fyrir Bandaríkjamenn, sem höfðu falast eftir kaupum á gasi frá Shtokman-svæðinu (þá í fljóttandi formi á tankskipum sem þyrftu að sigla framhá Íslandi), og gætu komið þýzku gasfyrirtækjum í aðstöðu til að verða dreifingaraðilar á gasi um stóran hluta Evrópu.

Það vill svo til að Þjóðverjar taka við formenskunni bæði í Evrópusambandinu og G8-hópi mestu iðnvelda heims um næstu áramót, en með því verða þeir í aðstöðu til að hafa mótandi áhrif á stefnu Evrópu og Vesturveldanna gagnvart Rússlandi. Pútín gerir sér greinilega vonir um að með því að bjóða Þjóðverjum upp í dans muni þeir verða viljugri til að beita sér fyrir því að áhyggjur í vestri af lýðræðisþróuninni eystra verði ekki látnar hindra aukin orkukaup og önnur viðskiptatengsl við „hið nýja“ Rússland.

„Orkuvopnið“

Í samtali við erlenda Rússlands-sérfræðinga í sumarhúsi sínu í Novo-Ogaryovo í september kvartaði Pútín yfir því að Bandaríkin og Evrópusambandið tækju of lítið tillit til hagsmuna Rússlands. Mikla Gorbatsjov, síðasti leiðtogi Sovétríkjanna, orðaði þessa sömu hugsun þannig í svari við spurningu í Háskólabíói á fimmtudaginn var, að svo virtist sem það hlakkaði í mörgum á Vesturlöndum ef Rússar ættu bágt. Gorbatsjov sagði Rússa ekki skilja þann ótta sem ýmsir í vestri virtust bera í brjósti gagnvart því að Rússland léti til sín taka og verði hagsmunni sína.

„Hvernig er það eiginlega, viljið þið að Rússland liggja lamað?“ spurði Gorbatsjov.

En Pútín hótaði Vesturlöndum þó ekki að beita „orkuvopninu“, þ.e. láta pólitíska hagsmunni stýra gas- og olíusölu vestur. Hann gerði jafnvel lítið úr hugtakinu „orkurísaveldi“. Rússland gæti vel verið öflugt án þess að vera kallað rísaveldi, að því er Nikolai Zlobin hefur eftir Pútín í nýjasta hefti tímaritsins Russia Profile.

„Valdstjórn lögleysunnar“

En það er fleira sem veldur þeim áhyggjum sem í vestri fylgjast með þróuninni í Rússlandi. „Afstaða [rússneskra] stjórnvalda bæði til viðskipta og Georgíu sýnir að Pútín hefur mistekizt að koma á þeirri „valdstjórn laganna“ sem hann lofaði í upphafi forsetatíðar sinnar. Óheftir af eðlilegum hömlum eins og sjálfstæðu dómskerfi eða ekta stjórnarandstöðu setja Kremlverjar lög og breyta að vild,“ skrifar brezka vikuritið The Economist. Í stað „valdstjórnar laganna“ bendi margt til að lögleysa sé viðvarandi í ríki Pútíns. Ofbeldisrásir útlendingahatara, sem yfirvöld virðast hafa lítinn áhuga á að stöðva, og óupplýst leigumorð á blaðamönnum, jafnvel saksóknurum og háttsettum mönnum í stjórnkerfinu, nefnir blaðið sem dæmi um lögleysuna og hið þværandi traust fólks á stofnunum ríkisins, einkum og sér í lagi lögreglunni.

Tímaritið lýsir áhyggjum af þeirri stefnu sem stjórnarfarir í Rússlandi virðist vera að taka undir stjórn Pútíns. Blaðið klykkir út með svartri líkingu: „Sagan býður líka upp á hugtak til að lýsa þeirri stefnu sem Rússland stundum virðist stefna í: orð sem nær yfir vænisýkina og sjálfstraustið, lögleysuna og valdstjórnina, lýðskrumið og skortinn á umburðar-lyndi, og þá efnahagslegu og pólitísku þjóðernishyggju sem einkenna nú stjórnarfarir Pútíns. Þetta er ofnotað orð, og umdeilt, sérstaklega í Rússlandi. Það hefur ekki náð svo langt enn, en Rússland virðist stundum vera að stefna í átt að fasisma.“



FRÉTTASKÝRING
AÐUNN ARNÓRSSON
aundunn@frettabladid.is

Vertu inni
Fréttablaðinu
með þitt
kynningarefni

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT
AÐ VITA UM ELDHÚS



HEIMILI
FAGURKERANS



RETRÓ Í PARADÍS



VEGGFÓÐUR.
Óktóber 2006 Verð 699 kr.

**Hönnunarstjórnur
21. aldarinnar**
BOURDULLEC-BRÆÐURNIR VITA
HVAD PEIR SYRÞUDA

gósenland
FAGURKERANS
JÓHANNA KRISTIN ÓLAFSDÓTTIR, INNANHÚSSARKIÐTEKT
OPNAR HEIMILID

**Fréttakonan
Bryndís Hólm**
KÝS EINFALDLEIKANN

Guðjón Pedersen
BORGARLEIKHÚSSTJÓRI
Á ÆVINTÝRALEGT HEIMILI

Retro
ÁHRIF Í PARADÍS

32 SÍÐNA BLAÐAUKI UM ELDHÚS



NAUMHYGGJU-
KONAN
BRYNDÍS HÓLM



NÝTT BLAÐ
KOMIÐ ÚT!

LEIKHÚSSTJÓRINN
Í MIÐBÆNUM

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

Lífskjör margra barna á Íslandi eru erfið.

Stytttri vinnudagur skiptir sköpum

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Lífskjör barna hafa verið allnokkuð í umræðunni undanfarnar vikur. Langur vinnudagur beggja foreldra sem leiðir til langrar dvalar barna utan heimilis er í brennidepli og þykir mörgum mikið lagt á yngstu þegna samfélagsins með allt upp í nýu tíma vistun utan heimilis á dag, jafnvel hjá börnum innan við eins árs.

Ljóst er að flest börn hefðu gott af því að fá að vera meira heima hjá sér og þar af leiðandi í meiri samvistum við foreldra sína en raunin er í dag. Þau sjónarmið hafa verið áberandi að gera eigi foreldrum kleift að vera lengur heima með börnum sínum en fæðingarorlof miðast nú við. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að leggja til að foreldrum séu greidd laun fyrir að vera heima fram að skólaaldri barna sinna.

Í þessari umræðu gleymist að hér á landi er litið á leikskólann sem fyrsta skólastigið, jafnvel þótt ekki sé skólaskylda í leikskólum. Horft er framhjá þeirri miklu menntun sem barnið fær í leikskólanum og fengi aldrei nema að hluta heima við.

Ljóst er að leiðin til úrbóta er ekki að snúa við til þess tíma þegar konur voru heima að gæta barna og hugsa um heimilið meðan karlar öfluðu tekna til framfærslu.

Annað sem horft er framhjá í þessari umræðu er að það samræmist á engan hátt kröfu flests nútímamanns um lífsgæði að eiga sér ekki starfsferil utan heimilis, vinnustað og samstarfsfólk. Þetta var veruleiki meirihluta kvenna í áratugi og fáar konur hafa áhuga á að snúa aftur til þess fyrirkomulags. Ljóst er að leiðin til úrbóta er ekki að snúa við til þess tíma þegar konur voru heima að gæta barna og hugsa um heimilið meðan karlar öfluðu tekna til framfærslu. Slík umræða er ekki í takti við það samfélag sem við byggjum í dag. Hitt er annað að dagleg fjarvera barna frá heimilum er löng og ströng og mörgum þeirra erfið þótt öðrum gangi betur að takast á við þennan hvunndag.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að eftir því sem börn njóta meiri samvita við foreldra sína, því betri árangri ná þau í námi. Sömuleiðis hafa börn sem njóta mikilla samvita við foreldra sterkari sjálfsmynd en þau sem minni samvita njóta og leiðast síður út í neyslu fíkniefna. Það er því ljóst að til mikils er að vinna.

Það er vissulega íhugunarefni að meðan einn maður vann fyrir þörfum heimilisins í nálægt 50 stundir á viku, og stundum lengur, fyrir hálfri öld eða svo, þá vinna hjón í dag í flestum tilvikum talsvert meira 80 stundir samanlagt á viku til að framfleyta heimilum sem eru að meðaltali fámennari en þá.

Hér á landi stöndum við langt að baki nágrannalöndum okkar þegar kemur að lengd vinnuviku. Styttning vinnuviku beggja foreldra er eitt afdráttarlausasta skrefið sem hægt er að stíga í þá átt að bæta kjör barna á Íslandi og ætti þess vegna að vera eitt helsta baráttumál foreldra í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason. FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ég líka!

Árni Páll Arnason, frambjóðandi í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, hélt því fram í Silfri Egils í gær að sími hans hefði verið hleraður. Ekki kemur það á óvart að hann skuli á þennan hátt koma gömlum vini sínum og mentor, Jóni Baldvini Hannibalssyni, svona til aðstoðar. Af því tilefni er ekki úr vegi að rifja upp að í afmælisveislu Arna Páls, sem haldin var í lönó fyrr á árinu, hélt Jón Baldvin hjartnæma ræðu um kosti



afmælisdrengsins. Jafnframt hótaði Jón því að ef afmælisbarnið myndi ekki skella sér í pólitíkina þyrfti Jón sjálfur að huga að endurkomu. Það væri sem sagt enginn annar sem gæti fetað í spor Jóns Baldvins.

En varla ég...

Nú er nokkuð ljóst hverjir munu berjast um efstu sætin á listum flokkanna. Staða kvenna í þessum leiðtogaættum verður án efa umræðuefni jafnréttissinna, því útlit er fyrir að átta eða níu konur muni leiða einhvern af þessum þrjátíu listum, en hafa verið í huga að erfitt er að ganga fram hjá oddvitum lista þegar ráðherrasætum er úthlutað.

Jafnrétti hjá Framsókn

Því er spáð að framsóknarkonum muni vegna best og þrír listar af sex muni hafa konu sem oddvita.

Liklegt er að vinstri grænar konur í oddvitasæti verði tvær. Samfylking gæti náð tveimur konum í oddvitasæti, en ekki er ólíklegt að formaðurinn einn muni



leiða lista. Ekki er heldur ótrúlegt að varaformaður Sjálfstæðisflokks verði eina kona þess flokks sem leiði lista. Þá eru frjálslyndir eftir og eina konan sem um er talað í þeim flokki er Margrét Sverrisdóttir, en það verður varla hægt að ganga framhjá henni aftur.

svanborg@frettabladid.is

Þögn Sjálfstæðisflokksins

En ég vil strax slá einn varnagla. Menningarefni í sjónvarpinu getur aldrei bara snúist um íslenska dagskrárgerð. Við megum aldrei verða svo heimóttarleg að við hættum að forvitnast um það sem bestu listamenn heimsins hafa fram að færa. Vonandi fá íslenskir sjónvarpsáheyrendur að gægjast á óperusýningar í Covent Garden eða tónleika í Carnegie Hall áður en langt um líður. Væri í alvörunni svo voðalegt að sýna píanókonert eftir Rakhmanínoff á sunnudagskvöldi? Sjónvarpið hefur a.m.k. boðið upp á margt verra í gegnum tíðina.

„Hvað er að fréttu úr menningunni?“

Einn góður vinur minn segist eiga sér þann draum að sjá fréttatíma þar sem fréttamaðurinn lítur til hliðar og spyr sessunaut sinn: „Jæja, hvað er svo að fréttu úr menningunni?“ Einhverra hluta vegna hefur það þróast þannig í íslensku sjónvarpi að menningarumfjöllun þarf stöðugt að mæta afgangi. Tónlistarmenn mega prisa sig sæla ef þeir fá eina mínútu í lok fréttatímans til að sýna hvað í þeim býr á meðan nöfn tókumanna og fréttastjóra renna yfir skjáinn á ógnarhraða. Fyrir skömmu var ráðinn menningarfréttaritari á fréttastofu útvarpsins. Hvernig væri að sjónvarpið léki sama leik?

Þetta snýst nefnilega ekki bara um peninga. Það þarf engar 150 milljónir til að fjalla sómasamlega um menningu og listir í sjónvarpi. Þetta er bara spurning um áhuga og metnað. Sigurbjörg Þrastardóttir hitti naglann á höfuðið á málþingi um sjónvarp og menningu sem Bandalag íslenskra listamanna stóð fyrir nýverið. Hún sagði meðal annars: „Það getur ekki verið dýrara að fjalla um leikhús en hesthús. Það getur ekki verið erfiðara að tala við heimspékinga en fegurðardrotningar. Íslensk dagskrárgerð hlýtur alltaf að snúast um hugmyndaauði, forgangsröðun og hugrekki; þá fyrst verða peningar vandamál þegar þeim er sóað í einsleitni.“

Myndhöfundakynning

Myndlistarmaðurinn Hugleikur Dagsson heldur fyrirlestur um verk sín á vegum Opna Listaháskólans kl. 12.30 í dag. Hugleikur er þjóðþekktur fyrir myndasögur sínar sem birst hafa víða í blöðum og hafa bækur hans á borð við Elskið okkur, Drepið okkur, Ríðið okkur og Bjargið okkur fallið vel í kramið hjá íslenskum lesendum. Erlend útgáfu fyrirtæki hafa nú einnig samið um sölu á verkum hans úti í hinum stóra heimi. Hugleikur hlaut enn fremur Grímuverðlaunin árið 2005 fyrir leikrit sitt Forðist okkur, sem byggir á myndasögum hans.

Erindi sitt flytur Hugleikur í húsakynningu Listaháskólans í Laugarnesi.



ANGELA HEWITT PÍANÓLEIKARI Heldur sérstaklega upp á Bach og leikur verk hans á tvennum tónleikum á Kanadískri menningarhátíð í Kópavogi.

Kamelljón hljómborðsins

Kanadíski píanóleikarinn Angela Hewitt heldur tónleika í Salnum í kvöld í tilefni af Kanadískri menningarhátíð. Hewitt hefur víða vakið athygli fyrir hæfileika sína og telst meðal fremstu píanóleikara heims um þessar mundir.

Angela Hewitt hóf píanónám aðeins þriggja ára gömul og kom fyrst fram opinberlega ári síðar. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna í alþjóðlegum tónlistarkeppnum og frægðarsól hennar hefur þróast skært á undanföllum árum, ekki síst vegna hljóðritana hennar fyrir útgáfufyrirtæki Hyperion.

Hewitt var í september kosin listamaður ársins 2006 af lesendum hins virta tímarits Gramophone og sú viðurkenning hefur oft verið kölluð Óskarsverðlaun klassískrar tónlistar.

Hewitt hefur verið kölluð arftaki Glenn Gould en landi hennar er þekktur sem einn besti samtímatúlkandi tónverka Bachs. Tónlistarheillan Angelu Hewitt frá barnæsku og nýlega lauk hún við hljóðritun á heildarverkum hans.

Verkefnið tók hana ellefu ár en afraksturinn má nú heyra á átján geisladiskum sem fengið hafa afbragðs viðtökur. Hewitt hefur einnig leikið mikið af tónlist annars barokkmeistarara, Francois Couperin, auk þess sem hljóðritanir hennar á tónlist eftir Chopin, Messiaen

og Ravel hafa hlotið einróma lof.

Hewitt kemur hingað til lands í tilefni af Kanadískri menningarhátíð sem nú stendur yfir í Kópavogi og heldur tvenna ólíka tónleika í Salnum. Hinir fyrri hefjast kl. 20 í kvöld en þar leikur hún verk eftir Bach og Beethoven. Á hinum síðari annað kvöld leikur hún önnur verk fyrrgreindra meistara ásamt verkum eftir Emmanuel Chabrier og Jean-Philippe Rameau en þess má geta að Hewitt hefur nýlega lokið við að hljóðrita verk hans og er diskur sá væntanlegur í byrjun næsta árs.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 í kvöld og á sama tíma annað kvöld. Nánari upplýsingar um dagskrá Kanadískrar menningarhátíðar má nálgast á heimasíðunni www.kopavogur.is.

- khh

Pinter leikur í verkum Becketts

Breska leikskáldið og Nóbelsverðlaunahafinn Harold Pinter flytur um þessar mundir einleik Samuels Beckett, Síðasta segulband Krapps, í sérstakri uppfærslu Royal Court leikhússins í London. Tilefnið er 100 ára afmæli Becketts og fimmtíu ára afmæli leikhússins sem frumsýndi mörg verka Becketts á sínum tíma. Nýlega lék hann einnig á móti Sir John Gielgud í kvikmyndaaðlögun leikskáldsins Davids Mamets á verki Becketts, Catastrophe, sem gerð var í tilefni af afmæli Becketts.

Pinter og Beckett, sem hafa með verkum sínum haft gífurleg áhrif á vestræna leiklistarsögu, voru nánir vinir en Pinter leikur hlutverk sem upphaflega var skrifað fyrir írsku leikarann Patrick Magee. Beckett samdi Síðasta segulband Krapps á þremur vikum en það var frumsýnt í Royal Court-leikhúsinu árið 1958. Pinter sá þá sýningu en hann vann einnig með Magee því þeir kynntust á leikferðalagi um Írland á sjötta



LEIKSKÁLDIÐ HAROLD PINTER Leikur á móti segulbandstæki í leikverki Becketts.

áratugum og komst hann þá í kynni við verk Becketts. Pinter leikstýrði síðan Patrick Magee í verkinu nokkrum árum síðar.

Verkið fjallar um einmana og hálfdrukkinn mann á sjötugsaldri sem hirist í herbergi á afmælis-

daginn sinn þar sem hann hlustar á upptökur sínar frá liðnum afmælisdögum.

Pinter og Beckett deildu ekki aðeins ástríðu fyrir leikhúsinu heldur einnig ást á krikketíþróttinni.

- khh

Galdrar leikhússins

LEIKLIST

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

Skoppa og Skríttla

Þjóðleikhúsið

Höfundar Hrefna Hallgrímsdóttir og leikhópurinn / **Leikarar** Linda Ásgeirsdóttir, Hrefna Hallgrímsdóttir og Katrín Þorvaldsdóttir / **Leikmynd og búningar** / **Katrín Þorvaldsdóttir** / **Tónlist** Hallur Ingólfsson / **Lýsing** Ásmundur Karlsson / **Leikstjóri** Þórhallur Sigurðsson.

Skoppa og Skríttla er sýning fyrir börn frá níu mánaða aldri – og auðvitað löngu tímabært að leikhúsin ali upp framtíðaráhorfendur, því lengi býr að fyrstu gerð. Ég ætla að leyfa mér að vera dálítið persónuleg í því samhengi til að undirstrika mikilvægi sýninga af þessu tagi. Ég byrjaði að fara í leikhús með dætur mínar þegar þær voru átján mánaða, fyrst barnasýningar og söngleiki og þyngdi svo smám saman róðurinn. Þar lærðu þær margt um það að vera manneskja – sem aftur sparaði mér mikil ræðuhöld. Í dag er leikhúsið eins sjálfsgödur og eðlilegur hluti í lífi þeirra og kvikmyndahús – og færir þeim ómælda ánægju.

Skoppa og Skríttla í Þjóðleikhúsinu er býsna skemmtileg sýning sem snýst um það að kynna þá merkilegu kúnst leiklistina fyrir yngstu áhorfundunum og sýna þeim galdrana sem hægt er að beita til að koma sögu á framfæri. Þær leika kött og ljón og fíl og kóng og drottningu, svo eitthvað sé nefnt – og með því einu að skipta um höfuðfat. Snara upp brúðuleikhúsi og skuggamyndasýningu, fá síðan krakkana upp á svið, setja á þau hatta til að setja þau í hlutverk og syngja með þeim. Inn á milli atríða er farið í litaleik og stafaleik – en sá stafaleikur er tengdur Lúsi, vinkonu þeirra, sem býr í kassa. En Lúsi er ekki heima og það er nokkur fyrirhöfn að hafa upp á henni. Krefst enn eins leikhúsgaldursins.

Í hlutverkum Skoppu og Skríttla eru Linda Ásgeirsdóttir og Hrefna Hallgrímsdóttir. Þær eru alveg bráðskemmtilegar frá byrjun – taka á móti krökkunum um leið og þau koma í húsið. Þar ganga þær á milli krakkanna og spjalla við þá á rólegum og eðlilegum nótum. Enda var ekki eitt einasta barn hrætt við þær. Eftir að hafa leitt börnin upp á leikhúslóftið hefst leikurinn og það má segja að þær leiki fremur við börnin en að leika fyrir þau. Þótt sýningin sé fjörleg er hún á mjög svo tempruðum nótum og virkilega öguð. Það er ljóst að leikstjóri hennar áltur ekki að ærsl og hamagang þurfi til að halda athygli barnanna. Umgjörð sýningarinnar er mjög svo skemmtileg; marglit fiðrildi í lofti og fyrir ofan lýsing sem breytist í stjörnur, tungl, bláan kulda og græna rigningu. Þar fyrir utan er leikmyndin að mestu byggð á þeim leikmunum sem notaðir eru í sýningunni. Búningar eru litríkir og sniðuglega hannaðir, undirstrika að Skoppa og Skríttla eru ævintýrapersónur. Skoppa og Skríttla í Þjóðleikhúsinu er heillandi og ævintýrleg sýning sem foreldrar ungra barna ættu ekki að láta krílin missa af.



LEIKHÚSGALDRAR FYRIR YNGSTU KYNSLÓÐINA „Heillandi og ævintýrleg sýning.“



UNGUM ER ÞAÐ ALLRA BEST Að glugga reglulega í kveðskap Hallgríms Péturssonar.

Viskan veitt

Heilræðavísur Hallgríms Péturssonar hafa löngum reynst íslenskum börnum gott veganesti og eiga víst enn við. Bókafélagið Ugly hefur nú gefið út vísurnar í litríkri útgáfu með myndskreytingum Önnu Þóru Árnadóttur.

Erindin nú, sem hefjast á hinum kunnuglegu orðum „Ungum er það allra best“ voru fyrst prentuð árið 1759, þá undir yfirskriftinni Heilræði, í svokölluðu Hallgrímskveri þar sem ýmsum kvæðum og sálum Hallgríms var safnað saman í eina bók. Síðan þá hafa Heilræðavísurnar verið prentaðar í ýmsum útgáfum meðal annars í Skóla-ljóðunum og í Sálmasafni Sigurbjörns Einarssonar.

Heilræði voru vinsæl yrkisefni fyrr á öldum þar sem menn veggjuðu dyggðir líkt og gert var í nýlatneskum og klassískum kveðskap. Hallgrímur orti fleiri kvæði í líkum anda en Heilræðavísur hans eru þekktustu ljóðsinnar tegundar hér á landi. - khh

Bágar brunavarnir

Nýtt leikhús í Kaupmannahöfn hugðist á dögunum frumsýna verk sem helgað er danska rithöfundinum Dan Turéll. Var mikill spenninngur fyrir verkinu enda Dan eða Onkel Danny eins og hann var kallaður þjóðsagnapersóna í dönsku menningarlífi í hartnær tvo áratugi, sérkennileg blanda af pönkara, róttæklingi og alþýðulístaðmanni.



DANNI FRÆNDI Frumsýningu á leikriti um lífshlaup hans var aflýst vegna brunavarnir en vonir standa til um að það bágra brunavarna.

komist í lag eftir nokkrar vikur. Vísar leikhússtjórn á borgaryfirvöld og öfugt.

Dan Turéll kom mörgum sinnum hingað til lands og dvaldi hér í nokkurn tíma í hvert sinn.

Hann var áberandi á götum Reykjavíkur þar sem hann skálmaði um svartklæddur og krúnurakaður með svartlakkadór neglur. Hann blandaði auðveldlega geði við fólk og eignaðist hér vini marga vini. Hann lést árið 1993.

- pbb

„SKYLDI HÆNA HAFNA SÁL?“

MEIN KAMPF

| | | | |
|--------------------------------------|-------------------------------------|--|-------------------------------------|
| RONJA RÆNINGJADÓTTIR | | MEIN KAMPF | |
| Sun 22/10 kl. 14 Sun 29/10 kl. 14 | Lau 28/10 kl. 14 Sun 5/11 kl. 14 | Lau 21/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20 | Fös 27/10 kl. 20 Lau 4/11 kl. 20 |
| VILTU FINNA MILLJÓN? | | SNIGLABANDIÐ | |
| Fös 20/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20 | Sun 29/10 kl. 20 Fim 9/11 kl. 20 | Útgáfutónleikar Sniglabandsins Mið 18/10 kl. 20:30 Miðaverð 2.200 | |
| FOOTLOOSE | | TÓNLISTARSKÓLI AKRANESS | |
| Sun 22/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20 | Fös 27/10 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20 | Þjóðlagasveit tónlistarskólans á Akranesi Mið 25/10 kl. 20:30 Miðaverð 1.500 | |
| BRILLJANT SKILNAÐUR | | AMADEUS | |
| Fim 26/10 kl. 20 Fim 9/11 kl. 20 | Fim 2/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20 | Fim 19/10 kl. 20 forsýning 1000 kr. Fös 20/10 kl. 13 forsýning 1000 kr. | |
| MANNTAFL | | VIÐ ERUM KOMIN-ÍÐ | |
| Sun 29/10 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20 | Fös 3/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20 | Októbersýning Íd, 2 ný verk: Við erum komin e. Ólöfu Ingólfssdóttur og Hver um sig e. Vaðal. Fim 19/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20 Sun 22/10 kl. 20 Aðeins þessar sýningar | |
| ÁSKRIFTARKORT | | | |
| 5 sýningar á 9.900 | | | |

SÍÐASTA SÖLUVIKA! Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000 www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

13 14 15 16 17 18 19

Mánudagur

SYNINGAR

- 10.00 Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir sýningunni **Pakkhús postulanna** í Hafnarhúsinu. Þar sýna ellefu listamenn, sem allir eru fæddir eftir 1968 verk af ýmsum toga. Sýningarstjórar eru **Daniel Karl Björnsson** og **Huginn Arason**.
- 10.00 Myndlistarkonan **Þórdís Aðalsteinsdóttir** sýnir verk sín í **Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum**. Sýningin ber yfirskriftina **Því heyrst þó hvíslað að einhverjir muni komast af** og geymir málverk og vídeóverk.
- 11.00 Yfirlitssýningin **Málverkið eftir 1980** stendur yfir í **Listasafni Íslands** við **Frikirkjuveg**. Fimmtíu og sex íslenskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni sem spannar 25 ára tímabil í íslenskri listasögu sem markast af innreið nýja málverksins í upphafi níunda áratugarins. Sýningarstjórar eru **dr. Halldór Björn Runólfsson** og **Laufey Helgadóttir**.
- 11.00 Yfirlitssýningin á verkum **Valgerðar Hauksdóttir** grafíklistamanns stendur yfir í menningarmiðstöðinni **Hafnarborg** í Hafnarfirði. Sýningin stendur til 30. október en hún er opin milli kl. 11-17.
- 11.00 Í menningarmiðstöðinni **Gerðubergi** gefur að líta sýningu á afrískum minjagripum sem mannfraeðingurinn **Ólöf Gerður Sigfúsdóttir** hefur tekið saman. Þar stendur einnig yfir sýning á ljósmyndum **Ara Sigvaldasonar**.
- 12.00 Í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** má sjá verk pólska ljósmyndarans **Chris Niedenthal** sem skrasetja sögu heimalands hans á árunum 1969-1989. Sýningunni lýkur 19. nóvember.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðan en sólarhring fyrir birtingu.

Þjóðleikhúsið
KVENNABÚRINU
ATH! Aðeins sýnt í október
25 ára og yngri: 50% afsl.
BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
7. sýn. fös. 20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - ALLRA SÍÐASTA SÝNING
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn. ÍSLENSKA ÓPERAN

afgangar
Fim. 19. okt. kl. 21.00
Fim. 26. okt. kl. 21.00
HAFIÐ BLÁA
Sun. 22. okt. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 12. nóv. kl. 13.30 sæti laus
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

Þjóðleikhúsið Þjóðleikhúsið fyrir alla!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur. Fös. 20/10 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning!
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson. Lau. 21/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 29/10 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 11/11 kl. 14:00, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 uppselt.
PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. Fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11 örfá sæti laus, fim. 9/11 örfá sæti laus, fös. 10/11 örfá sæti laus.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. Fim. 19/10 uppselt, fös. 20/10 uppselt, lau. 21/10 uppselt, sun. 22/10 kl. 17:00 uppselt.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00
SUMARDAGUR eftir Jon Fosse. Lau. 28/10. Allra síðasta sýning!
FOSSE HÁTÍÐ:
SUZANNAH eftir Jon Fosse/tónlist Atli Ingólfsson Gestaleikur frá Cinnober leikhúsinu í Gautaborg. Fim. 19/10 örfá sæti laus, fös. 20/10.
NAFNÍÐ OG SONURINN – leiklestur á tveimur verkum eftir Jon Fosse Lau. 28/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis.
MÁLÞING UM HÖFUNDARVERK JONS FOSSE Sun. 29/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.
LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00 og 12:15
SKOPPA OG SKRÍTTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur. Lau. 21/10 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, sun. 22/10 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, lau. 28/10 kl. 11:00 örfá sæti laus og kl. 12:15 örfá sæti laus, sun. 29/10 kl. 11:00 örfá sæti laus.
Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október
PÁTRÉKUR 1,5 eftir Michael Druker Höfn í Hornafirði þri. 17/10 kl. 13:00, Egilsstaðir mið. 18/10 kl. 16:00 og 20:00, Eskifjörður fim. 19/10 kl. 16:00, Húsavík fös. 20/10 kl. 16:00 og 20:00.
Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

Stjörnurnar og Hvíta húsið



LINDA EVANGELISTA Eignaðist sitt fyrsta barn á dögnum en vill ekki gefa upp hver faðirinn er.

Orðin mamma

Ofurfyrirsætan Linda Evangelista eignaðist sitt fyrsta barn á dögnum og er því orðin fullgildur meðlimur í mömmuklúbbi Hollywood sem fer stækkandi. Strákur var það og ber nafnið Augustin James Evangelista. Þetta er fyrsta barn hinnar 41 árs gömlu fyrirsætu en hún hefur ekki gefið upp í fjölmiðlum hver faðir barnsins er.

Evangelista er ekki hrædd við aukakílóin sem fylgja barnsburði og segist strax vera byrjuð að æfa jóga og líkamsrækt. Hún er einmitt ein þeirra fyrirsætta sem eru þekktar fyrir að nota hrukubann Botox í miklum mæli til að viðhalda unglegu útliti sínu.

Kvikmyndaleikarar hafa löngum gert sér dælt við stjórnmál og þeir eru ófáir sem hafa gælt við þá hugmynd að brjótast til valda í Ameríkuni. Áhugi stjarnanna fer síst þverrandi í byrjun 21. aldarinnar en nokkur fjöldi hefur lýst því yfir að hann vilji ekki flytjast í Hvíta húsið.

Áhugi leikara á gangi heimsmála hefur alltaf verið fyrir hendi. Raunar voru áhrifamenn í Hollywood mjög varir um sig þegar McCarthy-isminn reið yfir Bandaríkin og voru fjölmargir kvikmyndaleikarar sem klöppuðu ekki þegar Elia Kazan fékk afhent heiðursverðlaun Akadémíunnar árið 1999, enda var löngum talið að hann hefði sagt til þeirra leikara og leikstjóra sem hugsanlega aðhylltust kommúnisma, sem þá þótti dauðasýnd í Bandaríkjunum. Arnold Schwarzenegger ræður nú lögum og lofum í einu valdamesta landsvæði heims en Kalifornía er áttunda stærsta iðnveldið á jörðinni. Fáir hafa örugglega búist við því að Schwarzenegger ætti eftir að hafa áhrif á gang heimsmála enda þekktastur fyrir að leika vélmennið í Tortímandanum. Enginn skyldi þó útiloka að Bandaríkjunum yrði stjórnað af vaxtarræktartröllinu því sagan hefur sýnt að ríkisstjóraembættið í Kaliforníu er góð leið til ædstu metorða.

B-myndaleikari verður forseti

Ronald Reagan komst til valda í Hvíta húsinu 1981 og stjórnaði í tvö kjörtímabil eftir að hafa leikið í kvikmyndum og sjónvarpi í þrjá áratugi. Vafalítið sýnir stjórnmálaferill Reagans hversu mikilvægt það er fyrir frambjóðendur að eiga góða að í Hollywood. Sú saga hefur verið lífseig að kvikmyndaverið Universal hafi látið hann hafa mjög dýrt land sem Reagan síðan seldi fyrir morðfjár og kom undir sig fótunum fyrir baráttu sína í pólitíkinni sem leiddi til þess að hann varð ríkisstjóri í Kaliforníu árið 1967. Á þeim tíma var leikaraferill Reagans í molum, hann var þulur í sjónvarpsþætti og hefur oft verið talað

um kjör hans í ríkisstjórastöðuna sem endurkomu aldarinnar.

Fjölmíðlaspekingar hafa rýnt í ræður Reagans frá forsetatíð hans og telja sig hafa fundið einhverjar hliðstæður úr kvikmyndum hans. Tengsl hans við kvikmyndaheiminn kristölluðust kannski hvað skýrast þegar Bandaríkjaher reyndi að ná tökum á ástandinu í Granada og forsetinn spurði hvort ekki væri bara hægt að ná í Rambó.

Peir sem vilja ekki

Eftir að George W. Bush komst til valda var eins og demókrata-vængur Hollywood hefði vaknað til lífsins. Hann lét lítið fyrir sér fara á meðan Al Gore háði sína hildi við Bush enda hafa demókratar vafalítið deilt þeirri skoðun með heimsbyggðinni að þessi maður gæti aldrei verið kosinn af bandarísku þjóðinni. Nú þegar Bush hefur stjórnað í tæp tvö kjörtímabil er eins og stjórnum sitji í stjórnarandstöðu, þær þrá ekkert heitar en að koma „upplýstum“ einstaklingi til valda sem bjargi landinu úr þeim ógöngum sem það er komið í.

Athygli hefur vakið að fjölmargir leikarar hafa séð sig knúna til að lýsa því yfir að þeir ætli ekki, geti ekki eða hreinlega vilji ekki bjóða sig fram til forseta. George Clooney sagði nýlega að hann hefði sofið hjá of mörgum konum, farið í of mörg villt party og gert allt of marga skandala til að geta farið í framboð. Robin Williams tók undir þau orð heilshugar en hann er nýlega kominn úr meðferð. Hann benti hins vegar á Jack Nicholson, sem aldrei hefur farið leynt með stóllífi sitt. „Jack hefur gert allt og það tvisvar, sumt á hann meira að segja á myndbandi,“ sagði Williams.

Sean Penn hefur jafnframt sagt að hann gæti aldrei farið fram en hann hefur verið hvað ötulastur í gagnrýni á Bush-stjórnina. Ekki er langt síðan allt varð brjáláð í herbúðum sjónvarpsdrottningarinnar Oprah Winfrey þegar velkunnur viðskiptamaður skrifaði heila bók um það að hún ætti að bjóða sig fram til forsetaembættis. Hún þverneitaði að sjálf-sögðu öllu og hótaði málaferlum ef bókin kæmi út yfir höfuð. Clint Eastwood var um tíma bæjarstjóri í smábænum Carmel-by-the-Sea og var lengi orðaður við repúblikanaflokkinn en þess má til gamans geta að bæjarstjóra-embættið er ópólitískt í Carmel.

Næsti leikarforsetinn?

Warren Beatty komst ef til vill næst því að bjóða sig fram til valdamesta embættis hins vestræna heims. Beatty blandaði sér fyrst í stjórnmálaumræðuna þegar hann studdi framboð Roberts F. Kennedy

GET EKKI BOÐIÐ MIG FRAM George Clooney segist ekki geta orðið forseti Bandaríkjanna, hann hafi sukkað of mikið í gegnum tíðina.

AMERÍSKI DRAMURINN GÆTI RÆST Arnold Schwarzenegger gæti orðið næsti forseti Bandaríkjanna en hann stjórnar áttunda öflugasta hagkerfi heims um þessar mundir, Kaliforníu.

VERÐ ALDREI FORSETI Sean Penn er svarinn andstæðingur George W. Bush en segist ekki vilja verða forseti Bandaríkjanna.



NÆSTI FORSETI BANDARÍKJANNA? Áhugi Warren Beatty á Hvíta húsinu hefur aldrei verið neitt leyndarmál en hann hefur einu sinni komist mjög nærri því að bjóða sig fram og útilokar ekki að það muni gerast í náinni framtíð.

1968 með ráðum og dád. Beatty hélt ræður til stuðnings Kennedy en eins og flestum ætti að vera kunnugt var Kennedy skotinn sama kvöld og honum hafði tekist að vinna hið mikilvæga ríki Kaliforníu í forkosningunum innan Demókrataflokkssins. Beatty var seinna orðaður við forsetaframboð árið 1999 þegar ljóst varð að einu framboðinu úr röðum Demókrataflokksins voru

þáverandi varaforseti Al Gore og öldungadeildarþingmaðurinn Bill Hartley en Beatty var ekki sáttur við þessa valmöguleika. Hann hætti hins vegar við árið 2000 en gaf það sterklega í skyn að hann væri ekki búinn að útiloka framboð síðar. Beatty hefur nú verið orðaður við ríkisstjórastöðuna í Kaliforníu enda hefur stuðningur við Arnold farið mjög þverrandi. Beatty hefur hins vegar tjáð fjölmiðlum að hann sækist ekki eftir því embætti. freyrgigja@frettabladid.is

ORÐUÐ VIÐ HVÍTA HÚSIÐ Oprah Winfrey var hvött til forsetaframboðs af þekktum viðskiptajöfri en hann lýsti yfir stuðningi sínum í heilli bók.

LEIKARAFORSETINN Ronald Reagan varð forseti Bandaríkjanna árið 1981 eftir að hafa gegnt ríkisstjórastöðu í Kaliforníu um nokkurra ára skeið en hann var vel þekktur B-myndaleikari í Hollywood.

VERTU TONY MONTANA Í EINUM SVALASTA LEIK ÁRSINS. BYGGÐU UPP GLÆPAVELDIÐ OG NÁÐU FRAM HEFNDUM.

SCARFACE

THE WORLD IS YOURS

SENDU SMS BTC CFF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
ADALVINNINGUR ER PS2 TÖLVA + LEIKURINN

VINNINGAR ERU: SCARFACE LEIKUR (PC OG PS2), PS2 STYRIPINNAR, PS2 MINNISKORT, DVD MYNDR, FULLT AF ÖRULM TÖLVULEIKJUM OG MARGT FLEIRA

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbbi. 149 kr/skeytið.

BT HÉR ÚR

8 HVER VINNUR

Tískan í Smáralind

Í tilefni af 5 ára afmæli Smáralindar var blásið til tískusýningar á fimmtudaginn þar sem gestum gafst kostur á að sjá það nýjasta sem er að gerast í vetrartískunni hjá verslunum Smáralindar. Áhersla var lögð á yfirhafnir, töskur og fylgihluti enda er það með því helsta sem endurnýjar sig fyrir veturinn. Sýningin var hin glæsilegasta og var það Anna Rákel Róbertsdóttir sem sá um hana. Fyrirsæturnar þrömmuðu niður tiskupallinn í takt við tónlist úr smíðju Gísla Galdurs plötusnúðs.



FIÓLUBLÁTT Einn af heitari litum vetrarins og hér sést stutt kápa í þessum fallega lit. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



FALLEGT Margt var um manninn á fimmtudagskvöldið í Smáralind og gestir forvitnir að sjá hvað er í gangi í tiskunni fyrir komandi vetur.



PEYTTI SKÍFUM Hinn þekkti plötusnúður Gíslur Galdur sá um tónlistina í sýningunni.

Pottþétt hommapopp!

[UMFIJÖLLUN]

TÓNLIST

Maður þarf kannski ekki að vera samkynhneigður til þess að njóta tónlistar Scissor Sisters, en maður þarf svo sannarlega að vera hýr. Þessir tónar eru á svo ýktri uppsveiflu að það er bara ekki mögulegt að hafa gaman af þessu ef maður er dramafkill eða eilífðar fylupúki.

Það er ekki hægt að segja annað en að Ta-Dah sé skotheldur fylgiskur fyrstu plötu þeirra. Þar sem þau virtust hvort eð er vera fyrir kampavín og glamúr áður en þau urðu fræg er líka ómögulega hægt að segja að frægðin hafi breytt þeim nokkuð, bara leyft þeim að skína sínu skærasta. Fyrir tveimur árum skiluðu þau af sér partíplötu undir töluverðum áhrifum frá Elton John. Núna kemur Elton John bæði við sögu sem gestur og meðhöfundur. Á þessari plötu er líka lag sem heitir Paul McCartney. Þýðir það þá að hann muni semja með þeim næstu plötu? Það er þó ekki eins og þau þurfi á því að halda, þessar poppsmíðar eru skotheldar, spyrjið bara Kylie sem fékk þau til þess að semja næstu plötu með sér.

Þetta er sama diskópoppið og síðast. Það er svo froðukennt að það er kannski ekki auðveldasti hlutur í



SCISSOR SISTERS:

TA-DAH

NIÐURSTAÐA: Önnur breiðskífa Scissor Sisters er nokkuð skotheld popplata. Við eigum bókað eftir að standa okkur að því að raula lög af þessari plötu í tíma og ótíma á komandi mánuðum.

heimi að hlusta alla leið í gegn í einni atlögu, en hér vantar svo sannarlega ekki slagarana. Uppáhalds lögin mín eru dramatíska tilfinningapopplagið The Other Side, popplagið She's My Man og I Can't Decide sem hljómar eins og lag sem Dóróthea myndi flauta valhoppandi á leið sinni niður gula múrsteinaveginn í átt að Galdrakarlinum í Oz. Lights ætti svo að höfða vel til allra aðáenda Bee Gees.

Önnur breiðskífa Scissor Sisters framlengir án efa góða skapið, en ekki dirfast að setja þessa plötu á ef þú ert í fýlu! Þá hljómar þessi tónlist bara eins og einhver sé að gera grín að þér. **Birgir Örn Steinsson**



PAUL MCCARTNEY Bítillinn fyrrverandi ætlar að skrá nafn sitt sem vörumerki.

Skráð sem vörumerki

Bítillinn fyrrverandi Paul McCartney ætlar að skrá nafn sitt sem vörumerki. Vill hann nota nafnið í tengslum við ýmiss konar fatnað sem hann ætlar að senda frá sér í framtíðinni auk þess sem vörumerkið verður notað fyrir grænmetisvatn úr herbúðum hans.

Með því að skrá nafnið sem vörumerki getur hann höfðað mál gegn öllum þeim sem kynnu að reyna að hagnast á nafni hans í framtíðinni.



DYNASTY John Forsythe ásamt meðleikkonum sínum úr Dynasty: Diahann Carroll, Lindu Evans og Joan Collins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dynasty-stjarna veik

John Forsythe, fyrrum leikari í bandarísku sápuóperunni Dynasty og rödd Charlie í sjónvarpsþáttunum og kvikmyndunum Charlie's Angels, greindist með krabbamein fyrir einum mánuði. Er hann við ágæta heilsu núna eftir að hafa gengist undir aðgerð á sjúkrahúsi.

Forsythe, sem er 88 ára, lék Blake Carrington í Dynasty á árunum 1981 til 1989. Var hann þrívægis tilnefndur til Emmy-verðlaunanna.

Forsythe hóf feril sinn á fimmta áratugnum. Lék hann m.a. í myndum Alfred Hitchcock; The Trouble With Harry og Topaz.

TUCSON

2.7L ssk. 175 hö.
Kr 2.990.000

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- Skriðstillir
- Sjálfvirk 4x4 aldrif
- Driflæsing
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftenging fyrir barnabílstól
- Gullverðlaun fyrir gæði

Vertu í góðum málum



TUCSON 1830 mm
RAV4 1815 mm
TUCSON 4325 mm
RAV4 4315 mm
TUCSON 1730 mm
RAV4 1685 mm



Toyota RAV4 GX, 150 hö ssk. kr. 3.380.000
TUCSON, 175 hö ssk. kr. 2.990.000

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Hefur gæðin

Nelgdi fyrsta sætið þegar hún var sýnd í USA fyrir nokkru.

„Nýtt lágmark“
-WASINGTON TIMES

Biluð skemmtun!



Jackass number two

Varúð Þrælurinn í þessari mynd varu framkvæmdar af atvinnuáttum, þannig að hvorki þú né heimsku lítu vinnu þínu réttu að reyna að leika þær eftir.



Frábær ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna.

THE THIEF LORD

bókin sem myndin er byggð hefur þegar komið út í íslenski þýðingu.



Nýjasta stórvirkni frá Oliver Stone

NICOLAS CAGE

WORLD TRADE CENTER

Stórmynd sem lætur engan ónsnortin.



www.haskolabio.is

WORLD TRADE CENTER

Stórmynd sem lætur engan ónsnortin.



★★★★
S.V. MEL
EINN ÖVANTASTI GLEÐJAFI ÁRSINS

THE QUEEN



Beerfest



ÖBYGGDIRNAR

„THE WILD“

Synd með íslensku og ensku tali!



BÖRN

KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

| SAMBÍÖN / ÁLFABAKKA | | | |
|------------------------------|-----------------------------|-------|--|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | B.12 | |
| JACKASS NUMBER TWO VIP | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | | |
| THE THIEF LORD | kl. 4 - 6 - 8 | Leyfð | |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.12 | |
| BEERFEST | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:15 | B.12 | |
| NACHO LIBRE | kl. 10:10 | B.17 | |
| BÖRN | kl. 8 | B.12 | |
| STEP UP | kl. 5:50 - 10:10 | B.17 | |
| ÖBYGGDIRNAR M/- Ísl.tal. | kl. 4 | Leyfð | |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl.tal. | kl. 3:40 | Leyfð | |

| SAMBÍÖN / KRINGLUNNI | | | |
|--------------------------|----------------------|-------|--|
| BEERFEST | kl. 5:45 - 8 - 10:10 | B.12 | |
| THE THIEF LORD | kl. 6 - 8 | Leyfð | |
| HARSH TIMES | kl. 10:10 | B.16 | |
| BÖRN | kl. 8 - 10:10 | B.12 | |
| ÖBYGGDIRNAR M/- Ísl.tal. | kl. 6 | Leyfð | |

| SAMBÍÖN / KEFLAVÍK | | | |
|--------------------|---------------|------|--|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 8 - 10:10 | B.12 | |
| BEERFEST | kl. 8 | B.12 | |
| HARSH TIMES | kl. 10:10 | B.16 | |

| SAMBÍÖN / AKUREYRI | | | |
|--------------------|----------------|-------|--|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 6 - 8 - 10 | B.12 | |
| THE THIEF LORD | kl. 6 - 8 | Leyfð | |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 10 | B.12 | |

Mogga 2 fyrir 1*

á mánudögum í bíó

*sjá miða framan á morgunblaðinu í dag

Skammast sín mjög

Leikarinn Mel Gibson segist skammast sín mikið fyrir ummæli sín um gyðinga er hann var handtekinn fyrir ölvunar-akstur á dögnum. Segir hann skýringuna fyrir ummælunum líklega vera gagnrýni gyðinga á kvikmynd hans The Passion of the Christ frá árinu 2004. „Við skulum hafa þetta á hreinu. Hérna sit ég bláedrú fyrir framan alla landsmenn,“ sagði hinn fimmtugi Gibson í viðtali við Diane Sawyer á ABC-sjónvarpsstöðinni. „Ég er ekki á þeirri skoðun að gyðingar séu ábyrgir fyrir öllum stríðum í heiminum. Það er fánægleg staðhæfing sem var sögð undir áhrifum áfengis,“ sagði hann.



Asnastrik á færribandi

Vitleysingagengið sem kennir sig við Jackass náði heimsfrægd með þá Steve-O og Johnny Knoxville í broddi fylkingar í samnefndum sjónvarpsþáttum á MTV þar sem þeir skemmtu áhorfendum með því að vinna sjálfum sér mein með alls kyns áhættuatriðum og uppátækjum.

Velgegninni var fylgt eftir með bíomýndinni Jackass - The Movie þar sem hópurinn gaf ekkert eftir í innbyrðis líkamsmeiðingum. Þeir hafa greinilega ekki enn fengið sig fullsadda af fíflaganingum þar sem þeir eru mættir til leiks enn á ný í myndinni Jackass 2 sem er frumsýnd á Íslandi um helgina.

Það þarf svo sem ekki að hafa mörg orð um það sem búið er upp á þar og þeir sem þekkja hópinn vita upp á háir að hverju þeir eru að ganga.

„Þú veist hvernig þetta er. Fólk snýr sér alltaf við þegar það verða slys“, sagði Steve-O þegar hann útskýrði vinsældir Jackass í viðtali við Fréttablaðið þegar hann kom til Íslands fyrir þremur árum.

„Ég er samt ekkert að reyna að slasa mig og reyni alltaf að undirbúa mig skynsamlega. Það verður samt auðvitað að vera einhver áhætta, annars tekur því ekki að taka þetta upp.“ Svo mörg voru þau orð og nýja myndin er veisla fyrir þá sem vilja horfa á Steve-O og félagi bregða á leik.

„Ég er auðvitað fífl og hef verið það allt mitt líf. Eini munurinn núna er sá að ég er orðinn atvinnufífl og fæ borgað fyrir þetta,“ sagði Steve-O á sínum tíma og afstæða hans hefur greinilega ekki breyst.



JACKASS Rugludallarnir í genginu eru fyrir löngu orðin atvinnu menn í líkamsmeiðingum og fíflagangi og eru mættir til leiks með nýja bíomýnd.

Dallas í uppnámi

Ákveðið hefur verið að fresta tökum á kvikmyndinni Dallas sem byggir á samnefndum sjónvarpsþáttum sem gerðu garðinn frægan hér á landi á níunda áratugnum.

Tökur á myndinni áttu að hefjast í næsta mánuði en ekkert verður af þeim í bili. Leikstjórinn Gurinder Chadha var víst óánægður með leikarana sem áttu að leika í myndinni og ætla að skipta þeim öllum út, ef undan er skilinn John Travolta sem mun fara með hlutverk illmennisins JR Ewing.

Jennifer Lopez átti upphaflega að leika Sue Ellen, eiginkonu JR, en af einhverjum ástæðum hætti hún við fyrr á árinu. Shirley MacLaine átti að leika Miss Ellie og Luke Wilson átti að fara með hlutverk Bobby Ewing, bróður JR.

Nú er stefnan að fá nýja leikara í myndina og framleiða hana síðan fyrir minni pening en áætlað var í upphafi. Einnig stendur til að breyta handritinu þannig að það höfði meira til yngri áhorfendahóps.



JR EWING John Travolta mun feta í fótspor Larry Hagman og leika illmenninn JR Ewing.



Ford

Nýtt tákni um gæði

Ford Explorer Sport Trac XLT Sport 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Uppskerutilboð 3.490.000 kr.
Bílasamningur 41.900 kr.
Rekstrarleiga 64.100 kr.

Góð tíð 3.490.000 kr.

Komdu á Uppskeruhátíð Brimborgar í dag. Ofurtilboð.

Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** velji þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækka þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á uppskeruverði.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

EIN VINSÆLASTA MYND Á ÍSLANDI ER KOMINN Á DVD!

THE DA VINCI CODE

FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNAHAFANUM RON HOWARD

SENDU SMS BTC DVF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ.

ADALVINNINGUR ER DA VINCI CODE Á DVD OG DVD SPILARI!

Aukvinningar eru DaVinci Code á DVD, DaVinci leikurinn, DVD myndir, fullt af öðrum tölvuleikjum og margt fleira!

KOMINN Í BT!

8 HVER VINNUR!

BT

HORFÐU MYNDINA OG SPILADU LEIKINN!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS hlúð, 149 kr/skeytið.

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendrar mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendrar mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueittir lík samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

> Kristján skrifar undir nýjan samning

Markvörðurinn knái Kristján Finnbogason er búinn að skrifa undir nýjan tveggja ára samning við KR. Kristján var að íhuga að leggja hanskana á hilluna eftir síðasta tímabil en hefur nú snúist hugur. Gengið var frá samningnum um helgina en samningurinn er uppgegnlegur af beggja hálfu eftir næsta sumar.

„Maður byrjar bara á einu tímabili og sér svo til,“ sagði Kristján í samtali við Fréttablaðið í gær. Kristján er þrjátíu og fimm ára gamall og hefur verið einn besti markvörður þjóðarinnar síðustu ár.



sport
sport@frettabladid.is

LOGI GUNNARSSON: HEFUR FARIÐ VEL AF STAÐ MEÐ FINNSKA LIÐINU TOPO OG YFIRMENN PAR Á BÆ ERU YFIR SIG HRIFNIR

Tilbúnir að bjóða honum nýjan samning

Körfuknattleiksmaðurinn Logi Gunnarsson hefur farið gríðarlega vel af stað með nýja félaginu sínu ToPo Helsinki. Logi er búinn að leika þrjá leiki með liðinu og skora í þeim 77 stig, eða 25,7 stig að meðaltali. Stjórnarmenn félagsins eru svo ánægðir með Loga að þeir segjast vera tilbúnir að bjóða honum nýjan samning en ekki er nema rúm vika síðan Logi skrifaði undir samning við félagið sem gildir út yfirstandandi leiktíð. Það var gott hjóð í Loga þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær.

„Byrjunin er búin að vera bara mjög fín og ég er mjög ánægður með þetta. Ég var staðráðinn í að standa mig en þetta er bara rétt að byrja, það eru enn 40 leikir eftir af tímabilinu,“ sagði Logi en finnska deildin þykir nokkuð sterk á evrópskan mælikvarða. „Þetta er tvímælalaust betri deild en sú sem ég lék í í fyrra, sem var önnur deildin í Þýskalandi.“

Allir leikir Loga hingað til með ToPo hafa verið á útivelli en á miðvikudaginn leikur Logi sinn fyrsta heimaleik með



liðinu. „Formaður ToPo er búinn að gefa íslenska sendiráðinu í Helsinki 30 eða 40 miða fyrir leikinn á miðvikudaginn og það mætir vonandi fullt af Íslendingum á leikinn. Þessi klúbbur er eitt af þeim þremur stærstu í Finnlandi. Það er góð umgjörð í kringum leikina og það er líka vel mætt á þá. Körfuboltinn er mjög vinsæll hérna en ishokki er langvinsælasta íþróttin í Finnlandi,“ sagði Logi en Falur Harðarson lék með ToPo um tíma árið 2000. Þjálfari ToPo er aðstoðarlandsliðsþjálfari finnska landsliðsins og tók eftir Loga þegar Íslendingar léku gegn Finnum.

„Stjórnarmennirnir eru það ánægðir með mig að þeir eru strax farnir að tala um nýjan samning áður en ég er búinn að spila einn heimaleik. Þeir vilja að ég skrifi undir stærri og lengri samning og eru búnir að hafa samband við umboðsmanninn minn. Ég sagði nú við þá að ég vildi bíða aðeins og sjá hvað gerist á næstu vikum. Ég er ekki ennþá kominn með íbúð, ég bý enn á hóteli,“ sagði Logi, sem er með samning við ToPo út leiktíðina.



EFNILEGASTI LEIKMAÐURINN Birkir Már Sævarsson, leikmaður Vals, var valinn efnilegasti leikmaðurinn í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



MARKAHÆSTU STELPUARNAR Þessar stelpur skoruðu samtals 79 mörk í Landsbankadeild kvenna í sumar.



LIÐ ÁRSINS Hér má sjá lið ársins í Landsbankadeild kvenna.



BESTI DÓMARINN Garðar Örn Hinriksson var valinn besti dómari í sumar.



BESTA OG EFNILEGASTA FÓLKIÐ Hér eru Viktor, Margrét, Guðný og Birkir með sínar viðurkenningar.



LIÐ ÁRSINS Hér er lið ársins í Landsbankadeild karla.

Akureyri náði jafntefli

Akureyri náði jafntefli gegn Haukum á Ásvöllum í DHL-deild karla í gær. Haukar voru yfir nánast allan leikinn en Akureyri náði aldrei forystunni. Liðin eru því jöfn að stigum eftir þrjá leiki, bæði með þrjú stig.

HANDBOLTI „Miðað við gang leiksins get ég ekki verið annað en sáttur við þessi úrslit. Við vorum hörmulegir í fyrri hálfleik og getum þakkað fyrir að hafa verið þremur mörkum undir í hálfleik,“ sagði Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar, eftir að liðið náði jafntefli gegn Haukum 34-34 í gær. Haukar voru yfir á heimavelli sínum nánast allan leikinn en gestirnir náðu aldrei forystunni. „Við töluðum um það í hálfleik að við yrðum að rífa okkur upp og ég get hrósað mínum mönnum fyrir að hafa náð að koma til baka. Hins vegar hefði ég viljað að við hefðum spilað almennilegan handbolta í þessum leik. Ég er alls ekki sáttur við það hvernig við spiluðum en baráttan skilaði okkur einu stigi,“ sagði Rúnar en sóknarleikurinn var í aðalhlutverki í þessum leik í gær.

Þegar fyrri hálfleikurinn var tæplega hálfnaður var staðan jöfn 7-7 en þá náðu Haukar ákveðnum völdum á vellinum og náðu mest sex marka forskoti í síðari hálfleik. Lengi vel leit út fyrir að sigur Hauka yrði nokkuð öruggur og myndi ekki lenda í neinni umtalsverðri hættu. Akureyringar gáfust þó ekki upp og hægt og bitandi tókst þeim að jafna metin. Mikil



ÁRNI SIGTRYGGSSON Reynir hér að finna liðið gegnum vörn Akureyrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



HÖRD BARÁTTA Það var hart barist á Ásvöllum í dag og ekkert var gefið eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

spenna var undir lokin. Jafnræði var með liðunum á lokamínútunum, Andri Snær Stefánsson jafnaði fyrir Akureyri 34-34 þegar 45 sekúndur voru eftir.

Á síðustu sekúndunum var mikil baráttu og tveir leikmenn Akureyrar fengu brottvísun, annar með rautt spjald en það var Rúnar Sigtryggsson. Hjá Haukum fékk Andri Stefánsson rauða spjaldið. „Það voru mikil læti þarna undir lokin og ég átti fyllilega skilið að fá rautt spjald. Þetta voru ungir dómamar og þeir misstu aðeins tökin á þessu. Þeir gáfu vitlausum manni rautt spjald og þannig byrjaði þetta,“ sagði Rúnar.

Í síðustu sókn leiksins fékk Samúel Ívar Arnason færi til að tryggja Haukum sigurinn en Sveinbjörn Pétursson, ungur markvörður gestaliðsins, varði vel

og sá til þess að annað stigið fór norður. Bæði Haukar og Akureyri hafa nú þrjú stig eftir þrjár umferðir en vildu líklega hafa þau aðeins fleiri.

„Ég er ekki alveg sáttur við byrjunina á þessu móti hjá okkur. Við spiluðum færri æfingaleiki fyrir mót og erum í verri leikæfingu en önnur lið. Þetta á samt allt eftir að koma,“ sagði Rúnar.

Liðin eru nú jöfn að stigum þegar þrjár umferðir eru búnar af deildinni, bæði með þrjú stig. HK sitja í efsta sæti deildarinnar með fimm stig en Valur og Fylkir eru báðir með fjögur stig.

Bæði liðin hafa nú þrjú stig eftir þrjá leiki í deildinni. HK eru eftir með fimm stig á eftir þeim koma Valur og Fylkir með fjögur stig.

elvalgeir@frettabladid.is



RIBERY Fór á kostum á HM í sumar.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Leikmannamál Arsenal: Arsene Wenger vill Ribery

FÓTBOLTI Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, vill ólmur fá vængmanninn Franck Ribery til félagsins. Ribery er 23 ára og var hann orðaður við Arsenal í sumar en á endanum ákvað hann að vera áfram í herbúðum Marseille. Bruno Heidersheid, umboðsmaður leikmannsins, sagði í samtali við News of the World að hann væri mjög áhugasamur að fá Ribery á næsta ári.

Ribery sló í gegn á heimsmeistaramótinu í sumar þar sem hann var í lykilhlutverki í franska landsliðinu. „Franck er mjög hrifinn af leikstíl Arsenal og þá er Thierry Henry náinn vinur hans,“ sagði Heidersheid. Ribery er oft nefndur sem hugsanlegur arftaki Zinedines Zidane hjá franska landsliðinu.

Arsene Wenger hefur verið duglegur að kaupa franska leikmenn á sínum ferli og margir hafa gagnrýnt hann fyrir að tefla fram fáum ensku leikmönnum í Arsenal.

- egm

Mikið var um dýrðir á lokahófi Knattspyrnusambands Íslands:

Viktor Bjarki og Margrét Lára best

FÓTBOLTI Lokahófi Knattspyrnusambands Íslands var haldið á laugardagskvöldið og þar var mikið um dýrðir. Eins og venjulega voru veittar viðurkenningar fyrir afrek sumarsins. Besti leikmaður Landsbankadeildar karla var valinn Viktor Bjarki Arnarson og besti leikmaðurinn hjá konunum var Margrét Lára Viðarsdóttir. Efnilegustu leikmenn Íslandsmótsins fengu einnig viðurkenningu og það voru Valsmennirnir Birkir Már Sævarsson og Guðný Björk Óðinsdóttir.

Einnig voru valin lið ársins bæði í Landsbankadeild karla og kvenna. Lið ársins er þannig skipað að markvörður er Daði Lárusson (FH), varnarmenn eru Birkir Már Sævarsson (Val), Ármann

Smári Björnsson (FH) og Gunnlaugur Jónsson (KR), á miðjunni eru Sigurvin Ólafsson (FH), Jónas Guðni Sævarsson (Keflavík), Pálmi Rafn Pálmason (Val) og Viktor Bjarki Arnarson (Vík-íngi) og í framlínunni eru Björgólfur Takefusa (KR), Marel Baldvinsson (Breiðabliki) og Tryggvi Guðmundsson (FH). Þjálfari ársins hjá körlunum er Teitur Þórðarson (KR).

Lið ársins hjá konunum er þannig skipað að í markinu er Þóra B. Helgadóttir (Breiðabliki), varnarmenn eru Ásta Árnadóttir (Val), Ólína G. Viðarsdóttir (Breiðabliki) og Guðný B. Óðinsdóttir (Val), miðjumenn eru Erna B. Sigurðardóttir (Breiðabliki), Hólmfríður Magnúsdóttir (KR), Katrín Jónsdóttir (Val), Katrín

Ómarsdóttir (KR) og Raket Logadóttir (Val), í framlínunni eru svo Margrét L. Viðarsdóttir (Val) og Nína B. Kristinsdóttir (Keflavík). Þjálfari ársins hjá konunum er Elísabet Gunnarsdóttir (Val).

Markahæstu leikmenn móttanna voru Marel Baldvinsson hjá Breiðabliki, en hann skoraði ellefu mörk í þrettán leikjum, og Margrét Lára Viðarsdóttir hjá Val sem skoraði 34 mörk í fjórtán leikjum.

Stuðningsmenn Skagamanna fengu verðlaun fyrir stuðning sinn í sumar og Jónas Guðni Sævarsson, Keflvíkingur, og Ásta Árnadóttir hjá Val fengu Háttvísiverðlaun Mastercard. Garðar Örn Hinriksson fékk einnig viðurkenningu sem besti dómari Íslandsmótsins.

- dsd

Íþróttabandalag Akraness:

Þrír leikmenn framlengja

FÓTBOLTI Þrír leikmenn ÍA hafa skrifað undir nýja samninga við félagið. Leikmennirnir sem um ræðir eru Ellert Jón Björnsson, Páll Gísli Jónsson og Heimir Einarsson.

Heimir gerði þriggja ára samning við félagið en þeir Ellert Jón og Páll Gísli gerðu tveggja ára samning.

Guðjón Þórðarson, þjálfari liðsins, hefur sagt að félagið muni reyna að halda þeim leikmönnum sem fyrir eru hjá félaginu áður en svipast verður um eftir nýjum leikmönnum.

Fréttablaðið sagði frá því á dögnum að Igor Pesic myndi ganga í raðir Fram og enn er spurningarmerki hvað Hafþór Ægir Vilhjálmsson gerir.

- dsd

Á MIÐVIKUDAG KL. 18:30

CHELSEA BARCELONA

MEISTARADEILDIN



UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE



FIÐDÖGUR

SNÝR AFTUR

Á MORGUN

- 16:15 CSKA Moskva - Arsenal *Sýn*
- 18:30 Man. Utd. - FC Kaupmannahöfn *Sýn*
- 18:30 Steaua Búkarest - Real Madrid *Sýn Extra*
- 18:30 Celtic - Benfica *Sýn Extra 2*

Á MIÐVIKUDAG

- 18:30 Chelsea - Barcelona *Sýn*
- 18:30 Bordeaux - Liverpool *Sýn Extra*
- 18:30 Sporting - Bayern München *Sýn Extra 2*

SYN
besta sætið

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Norska úrvalsdeildin

| | |
|---|-----|
| LYN-BRANN | 2-0 |
| Stefán Gíslason lék allan leikinn í liði Lyn og lagði upp fyrra markið en Indriði Sigurðsson var ekki í hópnunum. Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason léku allan leikinn fyrir Brann en Ármann Smári Björnsson sat á bekknum. | |
| MOLDE-VÄLERENGA | 0-3 |
| Marel Baldvinsson var í byrjunarliði Molde en var skipt út af í síðari hálfleik. Árni Gautur Arason lék allan leikinn í liði Välerenga. | |
| ODD GRENLAND-VIKING | 0-1 |
| Birkir Bjarnason kom inn á á síðustu mínútu leiksins. | |
| SANDEFJORD-LILLESTRÖM | 1-1 |
| STABÆK-START | 2-2 |
| Veigar Páll Gunnarsson lék allan leikinn og skoraði fyrra mark Stabæk. Jóhannes Harðarson var ekki í leikmannahópi Start. | |
| TROMSÖ-FREDRIKSTADT | 3-1 |

STADAN:

| | | | | | | |
|-------------|----|----|---|----|-------|----|
| ROSENBORG | 22 | 13 | 6 | 3 | 38-20 | 45 |
| SK BRANN | 23 | 13 | 4 | 6 | 36-27 | 43 |
| LILLESTRÖM | 23 | 10 | 8 | 5 | 38-31 | 38 |
| VÄLERENGA | 23 | 10 | 5 | 8 | 35-26 | 35 |
| IK START | 23 | 9 | 7 | 7 | 27-28 | 34 |
| STABÆK | 23 | 8 | 9 | 6 | 39-32 | 33 |
| FC LYN | 23 | 9 | 5 | 9 | 30-31 | 32 |
| ODD GRENL. | 23 | 7 | 8 | 8 | 28-31 | 29 |
| HAM KAM | 22 | 7 | 5 | 10 | 31-30 | 26 |
| VIKING FK | 23 | 7 | 5 | 11 | 24-31 | 26 |
| SANDEFJORD | 23 | 7 | 5 | 11 | 32-43 | 26 |
| FREDRIKSTAD | 23 | 6 | 7 | 10 | 33-43 | 25 |
| MOLDE FK | 23 | 7 | 3 | 13 | 26-38 | 24 |
| TROMSÖ | 23 | 6 | 5 | 12 | 29-35 | 23 |

Svenska úrvalsdeildin

| | |
|---|-----|
| ÖSTER-HÄCKEN | 1-1 |
| Hvorki Helgi Valur Danielsson né Ari Freyr Skúlason léku með sínum liðum. | |

Danska úrvalsdeildin

| | |
|---|-----|
| FC NORDSJÄLLAND-SILKEBORG | 5-1 |
| Hörður Sveinsson, Hólmari Örn Rúnarsson og Bjarni Ólafur Eiríksson voru allir í byrjunarliði Silkeborgar. Hörður Sveinsson skoraði eina mark liðsins og lék allan leikinn en Hólmari og Ólafur var skipt út af í síðari hálfleik. | |
| BRÖNDBY-FC MIDTJYLLAND | 1-3 |
| Hannes Þ. Sigurðsson var í byrjunarliði Brøndby og skoraði eina mark liðsins. | |

Spanska úrvalsdeildin

| | |
|---------------------------|-----|
| BARCELONA-SEVILLA | 3-1 |
| REAL BETIS-DEPORTIVO | 1-1 |
| VILLARREAL-ESPYANOL | 0-0 |
| SOCIEDAD-ZARAGOZA | 1-3 |
| OSASUNA-RACING | 0-1 |
| LEVANTE-MALLORCA | 0-1 |
| GIMNASTIC-ATHLETIC BILBAO | 2-3 |
| CELTA VIGO-VALENCIA | 3-2 |

STADAN:

| | | | | | | |
|---------------|---|---|---|---|------|----|
| FC BARCELONA | 6 | 5 | 1 | 0 | 16-5 | 16 |
| VALENCIA CF | 6 | 4 | 1 | 1 | 12-5 | 13 |
| AT. MADRID | 6 | 4 | 1 | 1 | 10-5 | 13 |
| SEVILLA FC | 6 | 4 | 0 | 2 | 13-8 | 12 |
| REAL MADRID | 6 | 3 | 2 | 1 | 8-3 | 11 |
| REAL ZARAGOZA | 6 | 3 | 1 | 2 | 14-9 | 10 |
| DEPORTIVO | 5 | 3 | 1 | 1 | 7-4 | 10 |
| RECREATIVO | 6 | 3 | 1 | 2 | 8-6 | 10 |

Enska úrvalsdeildin

| | |
|---|-----|
| NEWCASTLE-BOLTON | 1-2 |
| 1-0 Shola Ameobi, víti (19.), 1-1 El-Hadji Diouf (55.), 1-2 El-Hadji Diouf (57.). | |

STADA EFSTU LIDA:

| | | | | | | |
|-------------|---|---|---|---|------|----|
| MAN. UNITED | 8 | 6 | 1 | 1 | 17-5 | 19 |
| CHELSEA | 8 | 6 | 1 | 1 | 13-4 | 19 |
| BOLTON | 8 | 5 | 2 | 1 | 9-4 | 17 |
| PORTSMOUTH | 8 | 5 | 1 | 2 | 12-3 | 16 |
| ARSENAL | 7 | 4 | 2 | 1 | 11-4 | 14 |
| ASTON VILLA | 8 | 3 | 5 | 0 | 10-5 | 14 |

Ítalska úrvalsdeildin

| | |
|--|-----|
| ASCOLI-LIVORNO | 0-2 |
| 0-1 Danilevicus (23.), 0-2 Filippini (63.). | |
| EMPOLI-FIORENTINA | 1-2 |
| 1-0 Matteini (29.), 1-1 Mutu (67.), 1-2 Toni (77.). | |
| INTER MILAN-CATANIA | 2-1 |
| 0-1 Marcará (16.), 1-1 Stankovic (29.), 2-1 Stankovic (76.). | |
| PALERMO-ATALANTA | 2-3 |
| 0-1 Doni (14.), 1-1 Bresciano (18.), 1-2 Rivalta (31.), 2-2 Corini, víti (45.), 2-3 Tissone (56.). | |
| PARMA-UDINESE | 0-3 |
| 0-1 Muntari (8.), 0-2 laquinta, víti (11.), 0-3 laquinta (66.). | |
| REGGINA-ROMA | 1-0 |
| 1-0 Amoruso (47.). | |
| TORINO-CHIEVO | 1-0 |
| 1-0 Stellone (48.). | |
| LAZIO-CAGLIARI | 0-0 |

STADA EFSTU LIDA:

| | | | | | | |
|---------|---|---|---|---|-------|----|
| INTER | 6 | 4 | 2 | 0 | 12-8 | 14 |
| AS ROMA | 6 | 4 | 0 | 2 | 10-3 | 12 |
| PALERMO | 6 | 4 | 0 | 2 | 14-12 | 12 |
| UDINESE | 6 | 3 | 2 | 1 | 9-4 | 11 |
| SIENA | 6 | 3 | 2 | 1 | 8-6 | 11 |

Þýska úrvalsdeildin

| | |
|--------------------|-----|
| COTTBUS-DORTMUND | 2-3 |
| NURNBERG-BIELEFELD | 1-1 |

Eiður Smári var í byrjunarliði Barcelona sem lagði Sevilla á heimavelli:

Börsungar einir á toppnum

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona sem lagði Sevilla að velli í spænsku úrvalsdeildinni í gær, 3-1. Leikur var því miður ekki í beinni útsendingu á Sýn vegna deilna Sevilla um sjónvarpsrétt á leikjum félagsins en hvergi í heiminum var hægt að sjá leikinn í beinni útsendingu í sjónvarpi. Það voru ekki amalegir leikmenn sem léku við hlíð Eiðs Smára í framlínu Barcelona, en það voru þeir Ronaldinho og Lionel Messi.

Ronaldinho kom Barcelona yfir með marki úr vítaspyrnu á 28. mínútu. Frederic Kanoute jafnaði leikinn fyrir Sevilla með marki á

37. mínútu en Adam var ekki lengi í Paradís því tveimur mínútum síðar kom Ronaldinho Barcelona aftur yfir og þannig stóðu leikar í hálfleik.

Lionel Messi skoraði þriðja mark Barcelona þegar tíu mínútur voru eftir af leiknum og þar við sat, 3-1 sigur Barcelona staðreynd. Eiði Smára var skipt út af þegar sjö mínútur voru eftir og í hans stað kom Argentínumaðurinn Javier Saviola, en þeir tveir bitast um sæti í liðinu í fjarveru Samuel Eto'o sem er meiddur.

Barcelona situr því eitt á toppi deildarinnar þar sem Valencia tapaði sínum leik í gær.



EIÐUR SMÁRI Er hér í baráttu við Javi Navarro, leikmann Sevilla, í leik Barcelona gegn Sevilla í gær. Eiður náði ekki að skora í leiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Afríka á marga af mestu markaskorurum Evrópu

Þjóðir frá Afríku hafa ekki náð langt á HM í knattspyrnu en hver veit nema þar verði breyting á í framtíðinni því árangur leikmanna þaðan er áhugaverður.

FÓTBOLTI Knattspyrna er vinsælasta íþrótt í heimi og þær þjóðir sem hafa staðið í fremstu röð í íþróttinni koma flestar ef ekki allar frá tveimur heimsálfum, Evrópu og Suður-Afríku. Engin þjóð utan þessara heimsálfa hefur til að mynda unnið Heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu. Það vekur því athygli manna þegar litíð er á markahæstu leikmenn víðsvegar um Evrópu, hve margir leikmannanna koma frá Afríku.

Á Englandi hefur afrískum knattspyrnumönnum fjölgað ört síðustu ár og markahæsti leikmaður deildarinnar er enginn annar en Nígeríumaðurinn Kanu, sem leikur með Portsmouth. Kanu var með lausan sanning í sumar og flestir töldu að hann ætti ekki mikið eftir en Harry Redknapp, framkvæmdastjóri Portsmouth, hefur blási nýju lífi í feril leikmannsins, sem hefur skorað sex mörk í deildinni. Einn heitasti sóknarmaður ensku deildarinnar er Didier Drogba, leikmaður Chelsea, en hann kemur frá Filabeinsströndinni. Drogba hefur skorað samtals átta mörk í öllum keppnum og skyggt á félagi sinn í framlínu Chelsea, Andei Shevchenko, sem var keyptur á metfé frá AC Milan í sumar. Auk þessara sóknarmanna hefur Suður-Afríkumaðurinn Benni McCarthy skorað



MARKAHÆSTU Á ENGLANDI Kanu hefur farið á kostum eftir að hann gekk í raðir Portsmouth og er markahæsti leikmaðurinn í úrvalsdeildinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

fjögur mörk fyrir Blackburn og hann skoraði m.a. markið gegn Liverpool á laugardaginn.

Á Spáni þarf Eiður Smári að kljást við einn besta sóknarmann í heimi um sæti í liði Barcelona, en það er Samuel Eto'o frá Kamerún. Eto'o er að vísu meiddur þessa dagana en fyrir meiðslin náði hann að skora fjögur deildarmörk og er markahæstur ásamt öðrum Afríkumanni, Frederic Kanoute. Kanoute er fæddur í Frakklandi en leikur fyrir landslið Malí, þar sem foreldrar hans eru þaðan.

Í Frakklandi hafa margir Afrískir leikmenn fengið tækifæri og slegið í gegn. Þegar þetta er ritað eru tveir leikmenn á meðal fjögurra markahæstu leikmanna deildarinnar frá Afríku. Þeir leikmenn sem um ræðir eru Aruna Dindane frá Filabeinsströndinni, sem leikur með Lens, og Nígeríu-

maðurinn Peter Odemwingie, leikmaður Lille. Þeir hafa skorað fimm mörk hvor fyrir félög sín.

Uptalningunni er ekki lokið því í Þýskalandi er enn einn sóknarmaðurinn frá Filabeinsströndinni að slá í gegn. Það er Boubacar Sanogo, leikmaður Hamburg, en hann hefur skorað fjögur mörk í deildinni og er markahæstur. Sanogo skoraði einnig eina mark Hamburg gegn Arsenal í Meistaradeild Evrópu.

Það er því ljóst að nýráðinn þjálfari Filabeinsstrandarinnar, Þjóðverjinn Uli Stielike, hefur úr vöndu að velja þegar hann þarf að velja landslið sitt. Næsta heimsmeistarakeppni í knattspyrnu fer fram í Suður-Afríku og nú er bara spurningin hvort einhver Afríkubjóð nær árangri með allan þann efnivið sem fyrir er í álfunni.

dagur@frettabladid.is

Nokkrir Íslendingar voru í sviðsljósinu með liðum sínum í Noregi í gær:

Veigar Páll var á skotskónum

FÓTBOLTI Sex leikir fóru fram í norsku úrvalsdeildinni í gær en senn liður að lokum leiktíðarinnar þar í landi. Nokkur Íslendingalið eru í harðri fallbaráttu og spennan er ekki síðri á toppi deildarinnar. Sjö Íslendingar voru í sviðsljósinu með sínum liðum í gær.

Veigar Páll og félagar hans í Stabæk gerðu jafntefli við Start, félag Jóhannesar Harðarsonar, 2-2. Ekki er langt síðan Veigar Páll lá veikur á sjúkrahúsi hér á landi en hann var mættur í byrjunarliði Stabæk og skoraði fyrra mark liðsins undir lok fyrri hálfleiks.

Jóhannes Harðarson á enn við meiðslu að stríða og lék ekki með Start í gær.

Íslendingaliðin Molde og Välerenga mættust í gær og þar fóru Árni Gautur og félagar hans í Välerenga með sigur af hólmi, 3-0. Marel Baldvinsson var í byrjunarliði Molde en var skipt út af þegar 23. mínútur voru eftir af leiknum, en Árni Gautur stóð í marki Välerenga í leiknum. Tapið skilur Molde eftir í fallsæti en Välerenga er í þægilegri stöðu, rétt fyrir ofan miðja deild.

Birkir Bjarnason kom inn á sem varamaður í liði Viking á

lokamínútnum þegar Viking lagði Odd Grenland af velli á útivelli, 1-0.

Lyn vann leikinn Brann 2-0, þar sem Stefán Gíslason lagði upp fyrra mark Lyn í leiknum. Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason voru á sínum stað í miðju varnarinnar hjá Brann en Ármann Smári sat á bekknum. Indriði Sigurðsson var ekki í leikmannahópi Lyn í leiknum. Tapið var dýrkeypt fyrir Brann sem er í öðru sæti deildarinnar, tveimur stigum á eftir Rosenborg.

- dsd

Eiður Smári Guðjohnsen: Upplýsir Ríkjaard um Chelsea

FÓTBOLTI Landsliðsforirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen hefur verið duglegur við að segja þjálfara sínum Frank Rijkaard allt um Chelsea, en þessi lið mætast í Meistaradeild Evrópu á miðvikudaginn.

„Ég er búinn að gefa Rijkaard nokkur góð ráð varðandi leikaðferð Chelsea og leikmennina. Ég var hjá Chelsea í sex ár og veit margt um leikmenn liðsins, bæði styrkleika þeirra og veikleika. Ég hef líka verið að segja Rijkaard ýmislegt um leyndarmálin hans Mourinho, t.d. frá sérstökum aðferðum sem Mourinho beitti á æfingasvæðinu til að sigrá Barcelona síðast þegar liðin mættust,“ sagði Eiður Smári.

- dsd



ALGENG SJÓN Í LEIKNUM Læknar Chelsea eru hér að huga að Petr Cech. NORDIC PHOTOS/GETTY

Markverðir Chelsea:

Petr Cech fór í aðgerð

FÓTBOLTI Sá sjaldgæfi atburður átti sér stað í leik Reading og Chelsea á laugardaginn að báðir markverðir Chelsea þurftu að yfirgefa völlinn meiddir. Fyrst fór Petr Cech af velli, alvarlega meiddur eftir árekstur við Stephen Hunt, og undir lok leiksins þurfti varamarkvörðurinn Carlo Cudicini einnig að fara meiddur af velli.

Báðir markverðirnir hlutu þung höfuðhögg og voru fluttir á sjúkrahús. Cudicini var útskrifaður af sjúkrahúsinu síðar sama dag en Cech gisti nóttina á sjúkrahúsinu og gekkst undir aðgerð í gær. Búist er við því að þriðji markvörður liðsins, Portúgalinn Hilarjo, muni standa á milli stanganna í leik Chelsea og Barcelona á miðvikudaginn.

- dsd

Wayne Rooney:

Farinn að ræða nýjan samning

FÓTBOLTI Enski landsliðsmaðurinn Wayne Rooney er farinn að ræða við forráðamann Manchester United um nýjan samning. Núverandi samningur Rooneys rennur ekki út fyrr en eftir fjögur ár en þrátt fyrir það vill enska félagið gera nýjan sem myndi koma honum í hóp meðal launahæstu manna í sögu félagsins.

Rooney hefur legið undir talsverðri gagnrýni það sem af er tímabili fyrir frammistöðu sína á völlum.

- egm

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„I ain't got time to bleed.“

Svar: Blain (Jesse Ventura) úr mynd-
inni Predator frá 1987.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON LEYSIR VANDANN Í SJÓNVARPI

Hættum að reykja og skilja

Sjónvarpið hefur lengi verið einn helsti afþreyingarmiðill heimilisins. Hjálpartæki þreyttra foreldra undan brjáluðum börnum sem krefjast mikillar athygli og geta sloppið nokkuð ódyrt með einu stykki af barnatíma. Setjast þá jafnan við eldhúsbörðið, andvarpa, glugga aðeins í blöðin og reyna að finna eitthvað skemmtilegt í imbakassanum til að halda þessari undarlegu heiladaudu kyrrð en fara síðan að hafa til heitan mat og setja á Gufuna til að ná hjartslættinum niður eftir erfiðan dag, eða svo skilst mér.

Á undanförunum árum hefur það orðið til síðs að sjónvarpið veiti fólki ráð við margvíslegum erfiðleikum. Dr. Phil hefur ósjaldan bjargað Kananum frá glötun með einföldum úrlausnum á annars afar flóknum atriðum. „Hættu að borða sykurl“, sagði hann við of feita stúlku sem var gráti næst enda svo þéttvaxin að hún komst varla fyrir í stólinum. „Doktorinn“, eins og hann er jafnan nefndur heima fyrir, er spröttinn upp

úr öðrum og ekki síður miklum sjálfshjálparþætti, sjónvarpsþætti Oprah Winfrey sem ósjaldan hefur leitt samlanda sína af villu vegar með góðum ráðum.

Íslendingar virðast ætla að apa upp þessa sálfræði að sjónvarpið geti hjálpað áhorfendum í nauð. Nú á að kenna landanum að losna úr viðjum níkótínsins og nota „frægt“ fólk til að trekkja að áhorfendur. Þótt reykingar séu vissulega mikið heilbrigðisvandamál bendir allt til þess að fleiri skilji við maka sinn fyrir litlar sakir en kveiki sér í einum nagla úti á svölum. Því væri ekki úr vegi að fá prest eða sálfræðing til að kenna þjóðinni að vera gift með liðsinni fræga fólksins, þáttur sem vafalítið myndi hitta í mark hjá þeim fjórutíu prósentum hjóna sem nota sjónvarpið til að drepa niður allar óviðurkvæmlegar umræður.


DÓRHALLUR HEIMISSON Væri tilvalinn til að kenna Íslendingum hvernig á að lifa í hjónabandi í nútíma-þjóðfélagi.



▶ 21.15

Spenna

CRIMINAL MINDS



▶ 22.20

Fréttaskýringar


60 MÍNÚTUR



▶ 20.30

Gaman


MY NAME IS EARL



▶ 22.00

Spenna

LAW & ORDER



▶ 21.30

Knattspyrna

SPENSKU MÖRKIN

2 SJÓNVARPIÐ

15.45 Helgarsportíð 16.10 Ensku mörkin (7:32) 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Alda og Bára (20:26) 18.08 Bú! (9:26) 18.16 Lubbi læknir (32:52)

18.30 Vistaskipti (20:26) (Foreign Exchange) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós

20.20 Lífið fyrir fæðingu (1:2) (Life Before Birth) Bresk fræðslumynd í tveimur hlutum um þróun fósturs í móðurkviði.

▶ 21.15 Glæpahneigð (14:22) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsvait lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

22.00 Tíufréttir

22.25 Ensku mörkin (7:32) Sýndir verða valdir kaflar úr leikjum síðustu umferðar í enska fótboltanum. e.

23.20 Spaugstofan (4:29) 23.45 Kastljós 0.30 Dagskrárlök

SKJÁR SPORT

14.00 Middlesbrough – Everton (e) Frá 14.10 16.00 Newcastle – Bolton (e) Frá 15.10 18.00 Prumuskot

18.50 Fulham – Charlton (b)

21.00 Að leikslokum

22.00 Prumuskot (e) Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd.

23.00 Fulham – Charlton (e) 1.00 Dagskrárlök

2

6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah (110:145) 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.05 Commander In Chief (3:18) 12.00 Hádegisfréttir 12.40 Neighbours 13.05 Í finu formi 2005 13.20 Harry Potter and the Philosopher's Stone 15.45 Listen Up (2:22) 16.10 Skrímslaspiðið 16.30 Titeuf 16.55 Gínger segir frá 17.20 Smá skrítnir foreldrar 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.40 The Simpsons (19:22)

20.05 Extreme Makeover: Home Edition (13:25) Líðið byggir nýtt heimili fyrir hinn 17 ára gamla Jhnyve Sears og fjölskyldu hans í Kaliforníu en hann er nýkominn heim af spítala eftir að hafa gengist undir erfiða meðferð vegna Krabbé taugasjúkdómsins sem hefur hrjád hann. Læknar höfðu úrskurðað gamla húsið óíbúðarhæft fyrir svo veikan dreng en þá kemur til kasta Ty og félaga. Leyfð öllum aldurshópum.

20.50 Related (16:18) (Systrabönd)

21.35 Crossing Jordan (Réttarlæknirinn)

▶ 22.20 60 mínútur (60 Minutes)

23.05 Call Me: The Rise and Fall of Heidi Fleiss 0.30 The Inside (St. B. Böm.) 1.15 NCIS (B. Böm.) 2.00 Inspector Linley Mysteries 2.45 The Salton Sea (St. b. böm.) 4.25 Crossing Jordan (B. böm.) 5.10 Fréttir og Ísland í dag 6.20 Tónlistarmyndbönd

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

17.00 Nýtt í vikunni 18.00 Spánareignir

19.00 Fjölbýli og hæðir (e)

20.00 Nýtt í vikunni

21.00 Einbýlishús

22.00 Fjölbýli og hæðir

23.00 Nýtt í vikunni (e) 0.00 SMS eignir

SIRKUS TV

18.00 Insider (e)

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Seinfeld (5:24) (The Hottub) Jerry, George, Elaine og Kramer halda upp-teknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.

20.00 Entertainment Tonight

▶ 20.30 My Name is Earl (Dad's Car)

21.00 Tekinn Skemmtikrafturinn og sjónvarpsstjarnan Auðunn Blöndal stjórna þættinum Tekinn, þætti sem er í anda Punk'd með Ashton Kutcher. Auði hrekkir þjóðþekta einstaklinga og tekur allt saman upp á faldar myndavélar

21.30 So You Think You Can Dance 2 Dansinn hefst á ný...

23.00 So You Think You Can Dance 2 0.00 Weeds (e) 0.30 Insider 0.55 24 (11:24) (e) 1.40 24 (12:24) (e) 2.25 Seinfeld (5:24) 2.50 Entertainment Tonight (e)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 15.55 Game tívi (e) 16.20 Beverly Hills 90210 17.05 Dr. Phil

18.00 6 til sjö

19.00 Melrose Place

19.45 Trailer Park Boys (e)

20.10 Surface Dramatískir ævintýraþættir um lífið í dimmu djúpinu og ófreskur sem þar búa. Laura og Rich koma aftur upp á yfirborðið eftir að hafa verið fóst á hafsbötni en þeirra býður annað sjökk. Savannah óttast að Nimrod sé ástæðan fyrir því að Miles endar á spítala.

21.00 Survivor: Cook Islands

▶ 22.00 Law & Order Fræg hornboltastjarna er grunuð um morð á bílstjóra limmósínu eftir að í ljós kemur að bílstjórinn útvegaði leikmanninum stera.

22.50 Jay Leno

23.35 C.S.I.: New York (e) 0.25 Casino (e) 1.15 Beverly Hills 90210 (e) 2.00 Melrose Place (e) 2.45 Östöðvandi tónlist

SYN besta sætið

16.35 NFL – ameríska ruðningsdeildin

18.35 Meistaradeild Evrópu í handbol (Sandefjord – Fram).

19.50 Spænski boltinn (Real Betis – Deportivo)

▶ 21.30 Spænsku mörkin Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrífir og umdeildu atvikin.

22.00 Ensku mörkin Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

22.30 KF Nörd (7:15) (Fjölmíðlafar í Borgar-nesi)

23.15 Heimsmótaröðin í Póker

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 14.00 15.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 17.00 Sexiest Red Carpet Divas 18.00 E! News Weekend 19.00 Snoop Dogg THS 20.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 21.00 Sexiest Red Carpet Divas 22.00 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Naked Wild On 0.00 Snoop Dogg THS 1.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 2.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE



VAKNAÐU VEL MEÐ ÍSLANDI Í BÍTIÐ
Alla virka daga frá 7 - 9



VIÐ MÆLUM MEÐ

X-ÍÐ 977 KL. 20.00

Airwaves á X-inu 977

Í tilefni af Airwaves-hátíðinni stórfenglegu verður Útvarpsþátturinn Frank með sérstaka þætti tengda hátíðinni. Yfir tíu viðtöl við erlenda listamenn á hátíðinni verða spiluð í þáttunum, þar á meðal við Wolf Parade, Kaiser Chiefs, Brazilian Girls, Datarock, Islands og Mates of State. Fjöldinn allur af íslenskum tónlistarmönnum ætla einnig að kíkja í heimsókn og má þar til dæmis nefna að Mínus, Benni Hemm Hemm, Reykjavík! (sem ætla að gefa sérstakan disk með afar fágætu efni), Skátar, Future Future, Hairdoctor og Egill Sæbjörnsson munu mæta á svæðið og frumflytja nýtt efni. Fyrir hlustendur má einnig benda á að heill haugur af geisladiskum verður gefinn meðan þátturinn standa yfir, bæði með erlendum og innlendum listamönnum, og þar á meðal sjálfur Airwaves-diskurinn.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 3 | 2 | 9 | 1 | 6 | 8 | 7 |
| 1 | 8 | 9 | 4 | 7 | 6 | 5 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 |
| 2 | 6 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 5 | 9 |
| 7 | 9 | 4 | 8 | 2 | 5 | 3 | 1 | 6 |
| 3 | 1 | 5 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 8 |
| 5 | 7 | 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 8 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 2 | 6 | 1 | 9 | 7 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 4 | | | | |
| | | 7 | | | 2 | 3 | | |
| 4 | 3 | | 8 | | | 2 | | |
| | | | 1 | 6 | | | | |
| | | 8 | | | | | 7 | |
| | | | | 3 | 8 | | | |
| | | 1 | | | 5 | | 2 | 9 |
| | 9 | 6 | | | | 1 | | |
| | | | | 8 | | | | 4 |



► 20.00
Drama

LADDER 49

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Ladder 49 (Bönnuð börnum) 8.00 Ronja ræningjadóttir 10.05 On the Line

12.00 Liar Liar 14.00 Ronja ræningjadóttir 16.05 On the Line 18.00 Liar Liar

► 20.00 Ladder 49 (Barist við elda) 2004. Bönnuð börnum.

22.00 The Fan (Aðdáandinn) Gil Renard (Robert De Niro) lifir fyrir uppáhaldsliðið sitt í hafnaboltanum. Það er honum því mikið gleðiefni þegar stórstjarnan Bobby Rayburn gengur til liðs við það. Bobby vegnar ekki sem skyldi en Gil er reiðubúinn að gera hvað sem er til þess að hann nái sér á strik. 1996. Stranglega bönnuð börnum.

0.00 Quigley Down Under (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Barbershop (Bönnuð börnum) 4.00 The Fan (Stranglega bönnuð börnum)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vít og breitt 14.03 Útvarpsagan: Lygasaga 14.30 Miðdegistónar 15.03 Krossgötur 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.10 Söngvamálið 21.00 Heimurinn okkar 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Úr tónlistarlífinu: Norrænir músikdagur

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.45 Morgunútvarp Rásar 2 9.03 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 20.30 Konsert með Suede 22.10 Skipt um gir 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bitið 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis


18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-íð / Enginn viðbjóður

STÆRSTA ÁHORFSKÖNNUN SIRKUS FRÁ UPPHAFI

Um 60 þús. manns á aldrinum 12 - 39 ára horfa á Sirkus í hverri viku Skv. nýrri dagbókarkönnun Capacent Gallup




Ástæðan er einföld - dagskráin okkar hefur aldrei verið sterkari



Tekinn



So You Think You Can Dance



My Name is Earl



Rescue Me



Vanished



SIRKUS TV



... fær Stefán Karl Stefánsson sem kemur fram í nýrri stórmmynd með Owen Wilson og Ben Stiller.

Börn fá góða dóma í Variety

Kvikmyndin Börn fær mjög góða dóma hjá hinu virta kvikmynda-tímariti Variety en það hefur oft verið nefnt bíbla kvikmyndagerðarmannsins. Gagnrýnandinn Gunnar Rehlin er mjög ánægður með svart/hvíta litinn og segir Reykjavík aldrei hafa verið sýnda á þennan hátt. Þegar Fréttablaðið hafði uppi á Ragnari Bragasyni, leikstjóra myndarinnar, hafði hann vitað af þessum dómi í þó nokkurn tíma en sagðist vera ánægður að fá hann loksins birtan. „Neikvæðir dómur í Variety hafa oft haft slæm áhrif á sölu mynda og því er fínt að þessi dómur

er frá,“ segir Ragnar, sem sat á flugvellinum í Frankfurt og beið eftir flugvél til Suður-Kóreu þar sem Börn verða sýnd á einni stærstu kvikmyndahátíð Asíu í Kuzam. „Eftu tíma flug, hvorki meira né minna. Ég verð bara að drekka nokkra bjóra, lesa tvær bækur og sem betur fer á ég auðvelt með að sofa í flugvélum,“ segir Ragnar en Börn verða sýnd þrisvar á háttíðinni.

RAGNAR BRAGASON Börn og Fullorðnir verða hvor-ug fánleg á myndbandaleigum en verða gefnar út í veglegum DVD-pakka.



Síðustu forvöð eru nú fyrir Íslendinga að sjá þessa rómuðu kvikmynd í bíó og myndin verður ekki fánleg á myndbandaleigum. Ragnar segir að þau hafi ákveðið að sleppa þeim millilið en þess í stað komi út glæsilegur DVD-pakki með öllu tilheyrandi. „Börn og Fullorðnir verða báðar gefnar út í hefðbundnum DVD-útgáfum en svo ætlum við að búa til stóran pakka með áður ósæðum senum, viðtölum og þar fram eftir götunum,“ útskýrir Ragnar en hann segist hafa undir höndunum fimmtíu mínútur af efni sem sé engu síðra en það sem birtist í myndinni. „Þessar senur eru margar hverjar þær flottustu sem við gerðum en hentuðu einfaldlega ekki söguþræðinum,“ segir leikstjórinn.



BÖRN Fengu prýðilega dóma í hinu virta kvikmynda-tímariti Variety.

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

LÁRÉTT 2 ákefð 6 hætta 8 stefna 9 veitt eftirför 11 guð 12 ferðalag 14 góð lykt 16 verslun 17 sæ 18 utan 20 frá 21 vangí.

LÓÐRÉTT 1 þrár 3 hljóta 4 pressa 5 óhreinka 7 ásækni 10 að 13 skilaboð 15 skott 16 tjara 19 ónefndur.

LAUSN

LÖBÉRÉTT: 1 þver, 3 fát, 4 strjúja, 5 áta, 7 áleiti, 10 til, 13 sms, 15 rófa, 16 bík, 20 af, 21 kinn.
LÁRÉTT: 2 ofsa, 6 vát, 8 átt, 9 eik, 11 ra, 12 reisa, 14 illmur, 16 þá, 17 sjó, 18 inn,

Yfir 150.000 gestir daglega

ÞÖNTUNARSÍMI 550 5000
EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Upplýsingar í síma 680 2626
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Lotto

Vinningstölur laugardaginn 14.10.2006

2 8 16 22 34

Einfaldur
1. vinningur næsta laugardag

Bónus tala 23

Jökertölur vikunnar

Jóker 8 5 8 5 5

1. vinningur gekk ekki út

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 11.10.2006

Aðaltölur 19 24 25 37 40 48

Bónustölur Ofurtala 41 43 36

Einfaldur
1. vinningur næsta miðvikudag

Jökertölur vikunnar 4 2 1 3 4

1. vinningur gekk ekki út

Þú ert með fyrvara um prentvillur



VALGEIR UPPTÖKUSTJÓRI Var falið það verkefni á fyrsta degi ferðarinnar að taka upp tónlistarviðurðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VALGEIR SIGURÐSSON: FÓR TIL MALÍ MEÐ DAMON ALBARN

Mikil gleði í fátæku landi

Valgeir Sigurðsson dvaldist í Malí á vegum Damons Albarn í fimm daga í lok september, en hann var einn af tuttugu manna hópi sem Albarn bauð til landsins til að kynna tónlistarhefðum þess. Ferðin var fyrsti liðurinn í verkefni sem ber heitið Africa Express og miðar að því að færa saman tónlistarfólk frá Malí og Vesturlöndum, en Damon Albarn hefur verið ötull talsmaður malískrar tónlistar síðan hann heimsótti landið á vegum góðgerðarsamtakanna Oxfam fyrir sex árum.

„Mér var boðið með í gegnum umboðsmann úti í London sem ég er í samstarfi við. Hann vann með Damon Albarn við að skipuleggja þetta,“ sagði Valgeir, en með



Í PORPINU KELA Valgeir segir móttökur heimamanna hafa verið ótrúlegar, en sum barnanna höfðu aldrei séð hvítan mann áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGEIR SIGURÐSSON

hönunum í för var fríður flokkur tónlistarmanna, svo sem Norman Cook, Martha Wainwright og Scratch úr The Roots, ásamt skipuleggjendum og öðrum sem eru víðriðnir tónlistarheiminn. Valgeir er sjálfur upptökustjóri og hefur meðal annars unnið með Björk og Will Oldham.

Höpurinn sótti heim ýmsar stórstjórnur malískrar tónlistar. „Þetta voru einkatónleikar sem voru settir upp gagnagert fyrir okkur,“ sagði Valgeir. „Bassekou Koyaté bauð okkur inn í stofu til sín og Salif Keita spilaði fyrir okkur á klúbbum sínum. Svo skiptist fólk á að grípa í hljóðfæri með þeim,“ sagði Valgeir, en þeir Koyaté og Keita eru einir færustu tónlistarmenn Malí. Valgeir segir þó ferð hópsins í þorpið Kela standa upp úr, en það er höfuðstöðvar svokallaðs griot. „Í þessu þorpi hefur griot-tónlistarmannahefðin lifað mann fram af manni í sex hundruð ár,“ sagði Valgeir. „Þetta var ótrúlega merkilegt og þorpið allt mjög frumstætt. Þó að Malí sé eitt af fátækustu löndum heims er mjög jákvæð orka og mikil gleði í fólkinu, við fengum alveg ofboðslega hlýjar móttökur,“ sagði hann.

Valgeir segir hópinn hafa verið sammála um að ferðin hefði verið

framár öllum vonum. „Maður vissi svo sem ekki hverju maður átti von á. En þetta hreyfði allt mjög mikið við manni,“ sagði hann. „Ég var búinn að afgreiða svona heims-tónlist fyrir nokkuð mörgum árum, en þessi ferð gaf henni dálítið nýtt líf. Þetta var allt öðruvísi í svona mikilli nálægð,“ sagði Valgeir.

Damon Albarn fól Valgeiri hlutverk upptökustjóra í ferðinni og hann tók upp alla tónleika sem hópurinn sótti. „Ég er nú ekki búinn að hlusta í gegnum þetta, og þetta miðaði svo sem ekkert að útgáfu,“ sagði hann. „Það gæti vel verið eitthvað þarna sem er vert að gefa út, en ég veit ekkert hvað verður,“ sagði Valgeir, en kvikmyndaökulið var einnig með í för svo von gæti verið á heimildarmynd um ævin-týrið.

sunna@frettabladid.is



DAMON ALBARN Heillaðist af malískri tónlist fyrir sex árum og hefur verið ötull við að kynna hana síðan.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Enn bíða menn eftir því, innan sem utan útvarpshúss, að Páll Magnússon útvarpsstjóri láti til sín taka. Það sem af er hefur Páll verið með ólíkindum atkvæðalitill og hafa til dæmis þeir sem vinna við Rás 1 og 2 varla séð manninn. Víst er að til dæmis sjónvarpsþulurnar, sem eru barn síns tíma, eru ánægðar með aðgerðalitinn Pál því þær hljóta að vera í hættu í væntanlegum niðurskurði. Hugsanlega heldur Páll að sér höndum og bíður afgreiðslu frumvarps um RÚV á þingi. Einn er þó sá þáttur sem hann lætur sig miklu varða og er það Kastljósið sem nýtur fulltingis Páls, verndar hans og athygli.



Ferill Heiðars Jónssonar snýrtis sem veðurfréttamaður á NFS varð ekki langur. Heiðar var nýmættur til starfa þegar stöðinni var lokað og því varð hann að finna sér nýjan starfsvettvang. DV greinir frá því fyrir helgi að hann hafi ákveðið að róa á algerlega ný mið, hafi ráðið sig til starfa við vefsíðugærd hjá hugbúnaðarfrirtæki.

Heiðar fékkst hins vegar ekki til að tjá sig um eðli starfsins eða hjá hvaða frirtæki hann starfar.

Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal sló rækilega í gegn í liðinni viku með fyrsta þættinum af Tekinn á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Leikkonan Halla Vilhjálmstöttir var fyrsta fórnarlambið og á næstu vikum munu fjölmargir þekktir einstaklingar verða teknir fyrir. Sú saga gengur nú manna á milli að þvert á yfirlýsingar stjórnanda þáttarins hafi hann síður en svo lokið sér af við að hrekka fræga fólk. Enn eigi eftir að taka upp að minnsta kosti einn þátt svo víst má telja að þjóðþekktir einstaklingar verði vel á varðbergi á næstunni.

- jbg/hdm



Myndin um Sigur Rós á hvíta tjaldið

Kvikmyndafrirtækið True North vinnur nú hörðum höndum að því að flokka það mikla magn myndefnis sem náðist á tónleikaferð Sigur Rósar um landið nú í sumar. Um sextíu manns koma að gerð myndarinnar og segir Finnur Jóhannsson hjá True North að verkið þokist í rétta átt. „Þetta gengur mjög vel og er allt í góðri vinnslu,“ segir Finnur og staðfestir jafnframt að mikill áhugi sé erlendis á þessari mynd. Tónleikaferð hljómsveitarinnar vakti verðskuldaða athygi enda spilaði sveitin á stöðum þar sem jafnan hefur ekki verið mikið um tónleikahald. Finnur vildi hins vegar

ekki upplýsa frá hvaða löndum áhuginn væri mestur og sagði málið einfaldlega ekki komið á það stig.

Finnur staðfesti hins vegar að heimildarmyndin myndi rata á hvíta tjaldið, sem hlýtur að teljast mikið gleðiefni, og verður eflaust mögnuð sjón að sjá hljómsveitina spila á stöðum eins og Ásbyrgi eða á Miklatúni í kvikmyndahúsum borgarinnar. Finnur vildi ekkert gefa upp um kostnað á myndinni en miðað við þann fjölda sem vinnur að gerð hennar og umfangið má reikna með að kostnaðurinn sé í kringum átta tíu milljónir.



MIKIL EFTIRVÆNTING Kvikmyndafrirtækið um Sigur Rós er beðið með mikilli eftirvæntingu en hún verður væntanlega sýnd í öllum betri kvikmyndahúsum landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

BUBBI

- er mættur í Skífunna



Afmælistónleikar Bubba Morthens
ásamt Egó, GCD, MX-21, Utangarðsmönnum,
Das Kapital og Stríði og Friði á tveimur geislaplötum
og DVD fullum af frábæru aukafni



Upplifðu þessa mögnuðu
tónleika á DVD og CD!



skemmtir þér ;)

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Skilagjaldið er
10 krónur



ENDURVINNSLAN HF
Knarrarvogi 4, Rvk.



ÞRÁINN BERTELSSONAR

ÞRÁINN BERTELSSONAR

Einkavæðum Fríkirkjuveginn!

Í hinni hressu, nýju veröld okkar þar sem einungis lúserar hafa ekki náð að þéna milljarð fyrir þrítugt er ekki hægt að þverfóta fyrir sægreifum, forstjórum, bankastjórum, fjárfestum og kjölfjárfestum. Nýjasta viðbótin er maður sem breskir fjölmiðlar nefna kexbaróninn, en sá góði maður öðlaðist sína 15 mínútna frægð með því að láta í ljósi löngun til að kaupa sér fótboltafélag.

AUÐVITAÐ nagar öfundin mann eins og kekköku þegar maður sér hvað það er glatt á hjalla hjá milljarðamæringunum; mannleg náttúra er nú einu sinni þannig að flest er hægt að þola nema velgengni annarra. Víkur nú sögunni niður á Fríkirkjuveg 11 að litlu timburhöllinni sem athafnaskáldið Thor Jensen byggði einhvern tímann milli gjaldþrota.

NÚ er svo komið að afkomandi Jensens gamla er kominn í hóp kynþokkafyllstu milljarðamæringa í heimi, að sögn erlendrar tímarita. Fyrir utan kynþokkann og krónurnar er þessi fagri auðkýfingur svo hjartagóður að hann lánar fyrrverandi og núverandi þjóðhöfðingjum einkaþotuna sína fremur en láta þá ferðast á putt anum.

HINN kynþokkafylli afkomandi ku vilja kaupa hús gamla Jensens, Fríkirkjuveg 11, en húsið mun vera í eigu almennings. Um þetta eru skiptar skoðanir. Sumir hafa horn í síðu milljarðamæringa og vilja mismuna þeim. Það er vitanlega einelti. Aðrir vilja leyfa þeim að sitja við sama borð og venjulegir fátæklingar. Ég tilheyrir seinni hópnum og vil að Fríkirkjuvegur 11 verði einkavæddur hið snarasta og að sérstök einkavæðingarnefnd verði skipuð til að sjá um framkvæmdina. Sömu reglur eiga að gilda fyrir alla og þess vegna á einkavæðingarnefndin að ákveða hvaða kjölfestufjárfestar séu nægilega vinveittir stjórnvöldum til að fá að bjóða í húsið. Síðan á nefndin að selja húsið þeim sem lægst býður í það og er kynþokkafyllstur og láta Listasafn ríkisins, Kvinnaskólinn og Tjörnina fylgja með í kaupbæti og gefa síðan afslátt af kaupverðinu. Synir eiga heimtingu á að fá svipaða fyrirgreiðslu og feður, jafnvel þótt þeim standi ekki lengur til boða 100% hús-næðislán í bönkunum.

Farðu út um allt fyrir 2.590.000 kr.

FORESTER **SUBARU**

JÓNSSON & LEWIS • JULI • SÍA

Subaru Forester brúar bil milli tveggja heima. Hann er lipur og léttur í borgarakstri en hefur dráttarkraft á við mun stærri jeppa sem gerir hann óstöðvandi á landsbyggðinni. Sítegt aldrifið tryggir einstakt veggrip og nidurstaðan er jepplingur sem nýtist þér jafnt innan sem utan bæjar. Samt er Forester ódýrasti sjálfskipti jepplingurinn á markaðinum í dag.

SYMMETRICAL **AWD**

Forester **2.590.000,-** Forester PLUS **2.790.000,-** Forester LUX **3.090.000,-**

| | | | | |
|-------------------------|--------------------------------------|---|----------------------------|----------------------|
| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opíð: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00. | | |
| Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464 7940 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |

250.000 kr. Vetrartilboð

Fylgir með á meðan birgðir endast. Upphækkun, heilsársdekk, dráttarveisli og 16" álfelgur.

www.subaru.is

ÓKEYPIS ÍSETNING

2006 línan frá **Pioneer**



Pioneer DEH-1800

4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni • Laus framhlíð • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • Verð **17.900.-**



Pioneer DEHP-4800MP - Spilar MP3/WMA/WAV

Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari • EEQ forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangur • Snúningstakki • Verð **24.900.-**

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 Sími 530 2800 SMÁRALIND Sími 530 2900 KEFLAVÍK Sími 421 1535 AKUREYRI Sími 461 5000